

# SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1985  
REYKJAVÍK 1986

*Setning, prentun, bókkband:*  
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.



## EFNISYFIRLIT

Yfirlit yfir þróun efnahagsmála . . . . .	5
Framleiðsla, tekjur og verðlag . . . . .	13
Utanríkisviðskipti og greiðslujöfnuður . . . . .	21
Fjármál ríkissjóðs . . . . .	32
Peningamál . . . . .	40
Lánamarkaðurinn . . . . .	51
Gengismál . . . . .	58
Erlend mál og samningar . . . . .	61
Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð . . . . .	63
Ýmsir þættir í starfsemi bankans og lagabreytingar . . . . .	68
Annáll peninga- og gjaldeyrismála 1985 . . . . .	80
Töflur (sjá yfirlit á næstu síðu) . . . . .	86
Efnahagur 31. desember 1985 . . . . .	110
Rekstrarreikningur árið 1985 . . . . .	112
Skýringar við ársreikning Seðlabankans 1985 . . . . .	114
Skýringar við ársreikning Ríkisábyrgðasjóðs 1985 . . . . .	117
Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs 31. des. 1985 . . . . .	118
Efnahagsreikningur Seðlabankans 1979–1985 . . . . .	120
Stjórn bankans og starfslið . . . . .	122


## TÖFLUYFIRLIT

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun . . . . .	86
2. tafla. Framlag atvinnugreina til landsframleiðslunnar . . . . .	87
3. tafla. Þjóðarauðurinn . . . . .	87
4. tafla. Fjármunamyndun . . . . .	88
5. tafla. Vísitölur verðlags . . . . .	89
6. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd . . . . .	90
7. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd – Ársfjórðungsyfirlit . . . . .	91
8. tafla. Staða þjóðarbúsins út á við . . . . .	91
9. tafla. Gjalddeyrisstaða bankanna o.fl. . . . .	92
10. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun . . . . .	92
11. tafla. Útflutningur. Skipting á helstu vöruflokka . . . . .	93
12. tafla. Út- og innflutningsverð og viðskiptakjör . . . . .	93
13. tafla. Vísitala meðalgengis erlendra gjaldmiðla . . . . .	93
14. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum . . . . .	94
15. tafla. Yfirlit yfir fjármál rikissjóðs . . . . .	95
16. tafla. Skipting rikistekna eftir tekjustofnum . . . . .	95
17. tafla. Skipting rikisútgjalda eftir málefnaflokkum . . . . .	96
18. tafla. Skipting rikisútgjalda eftir tegundum . . . . .	96
19. tafla. Seðlar og mynt . . . . .	96
20. tafla. Skipting seðla og myntar eftir stærð í árslok . . . . .	97
21. tafla. Ávísanavelta . . . . .	97
22. tafla. Úr peningamálum . . . . .	98
23. tafla. Úr reikningum Seðlabankans . . . . .	99
24. tafla. Innlán og útlán innlánsstofnana . . . . .	100
25. tafla. Lánaflokkun innlánsstofnana . . . . .	101
26. tafla. Samandregið greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða . . . . .	101
27. tafla. Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða . . . . .	102
28. tafla. Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða . . . . .	102
29. tafla. Samandregið greiðsluyfirlit einstakra fjárfestingarlánasjóða 1985 . . . . .	103
30. tafla. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða . . . . .	103
31. tafla. Úr reikningum lánastofnana . . . . .	104
32. tafla. Gengi erlendra gjaldmiðla samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands . . . . .	105
33. tafla. Vextir við banka og sparisjóði, ákveðnir af Seðlabanka Íslands . . . . .	106
34. tafla. Vextir, ákveðnir af bönkum og sparisjóðum . . . . .	107
35. tafla. Vextir við Seðlabanka í % á ári . . . . .	108
36. tafla. Bindiskyldu- og endurkaupahlutföll . . . . .	108

# SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

## I. YFIRLIT YFIR ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

### Megindrættir




### Hagvöxtur með hjöðnun verðbólgu

Efnahagsþróunin á árinu 1985 reyndist á margan hátt áfallalítið framhald þess endurbata, sem hófst árið á undan. Þjóðarframleiðsla jókst um 2,8% og þjóðartekjur um 3,3%, og var aukningin einkum borin uppi af aukningu útflutningsframleiðslu. Viðskiptahalli út á við varð 4,3% af landsframleiðslu, lítið eitt minni en árið áður, en þó nokkru meiri metinn eftir grundvallaratriðum. Einmuna mikill halli á ríkis-sjóði ásamt hliðstæðri skuldasöfnun erlendis reyndist helsti þensluvakinn. Verðbólga reis mjög hátt í ársbyrjun í kjölfar kjarasamninga og gengislækkunar undir lok ársins á undan og magnaðist aftur nokkuð við kjarasamninga um mitt árið. Verðtrygging og sveigjanleg innlánskjör leiddu ásamt þenslunni til mikillar innlánaaukningar og hækkaðs hlutfalls þeirra af þjóðartekjum, jafnframt því sem tókst að hemja útlánaaukningu innan verðbólgu marka. Mikil skipulagsbreyting varð í peningamálum með afnámi endurkaupa afurðalána og lækkun innlánsbindingar.

Á alþjóðavettvangi markaði árið 1985 að ýmsu leyti veigamikil skil í hagþróun og beitingu hagstjórnartækja. Fremur jafn og hægfara hagvöxtur veitti færi á að hægja enn á verðbólgu, færa gengi gjaldmiðla til betra samræmis, lækka vexti og jafna þá nokkuð og auka frjálsræði á lána- og gjaldeyrismörkuðum. Hins vegar hefur lítið þokast til bættis jafnaðar í ríkisbúskap og utanríkisviðskiptum þjóða, og mörg þróunarlönd áttu erfitt uppdráttar.

Hagvöxtur vestrænna iðnríkja hefur nú staðið í þrjú ár, 1983–85, eftir jafnlangt skeið tiltölulegrar stöðunar eða beins samdráttar, 1980–82. Hagvöxtur OECD-svæðisins í heild hægðist verulega, úr 4,7% 1984 í 2,7%, og hvarf þannig næstum til sömu tölu og 1983. Forustan féll nú úr hendi Bandaríkjanna, sem náðu aðeins um þriðjungu hagvaxtar fyrra árs, til Japans, sem hélt 4,3% hagvexti, jöfnum við meðaltal síðustu 7 ára, en þar hefur hagvöxtur verið sérstaklega jafn



yfir árabíl. Lítil breyting varð á hagvexti Evrópulanda, sem varð hinn sami og Bandaríkjanna, 2,3%, en vöxtur hefur lengi verið tregur í Evrópu. Að meðaltali síðustu sjö ára, 1979–85, sem eru u.þ.b. ein hagsveifla, var hagvöxtur Bandaríkjanna 2,2%, Japans 4,3%, OECD-landa Evrópu 1,6% og OECD-landanna í heild 2,3%.

Einn markverðasti árangurinn í hagþróun síðustu ára er sá, að verðbólga hefur haldið áfram að hjaðna samhliða endurbatanum, og ekki síður þar sem hann hefur verið öflugastur. Með 3,2% verðbólgu í Bandaríkjunum, 2,2% í Japan, 2,0% í Þýskalandi og 4,8% í OECD-löndunum í heild er verðbólgan komin aftur til sama stigs og á sjöunda tugnum eða fyrir hina miklu verðbólguþylgju síðasta hálfis annars áratugar. Þrátt kaupkröfuhneigð í mörgum Evrópulöndum, einkum hinum smærri og efnahagslega veikari, olli því, að verðbólga var þar enn 7,3% að meðaltali eða verulega meiri en á sjöunda tugnum, en áfram hjaðnandi. Einnig í öðrum heimshlutum hafa viðhorfin snúist mjög ákveðið gegn verðbólgu og til róttækra aðgerða verið gripið í viðureign við hana.

## Atvinna

Þrátt fyrir hægari hagvöxt hefur atvinnuástand haldið áfram að batna í Bandaríkjunum með 7,2% atvinnuleysi á móti 9,7% 1982 og eilítið í Japan, 2,6% á móti 2,7% árið áður. Hins vegar hefur endurbatinn í Evrópu enn reynst of veikur á móti framleiðniaukningu og hagræðingu vegna harðnandi samkeppni til þess að stöðva áframhaldandi aukningu atvinnuleysis frá síðustu efnahagslægd. Var það komið í 11% 1985 úr 6,2% 1979, en aukningin er mjög að hægjast, úr 10,7% 1984. Aðeins örfá Evrópulönd eru undantekning frá þessu slaka atvinnuástandi. Milli sterkrar kaupkröfuhneigðar, tregrar eftirspurnar og hagvaxtar og lélegs atvinnuástands ríkir flókið samband, og hafa Evrópuþjóðirnar glímt um árabíl við að losna úr þeim viðjum.

## Olía og þróunarlönd

Beiting stjórnækja eftirspurnar til verðbólguhjöðunar í iðnríkjunum hefur gjarnan komið tiltölulega þungt niður á hvikulu hrávöruverði og þar með á efnahag þróunarlanda. Veruleg lækkun þeirra varð í efnahagslægdinni 1980–82 og aftur með hægari hagvexti á síðasta ári. Uppsprengt olíuverð um langt árabíl og margþættar ráðstafanir til olíusparnaðar leiddu til mikils og afdrifaríks verðfalls á olíu. Frá 36,3 dollara meðalverði á olíufat 1981 lækkaði það í 29,2 dollara 1984 og 27,4 1985, en var í árslok um 24–25 dollarar og á hraðri niðurléið. Raunverð olíu miðað við útflutningsverð iðnríkja lækkaði um 17% frá hámarki 1981 til 1985. Skýring þessa felst m.a. í því, að hlutdeild olíu í orkunotkun OECD-landa lækkaði úr 52% 1978 í 42% 1985, olíunotkun minnkaði úr 42,1 í 34 milljónir dagfata og nettóinnflutningur úr 27,5 í 15,1 millj. dagfata eða um 45% á sama tíma. Þetta




hefur leitt til þess, að viðskiptaafgangur olíulanda hefur þorrið, um leið og halli annarra þróunarlanda hefur farið vaxandi og greiðsluferfiðleikar skuldugra þróunarlanda kallað enn á ný á sérstakar aðgerðir.

## Viðskiptamál

Af þessum sökum dró mjög úr aukningu heimsverslunar, sem varð aðeins 3¼% á móti 8¾% árið áður. Einkum kom þetta niður á viðskiptum þróunarlanda, svo að útflutningur þeirra minnkaði að magni um 1½%, en innflutningur jókst aðeins um ½%, og vöxtur viðskipta iðnríkja minnkaði einnig um nærfellt helming, aukning útflutnings OECD-landa í 4¼% og innflutnings í 5½%. Viðskiptajöfnuður iðnríkja batnaði nokkuð á heildina litið, einkum af völdum batnandi viðskiptakjara þeirra, en varð innbyrðis ójafnari. Viðskiptaafgangur Japans jókst í 49, V-Pýskalands í 13 og Vestur-Evrópu í heild í 21 milljarð dollara jafnframt því sem viðskiptahalli Bandaríkjanna jókst úr 107 í 119 milljarða. Að baki honum stóð sem fyrr mikill ríkissjóðshalli samfara litlum einkasparnaði.

## Samstilltar aðgerðir



Markverð umskipti hafa orðið í hagstjórn með markvissari samvinnu helstu iðnríkja til þess að koma á bættu samræmi þeirra í milli. Markmið peningamagns voru að miklu leyti gefin upp á bátinn, en í þess stað lögð áhersla á að stýra vaxtaþróun til lækkunar og bæði með því móti og með íhlutun í gjaldeyrisviðskipti að stýra gengisþróun til æskilegra samræmis eftir áralengt ofmat dollars. Vextir skammtímalána sjö stærstu ríkjanna lækkuðu um meira en 2% frá toppinum á 3. fjórðungi 1984 til 4. fjórðungs 1985, en vextir langtímalána nokkru minna. Einnig lækkuðu skammtíma vextir í Bandaríkjunum um 2% milli ársmeðaltala 1984 og 1985, en langtíma vextir um 1,3%, en í hinum stærstu löndunum varð breytingin yfirleitt minni eða á skammtíma vöxtum jafnvel til hækkunar. Óvissa um framtíðarhorfur veldur því, að langtíma vextir liggja að jafnaði meira en 2% yfir skammtíma vöxtum, en talsvert meiru hefur munað í Bandaríkjunum. Undir lok ársins námu meðalraunvextir skammtímalána sjö helstu ríkjanna um 4% og langtímalána rúmum 6%, en hér er um ýmis bestu kjör að ræða.

Gengisþróun gjaldmiðla er sem áður getur nátengd vaxtamun landa og vaxtaþróun. Gengi dollars og annarra gjaldmiðla gagnvart honum hafði próast út úr samræmi við jafnvægissskilyrði milliríkjaviðskipta. Meðalgengi dollars 1985 var 50% hærra en 1980. Það náði hámarki um mánaðamót febrúar–mars, en fór síðan lækkandi út árið og var í desember 9% neðan ársmeðaltals. Gengi flestra annarra mikilvægra gjaldmiðla mótvarar þessari gengisþróun dollars.

## Ytri áhrif

Áhrif þessarar framvindu á íslenskan þjóðarbúskap eru einkum þrjúþætt. Áframhaldandi hagvöxtur í umheiminum heldur uppi eftirspurn eftir útflutningsafurðunum og þar með verði þeirra. Lækkun olíuverðs og vaxta hefur veigamikil áhrif til þess að bæta viðskiptakjör og draga úr gjaldeyrisútgjöldum, um leið og hún lyftir undir hagvöxt í umheiminum á ný. Á hinn bóginn bauð lækkun dollars, mikilvægasta útflutningsgjaldmiðilsins, heim þeirri hættu, að viðskiptakjör færu versnandi. Lítið framboð annarra þjóða og sérstök skilyrði á fiskmörkuðum ollu hins vegar því, að verð hækkuðu í dollurum og viðskiptakjör bötnuðu nokkuð. Þannig hefur lækkun vaxta og skulda í dollurum eða SDR þegar komið fram sem hreinn ávinningur þjóðarbúsins, svo sem vænta mátti að yrði til nokkru lengri tíma lítið.

## Framleiðsla og rauntekjur

Fiskveiðistjórn síðustu ára hefur varðveitt stofna nytjafiska í hafinu, og batnandi lífsskilyrði hafa á ný glætt afla af þeim stofnum. Náðist því á land mestur heildarafli í sögunni, 1.653 þúsund tonn, en aflinn 1979 var nánast hinn sami. Batnandi markaðsskilyrði fyrir sjávarafurðir, einkum í Evrópu, tryggðu fjölbreytilegri nýtingu aflans og hagstætt afurðaverð á heildina lítið. Sjávarútvegurinn varð því enn á ný uppistaðan í endurbata útflutningsframleiðslu og þjóðarframleiðslu. Landsframleiðsla jókst um 3,1%, en þjóðarframleiðsla um 2,8%, hin fyrri nokkru minna, en hin síðari jafnt og árið áður. Bati viðskiptakjara olli því, að þjóðartekjur jukust nokkru meira, um 3,3%, og meira en árið áður. Framleiðsluþróunin á þannig nokkurn veginn samleið með þróuninni í iðnríkjunum. Þó hefur batinn hér reynst veikari að tiltölu við lægðina á undan. Endurbati síðustu tveggja ára, 6,6% aukning landsframleiðslu og 5,9% aukning þjóðartekna, hefur þó unnið upp slaka árána 1982–83. Þjóðartekjur á mann og lífskjör almennings eru svo sambærileg við enn fyrri ár sem svarar þeim mun, er fólksfjöldun veldur, þjóðartekjur við 1978 og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann sem næst við 1977. Hagvöxtur er hér svipaður og í umheiminum yfir lengri tíma lítið, en í mun meira mæli tekinn út í ójöfnum rykkjum. Reynslan í síðustu sveiflu hefur verið hin sama og áður, að ávinningurinn er tekinn út í uppsveiflunni, en eftir fylgir áralöng barátta við að samræma tekjur almennings varanlegu tekjustigi þjóðarbúsins.

## Út úr vítahringnum

Þetta er grundvallarskýring þess, að vísitölubinding launa myndar hér mun alvarlegri vítahring en þar sem efnahagsþróun er jafnari. Með afnámi bindingarinnar í maí 1983 var brotist út úr þeim sjálfvirka vítahring. Togstreitan hélt þó áfram í mynd tíðra kjaraatburða, sumra æði stórra. Verðbólga hafði hjaðnað undrafljótt frá hámarkinu í apríl 1983 og fram á 1984, og var hún þá á bilinu 12–19% út september. Samningar BSRB og ríkisins í októberlok kveiktu nýja

kaupsprengingu, sem hnekkti áður markaðri gengisstefnu stjórnvalda og lyfti verðbólguþinginu í 57% í janúar 1985 og markaði þar með rás verðbólgunnar yfir árið. Eftir hjöðnun fram í maí voru kjarasamningar rifnir upp fyrir tímenn, svo að endurnýjaðar hækkannir launa og verðlags héldu verðbólguþingi í 34–35% út árið, og á því stigi reyndist verðbólga yfir árið. Yfir nokkurra ára feril verðbólgunnar að líta virðist sveifla síðasta árs koma fram sem bergmál hinnar stærri sveiflu 1982–83 og bera í senn vott um viðvarandi verðbólguþingun-arhátt og viðleitni til að sækja aftur þá hagsmuni, sem áður urðu undan að láta. Það beið svo nýs árs að þoka verðbólgunni enn neðar.

### **Raugildisviðmiðanir**

Kerfi almennrar vísitölubindingar launa ásamt minna formlegri verðbólguþingunni búvöruverðs, fiskverðs, gengis og raunar alls verðlags og fjárskuldbindinga hefur verið skilgreint sem alvísitölubundið þjóðfélag. Með skipulagsbreytingunni 1983 var stigið veigamikilið og stefnumótandi skref frá vísitölubindingu til stjórnar á raunstærðum. Verðbólguþingunni kennir mönnum að leiðrétta hagstærðir og stjórnþingi fyrir verðbólgunni og líkja þannig eftir stöðugu verðlagi til ákvörðunar á raunverulegum skilyrðum. Óvíða er þetta kerfi svo rækilega útfært sem hér á landi. Kjarasamningar beinast að því að ná tilteknu marki raunlauna miðað við áætlaðan verðbólguþingferil, gengis-ákvörðun miðar að tilteknu raungengi og vaxtaákvörðun að tilteknum raunvöxtum. Meginmunur er á því að vinna með slíkar viðmiðanir eða láta meginstærðirnar stjórnast beint af verðbólgunni og magna hana að sama skapi. Raugildisviðmiðanir launa, gengis, vaxta o.fl. hafa þó reynt innbyrðis ósamkvæmar, og skýrist verðbólguþingferill síðustu ára ekki síst af því, að haldið hefur verið fast við hverja um sig og áhrifunum hleypt út í verðlagið. Með kjarasamningunum í júní 1985 var gerð tilraun til þess að samhæfa markmið raunlauna og raungengis, en veiking dollars og önnur ytri skilyrði reyndust óhagstæð til að koma þeim fram. Skilyrði til þess að endurtaka þá tilraun með von um betri árangur sköpuðust ekki fyrr en með nýju ári.

### **Laun og gengi**

Launakerfið brennlaðist verulega í umróttinu 1983. Launaskrið af völdum ófullnægjandi aðhalds í fjármálum og peningamálum olli verulegri gliðun milli kauptaxta, atvinnutekna og heildartekna á vinnandi mann. Síðan hafa launþegasamtök kostað kapps um að ná aftur a.m.k. kaupmætti kauptaxta á 4. ársfjórðungi 1983. Kaupþaxtar urðu jafnir þessu marki árin 1984 og 1985, greitt tímakaup náði 1985 sem næst raugildi ársins 1983, en víðtækari tekjukvarðarnir náðu rúmlega 4½% upp fyrir það. Á hinn bóginn hefur ekki verið talið óhætt að hækka raungengi að marki upp fyrir stig þess 1983, meðan útflutningsatvinnuvegir hafa ekki rétt hlut sinn né viðskiptahalli jafn-



ast betur en raun hefur á orðið. Raungengi á launakvarða hækkaði aðeins um 1,3% milli 1983 og 1985, en á verðkvarða um 2,3%.

## Raunvextir

Innlend þensla, viðskiptahalli og innstreymi erlendra lána við háum raunvöxtum skapaði einnig skilyrði fyrir tiltölulega háum raunvöxtum af innlendu lánsfé. Vextir höfðu þegar mótast af þessum skilyrðum á árinu 1984, en mögnun verðbólgunnar í lok ársins og fram á 1985 gerði mjög örðugt að halda innbyrðis samræmi í vaxtakerfinu. Vextir verðtryggðra bankalána höfðu verið hækkaðir í áföngum 1984 úr 2–4% eftir lánstíma í 7–8%, en voru færðir aftur í 4–5% og hafa haldist óbreyttir síðan, en sömu vextir gilda um bein útlán lífeyrissjóða, sem eru einkum til sjóðfélaga. Vextir spariskírteina ríkissjóðs höfðu einnig hækkað í 8,55% til skipta fyrir eldri bréf, en voru lækkadur í 7% í upphafi árs 1985. Treg sala leiddi til affalla í október–nóvember, sem gaf 9,23% og 8,1% ávöxtun, og bar það vitni um markaðsskilyrðin. Vextir spariskírteina og bankaútlána eru leiðandi um kjör lífeyrissjóðafjár til fjárfestingarlánasjóða, og voru vextir þeirra einkum 6% og 7%. Fjárfestingarlánasjóðir verða því yfirleitt að lána út á jafnháum eða hærri vöxtum. Voru vextir atvinnuvegasjóða samræmdir nokkuð á árinu, yfirleitt til hækkunar, og voru flestir á bilinu 5–7%. Einnig í bankakerfinu höfðu náðst samilegir raunvextir 1984, að ársmeðaltali 1,3% á spariinnlánum og 4,9% á útlánum, svo og þökkalegt samræmi milli verðtryggðra og óverðtryggðra hlutans. Þetta raskaðist með rísandi verðbólgu ársins 1985, og varð raunávöxtun spariinnlána nokkuð neikvæð, einkum sökum lágra vaxta á almennum bókuum, og útlána aðeins tæp 2%. Skiptikjör óbundins sparifjár, verðtryggð eða óverðtryggð sparendum í hag, hafa átt mikinn þátt í að viðhalda sparnaðarhvötinni, enda hækkaði ársmeðaltal innlána 1985 um 2,5% í 29,9% af landsframleiðslu.

## Þensla

Fjármál ríkisins eru víðast hvar eitt mikilvægasta hagstjórnartækið, en það kemur áhrifum boðvalds ríkisins beinast til skila út í efnahagslífið. Mikið vantar á, að ríkisfjármál hafi verið notuð sem markvisst hagstjórnartæki hérlendis, þ.e. með fjárhagsleg heildaráhrif á eftirspurnarstig, lánamarkað og vexti að markmiði, heldur hefur niðurstaðan ráðist af eftirsókn annarra, ósamstæðra markmiða. Þessa gætti mjög á síðasta ári, þar sem tekjuhallinn varð nærri 2,4 milljarðar, hrein lánsfjárförf 3,9 milljarðar eða 3,7% af þjóðarframleiðslu og lántökupörf um 5 milljarðar eða 4,8% af þjóðarframleiðslu. Aðeins um helmingi þessa var mætt með lántökum á markaði, þar af minna en helmingi innanlands, en um helmingur hlaut því að koma sem útstreymi úr Seðlabanka, og versnaði heildarstaðan gagnvart honum um 2,7 milljarða króna. Þessi óhagstæða útkoma var endurtekning á



reynslunni 1983 í nokkuð stækkaðri mynd eftir markverðan árangur bættis jafnvægis á árinu 1984. Skýring stórfellds halla á ný felst í því, að slakað var á skattheimtu, svo að nam 1,3% af þjóðarframleiðslu, án þess að næðust þau tók á útgjöldum, sem voru forsendur þeirrar breytingar, en þau jukust um 1,9% af þjóðarframleiðslu. Umskiptin frá tekjuafgangi til halla námu þannig 3,3% af þjóðarframleiðslu. Ríkissjóðshalli og opinberar lántökur af þessari stærð voru helsta undirrot þenslu inn á við og skuldasöfnunar út á við.

## Aðhald

Svo mikla þenslu var ekki auðgert að vega upp í bankakerfinu við ófullkomna aðlögun lánskjara að verðbólgu og markaðsaðstæðum. Aukning innlána varð 48% og bar í senn með sér þenslumerki og áhrif samkeppni í innlánskjörum. Lausafjárstaða innlánsstofnana var neikvæð um 2,1 milljarð í ársbyrjun og heildarstaða við Seðlabanka og útlönd jafnvel einnig neikvæð um nærri 2,5 milljarða, svo að bæði bankalegar og efnahagslegar ástæður mæltu með því að draga inn fé. Allt árið var unnið að því að takmarka útlán innlánsstofnana og láta þær, sem höfðu neikvæða stöðu við Seðlabanka, bæta hana. Þetta tókst misjafnlega eftir því, á hvaða kvarða er metið. Heildarútlán jukust um 28,4% og endurlán erlends lánsfjár utan afurðalána um 27%, hvort tveggja vel innan 35,6% hækkunar lánskjaravísitölu. Lækkun afurðalána sökum birgðaminnkunar, en við hana kemur gjaldeyrir inn í stað lána, dró heildarútlánin niður, svo að önnur útlán en svara til hefðbundinna endurkaupa jukust um 44,3% og ásamt endurlánum erlends fjár um 38,8%, hvort tveggja vel yfir verðbólguörkum. Á þennan kvarða metið hefur því almenn athafnasemi og eyðsla í landinu fengið vel sinn skerf. Á öðrum fjórðungi ársins var endurkaupakerfi Seðlabankans afnumið og fjármögnun útflutningsendurkaupa hleypt á erlendan lánamarkað í framhaldi af sams konar meðferð viðbótarlána árið áður. Samtímis var innlánsbinding færð niður úr 28% í 18% og lækkunin gerð upp á móti endurkaupum vegna framleiðslu fyrir innlendan markað, en mismunir jafnaðir með skuldabréfum til þess að forðast skyndileg þensluáhrif. Öll framvindan á árinu skilaði nærri 3,8 milljarða bata heildarstöðu við Seðlabanka og útlönd umfram það, sem fékkst erlendis frá í auknum afurðalánum, enda þótt aðeins 111 m.kr. skiluðu sér sem bati lausafjástöðu, er var enn neikvæð um tæpa 2 milljarða í árslok. Á heildina litið má telja, að bankakerfið hafi fremur dregið niður í þenslunni, þótt betur hefði mátt.

## Aukning neyslu

Ráðstöfun þjóðartekna 1985 sýnir glögg merki um lífskjarabata og ráðstöfun hans. Árið má með sanni kallast ár neyslunnar. Einkaneyslan jókst um 5% og tók til sín alla aukningu þjóðarframleiðslu og hluta viðskiptakjarabatans. Samneyslan jókst næstum jafnört, um


4,5%, og tók heildarneyslan til sín meira en alla aukningu raunverulegra þjóðartekna. Aukning einkaneyslu um ríflega 8% síðustu tvö árin hefur sem næst vegið upp 8,3% minnkun hennar 1983. Engin aukning varð á samneyslu árið á undan, en heildaraukning síðustu þriggja ára um ríflega 10% eða 3,3% að meðaltali var langt umfram mótaða fjármálastefnu. Aukning einkaneyslu ber með sér, að raunsparnaður einstaklinga hefur ekki aukist í heild, enda þótt peningalegur sparnaður hafi aukist. Kemur sá munur m.a. heim við samdrátt íbúðabygginga um 15%, en á þeim hefur verið sveiflugangur til hækkunar og lækkunar á víxl um nokkurt árabíl. Þar á móti jókst fjármunamyndun atvinnuvega um álíka hlutfall, annað árið í röð, en opinberar framkvæmdir minnkuðu fjórða árið í röð og námu aðeins 69% að magni á við 1981. Þannig hafa aðrar framkvæmdir vikið fyrir fjárfestingu atvinnuveganna og veitt henni verulegt svigrúm, enda stóð heildarfjármunamyndun í stað eftir talsverða aukningu ársins á undan, en til lengri tíma litið hefur ríkt stöðnun. Hlutfall fjármunamyndunar af þjóðarframleiðslu hefur á undanförunum árum verið að jafnast við getu þjóðarbúsins án þenslu og lækkað í 22,6% úr 26,1% 1982 eða mun hærri hlutföllum fyrir áratug. Innlendur sparnaður minnkaði enn, í 17,4% af þjóðarframleiðslu, og á ríkissjóðshallinn mikinn hlut að því, að svo fór.

## **Halli og skuldastaða**

Þessi framvinda leiddi óhjákvæmilega til þess, að viðskiptahalli varð 4,8 milljarðar þrátt fyrir 12% aukningu á raungildi útflutnings, að meðtöldum bata viðskiptakjara. Hallinn varð að vísu nokkru lægra hlutfall landsframleiðslu, 4,3%, en árið áður, 5,1%. Metinn eftir grundvallaratriðum, útflutningsframleiðslu og útjöfnun sérstakra fjárfestingarvara, reyndist hallinn hins vegar enn meiri, 4,8% á móti 4,4% árið áður. Staða langra erlendra lána hækkaði úr 52,2% í 54,9% af landsframleiðslu og varð 60,9 milljarðar, en nettóskuldastaða þjóðarbúsins úr 53,3% í 56,1%. Tiltöluleg lækkun dollars og þar með lántökugjaldmiðla í heild var þó ekki komin til skila í þessum tölum. Áhrif þessa ásamt lækkandi vöxtum, hagstæðri dreifingu afborgana og mikilli aukningu útflutningstekna, komu hins vegar fram í lækkun greiðslubyrðar úr 24,3% í 19,2% af útflutningstekjum. Miðað við verðlag og gengi í árslok hafði staða langra lána lækkað aftur í 52% af landsframleiðslu.

## II. FRAMLEIÐSLA, TEKJUR OG VERÐLAG

Árið 1985 var annað ár hagvaxtar eftir samdráttartímabilið 1982–1983. Bráðabirgðatölur sýna, að hagvöxturinn var svipaður og 1984, en þar sem viðskiptakjör bötnuðu, jukust þjóðartekjur meira en 1984. Eins og á árinu 1984 er aukning sjávarafla og útflutningsframleiðslu einn helsti drifkraftur uppsveiflunnar. Aukningin er þó mun minni en á árinu 1984. Þannig jókst sjávarafurðaframleiðslan um 9,2% samanborið við 12,2% 1984. Samdráttur í framleiðslu málmbræðslanna olli því, að aukning útflutningsframleiðslu varð enn minni eða 6,1%. Heildareftirspurn jókst minna en 1984. Aukning hennar varð einnig minni en þjóðarframleiðslunnar í heild, og þar sem viðskiptakjörin bötnuðu, minnkaði viðskiptahallinn við útlönd. Töluverður munur var á samsetningu eftirspurnar aukningarinnar 1984 og 1985. Fyrri árið stafaði mestur hluti aukningarinnar af aukinni fjármunamyndun, en seinna árið af aukningu einkaneyslu og samneyslu, en fjármunamyndun stóð í stað. Ef uppsveiflan 1984–85 er borin saman við fyrstu tvö ár uppsveiflna árána eftir heimsstyrjöldina, kemur í ljós, að batinn 1984–85 er veikastur. Þannig var aukning vergrar landsframleiðslu samtals 6,6% 1984/85, en 24,4% 1953/54, 11,3% 1958/59, 11,1% 1969/70 og 14,7% 1976/77.



### Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur

Landsframleiðslan, eða heildarframleiðslan í landinu, jókst um 3,1% í kjölfar 3,4% aukningar 1984. Eins og mörg undanfarn ár varð aukning þjóðarframleiðslunnar minni en landsframleiðslunnar eða 2,8%. Munur landsframleiðslu og þjóðarframleiðslu liggur í tekjuhreyfingum gagnvart útlöndum, sem að mestu samanstanda af vaxtagreiðslum af erlendum lánum, en háir alþjóðlegir raunvextir og aukin skuldsetning landsins hafa valdið minni aukningu þjóðarframleiðslu en landsframleiðslu á undanförunum árum. Þjóðartekjur jukust meira en þjóðarframleiðsla, þar sem viðskiptakjör landsins út á við bötnuðu á árinu. Þjóðartekjur á mann eru taldar hafa aukist um 2,6% í kjölfar 1,7% aukningar 1984, en 5,4% samdráttar 1983. Þjóðartekjur á mann voru á svipuðu stigi og 1979, en lægri en árin 1980–1982 og um 3,7% lægri en á toppnum 1981. Hins vegar voru þjóðartekjur á mann um 5,9% hærri en árið 1977, sem var annað ár síðustu upp-




sveiflu, á sama hátt og 1985 var annað ár yfirstandandi uppsveiflu. Meðfylgjandi línurit sýnir breytingar þjóðarframleiðslu og þjóðartekna á árunum 1975–1985. Tafla II.1. sýnir hins vegar hagvöxt miðað við mismunandi mælikvarða framleiðslu og þjóðartekna á mismunandi tímabilum. Taflan sýnir, að hagvöxturinn var mun minni á áratugnum frá 1973 til 1983 en næstu tvo áratugi á undan, en hagvöxturinn 1984 og 1985 er þó ívið minni. Svipuð niðurstaða fæst, ef litið er á hagvöxtinn á milli sambærilegra tímapakka í hagsveiflum eftirstríðsáranna. Þannig var árleg aukning þjóðartekna á mann 0,7% frá 1977 til 1985, en 2,2% frá 1954 til 1959, 3,8% 1959–1970 og 5,9% 1970–1977. Uppsveiflan sl. tvö ár dylur því ekki þá staðreynd, að mikið hefur hægt á hagvexti hér á landi á undanförunum árum svo sem raunar almennt í umheiminum.

Tafla II.1. Hagvöxtur.  
(Árlegar breytingar í %)

	1954–83	1954–63	1964–73	1974–83	1984	1985
Verg landsframleiðsla . . .	4,6	5,2	5,3	3,5	3,4	3,1
Verg þjóðarframleiðsla . . .	4,5	5,2	5,4	3,0	2,8	2,8
Vergar þjóðartekjur . . .	5,0	5,7	6,7	2,6	2,8	3,3
Vergar þjóðartekjur á mann	3,4	3,6	5,2	1,5	1,7	2,6


### Ráðstöfun þjóðarframleiðslunnar



Einkaneysla jókst annað árið í röð, og varð aukningin 5,0% samanborið við 3% 1985. Einkaneyslan var um 63,7% af þjóðarframleiðslu ársins samanborið við 62,6% 1984 og 60,8% 1983. Sambærilegar mælingar á hlutfalli einkaneyslu ná aðeins aftur til ársins 1980, en fyrir þann tíma er byggt á eldra kerfi þjóðhagsreikninga, sem sýnir mun hærra hlutfall einkaneyslu í þjóðarframleiðslu. Þó er hægt að leiða líkur að því, að einkaneysluhlutfallið 1985 hafi verið eitt hið alhæsta á eftirstríðsárunum. Samneyslan jókst um 4,5% eftir nær stöðnun 1984 og 5,5% aukningu 1983. Samneyslan var um 18,9% af þjóðarframleiðslu samanborið við 18,2% 1984 og 19,4% 1983. Fjármunamyndunin var svipuð og árið áður, en þá jókst hún um 7,8%. Talsverð aukning varð í fjármunamyndun atvinnuveganna, en íbúðabyggingar og opinber fjárfesting voru minni en árið áður. Fjármunamyndun atvinnuveganna jókst annað árið í röð, og varð aukningin 15,8% samanborið við 13,9% árið áður. Annað árið í röð varð mikil aukning í fjárfestingu landbúnaðar eða um 24,2% 1985 og 38,9% 1984. Þessi aukning á árinu 1985 stafaði þó að mestu leyti af aukinni fjárfestingu í fiskeldi, sem er hér talið til landbúnaðar. Þannig rúmlega tvöfaldaðist fjárfesting í fiskeldi 1984, en áttfaldaðist 1985. Fjárfesting í fiskeldi nam 450 m.kr. 1985 eða nær þriðjungu af heildarfjárfestingu landbúnaðar. Án fiskeldis minnkaði fjárfesting í landbúnaði um 9,2% 1985, en jókst um 36% 1984. Fjárfesting fiskveiðanna minnkaði fjórða árið í röð, nú um 15%, og var hún ekki

nema rétt rúmur helmingur af því, sem hún var 1981. Fjárfesting fiskvinnslunnar jókst um 9,9% samanborið við 22,9% aukningu 1984. Fjárfesting málmbræðslnanna jókst töluvert, en fjárfesting annars iðnaðar varð nánast sú sama og árið áður. Fjárfesting í verslunar-, skrifstofu- og gistihúsnæði jókst um 11,7% eftir 8,2% samdrátt árið áður. Annað árið í röð varð umtalsverð aukning í fjárfestingu í ýmsum vélum og tækjum eða 21,8% 1985 og 52,3% 1984. Kaup á tölvubúnaði stendur á bak við stóran hluta aukningarinnar bæði árin. Fjárfesting atvinnuveganna nam um 11,3% af þjóðarframleiðslu, sem er ívið hærra en öll árin 1980–1984. Íbúðabyggingar drógu saman um 15,3% samanborið við 10,4% aukningu árið áður. Íbúðabyggingarnar námu 5% af þjóðarframleiðslu samanborið við 6,1% 1984 og 5,9% 1983. Opinber fjárfesting minnkaði fjórða árið í röð, nú um 10,5%. Mestur varð samdrátturinn í rafvirkjunum og rafveitum eða 41,1%, og varð fjárfesting í þeim ekki nema þriðjungur af fjárfestingunni 1981. Fjárfesting í hita- og vatnsveitum jókst annað árið í röð, og varð aukningin 7% 1985 og 24% 1984. Fjárfesting í samgöngumannvirkjum minnkaði um 0,8%, en jókst í opinberum byggingum um 2,1%. Opinber fjárfesting nam samtals um 6,2% af þjóðarframleiðslu, sem er með því lægsta á undanförunum árum. Til samanburðar má geta þess, að opinber fjárfesting var 7,1% af þjóðarframleiðslu 1984, 8% 1983 og að meðaltali 9,3% á árunum 1980–82. Alls varð fjármunamyndunin 22,6% af þjóðarframleiðslu ársins, en þetta hlutfall hefur lækkað mikið frá árinu 1974, þegar það varð hæst 32,6%. Fjármunamyndunarhlutfallið var 26,1% 1982, 23,7% 1983 og 23,5% 1984, en fara verður aftur til ársins 1954 til að finna lægra hlutfall en 1985.

Verðmætaráðstöfun til endanlegra nota, þ.e. einkaneysla, samneysla og fjármunamyndun, jókst um 3,7%. Nokkur birgðaminnkun varð á árinu, og því jukust þjóðarútgjöld í heild minna eða um 2,7%, sem var minna en aukning þjóðarframleiðslunnar, og þar sem viðskiptakjör bötnuðu, minnkaði viðskiptahallinn á milli ára sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og varð 4,6% í stað 5,4% 1984. Að meðtöldum birgðabreytingum nam fjárfestingin 22% af þjóðarframleiðslu, sem er einnig tiltölulega lágt fjárfestingarhlutfall miðað við reynslu



<sup>1)</sup> Sjá aths. við 1. töflu í töflusafni.

Tafla II.2. Verðmætaráðstöfun.  
(Árlegar breytingar í %)


	1954–83	1954–63	1964–73	1974–83	1984	1985
Einkaneysla . . . . .	4,9	4,9	7,0	3,0	3,0	5,0
Samneysla . . . . .	6,0	6,5	6,4	5,2	0,1	4,5
Fjármunamyndun . . . . .	4,8	8,0	6,7	-0,1	7,8	0,0
Verg verðmætaráðstöfun . . . . .	5,0	5,5	7,1	2,4	5,8	2,7

undanfarinna ára. Innlendir sparnaður minnkaði fimmta árið í röð sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, var 17,4%, sem er lægsta sparnaðarhlutfall síðan 1952. Innlendir þjóðhagslegur sparnaður var á föstu verðlagi (þjóðarframleiðslu) um 28% minni en 1980 eða sem nam 7,2 milljörðum króna á verðlagi 1985.

## Viðskiptakjör

Útflutningsverð í erlendri mynt hækkaði miðað við meðalverð erlendra gjaldmiðla um 1,6% frá árinu áður, en lækkaði um 0,7% í dollurum. Það ber að hafa í huga, að þótt dollarinn hafi lækkað gagnvart öðrum myntum yfir árið, hækkaði hann á milli ársmeðaltala. Verð á áli og kísiljárni lækkaði töluvert á milli ára, álið um 13,5% í erlendri mynt og kísiljárnið um 5,6%. Útflutningsverð án stóriðju hækkaði því meira en útflutningsverð í heild eða um 4,5% í erlendri mynt og um 2,4% í dollurum. Sjávarafurðir hækkuðu í verði um 5%, en þar af varð mest hækkun á afurðum frystingar 7,7%, og söltunar 7,3%. Verð annarra sjávarafurða lækkaði yfirleitt. Þannig lækkaði skreiðarverð um 7,9% og verð á mjóli og lýsi um 16,1%. Útflutningsverð iðnvarnings án áls og kísiljárns hækkaði um 2,8% og útflutningsverð landbúnaðarvara um 3,1%. Innflutningsverð í erlendri mynt hækkaði um 1,5%, en um 2,3% að frátöldum innfluttum aðföngum áls og kísiljárnsframleiðslu. Mjög svipuð hækkun varð á helstu undirflokkum innflutnings. Í heild stóðu viðskiptakjör í vöruviðskiptum í stað, en eins og annars staðar hefur komið fram bötнуðu viðskiptakjör í vöru- og þjónustuviðskiptum í heild lítillga. Án áls bötнуðu viðskiptakjörin um 1,4%.

Þróun viðskiptakjaranna innan ársins er athyglisverð, sérstaklega í ljósi lækkunar dollars á árinu. Meðalgengi dollars var alls um 4,4% lægra á fjórða ársfjórðungi 1985 en að meðaltali 1984, en um 14% lægra en á fyrsta ársfjórðungi. Dollarinn féll jafnt og þétt frá fyrsta ársfjórðungi eða um 2,6% á öðrum ársfjórðungi, um 5,3% á þriðja ársfjórðungi og um 6,9% á fjórða ársfjórðungi. Þessi þróun virðist hafa haft mest áhrif á viðskiptakjörin á þriðja ársfjórðungi. Án áls bötнуðu viðskiptakjörin um 0,9% á öðrum ársfjórðungi, en versnuðu síðan um 4,4% á þriðja ársfjórðungi. Á fjórða ársfjórðungi bötнуðu síðan viðskiptakjörin á ný um 2% þrátt fyrir áframhaldandi fall dollars, aðallega vegna þess, að hagstæðar markaðsaðstæður fyrir sjávarafurðir gerðu það mögulegt að bæta upp dollarlækkunina með hækkun verðsins í dollurum. Þannig hækkuðu sjávarafurðir í verði í dollurum um 1,4% á þriðja ársfjórðungi og um 5,9% á þeim fjórða, þar af hækkaði verð á frystum fiski um 2,8% á þriðja ársfjórðungi og um 5,4% á þeim fjórða. Viðskiptakjörin án áls voru á fjórða ársfjórðungi mjög svipuð og að meðaltali á árinu í heild.






## Framleiðsla og hagur atvinnuvega

Bráðabirgðatölur sýna, að fiskaflinn varð um 1.653 þúsund tonn á síðasta ári, en þar af varð þorskaflinn 315 þúsund tonn, botnfiskaflinn í heild 571 þúsund tonn og loðnuafllinn 993 þúsund tonn. Botnfiskaflinn jókst lítillega í tonnum talið í fyrsta skipti síðan 1981. Loðnuafllinn jókst annað árið í röð, nú um 14,8%. Loðnuafllinn varð sá mesti í fiskveiðisögu Íslendinga. Í tonnum talið má segja það sama um heildaraflann, en næst kemur árið 1979 með 1.649 þúsund tonn. Afli verðmætari tegunda eins og þorsks er nú mun lægri hluti aflamagnsins en á árunum í kringum 1980. Myndin lítur því nokkuð öðruvísi út, ef litið er á þróun aflaverðmætisins á föstu verðlagi í stað tonnafjöldans. Aflaverðmæti á föstu verðlagi er talið hafa aukist um 9,4% 1985 samanborið við 14,1% aukningu 1984 og 5,2% samdrátt 1983. Án loðnu jókst aflaverðmætið um 6,1% samanborið við 1,2% samdrátt 1984 og 7,1% samdrátt 1983. Aflaverðmætið varð nokkru hærra en á árunum 1980 og 1981, en þessi ár hafa verið metaflárin til þessa. Árið 1985 varð því metafláur einnig í verðmæti talið. Aflaaukningin varð til þess að bæta hag botnfiskveiðanna nokkuð. Áætlanir benda til, að verg hlutdeild fjármagns í botnfiskveiðunum hafi verið um 12% samanborið við 7% 1984, 7,3% 1983, en 4,9% 1982. Svipaður bati afkomunnar kemur fram, ef litið er á hreinan hagnað. Batnandi afkoma botnfiskveiðanna að undanfögnu á sér einkum fernar rætur: Í fyrsta lagi bætti aflaaukningin á síðasta ári afkomuna umtalsvert. Í öðru lagi hefur kvótakerfið haft í för með sér sparnað í sóknarkostnaði. Í þriðja lagi hækkaði botnfiskverð til útgerðar meira en annað verðlag á árinu 1983, m.a. vegna breytingar kostnaðarhlutdeildar. Í fjórða lagi hefur sú fjárhagslega endurskipulagning, sem verið hefur í gangi í sjávarútveginum, eitthvað dregið úr fjármagnskostnaði. Talið er, að sjávarafurðaframleiðslan hafi í heild aukist um 9,2% samanborið við 12,2% aukningu 1984 og 9,5% samdrátt 1983. Einna mest varð aukningin í ísfisksölum eða 40%. Frysting þorskafla dróst saman annað árið í röð, nú um 2,5%. Saltfiskverkun jókst hins vegar um 12%, en á árunum 1982–1984 dróst saltfiskverkunin mikið saman. Mjöl- og lýsisvinnsla jókst um 40% eftir nær 2,5-földun 1984. Hagur botnfiskvinnslunnar er talinn hafa batnað umtalsvert frá árinu áður, enda var afkoman mjög erfið á árinu 1984. Áætlað er, að verg hlutdeild fjármagns í frystingu hafi verið 8,5%–9% 1985 samanborið við 5,7% 1984 og 14,7% 1983. Í söltun er áætlað, að verg hlutdeild fjármagns hafi verið 4,5–5% samanborið við –0,6% 1984 og 13,8% 1983.

Ef ál- og kísiljárnsframleiðsla er frátalin, virðist iðnaðarframleiðslan hafa aukist þó nokkuð á árinu. Framleiðsla áls minnkaði hins vegar um 6,6% og framleiðsla kísiljárns um 9,5%. Önnur útflutningsframleiðsla iðnvæðingar jókst töluvert, þar af jókst framleiðsla kísilgúrs um 7,6% og framleiðsla annars iðnvæðingar um 7%. Veltutölur,



byggðar á söluskattsframtölum, benda einnig til aukningar iðnaðarframleiðslunnar. Þannig var veltuaukning á föstu verðlagi 5,6% í ýmsum helstu heimagreinum iðnaðar samborið við 5,9% aukningu árið áður. Landbúnaðarframleiðslan er talin hafa aukist um 2% á árinu samborið við 5% aukningu 1984 og 1% samdrátt 1983. Mest varð aukningin í nautgripaafurðum eða 7%, en framleiðsla sauðfjárafurða minnkaði um 5%. Önnur landbúnaðarframleiðsla varð ýmist svipuð eða ívið meiri en árið áður. Verslunarvelta jókst um 5,9% að raungildi í smásöluverslun og um 5% í heildverslun. Samsvarendi tölur fyrir 1985 eru 6,6% og 8,1%. Annað árið í röð varð mikil veltuaukning í veitinga- og hótélrekstri, menningarstarfsemi og persónulegri þjónustustarfsemi eða 10,3% að raungildi.


## Kjarasamningar

Nýr kjarasamningur á milli ASÍ og VSÍ var undirritaður 15. júní. Skömmu seinna gerðu BSRB og ríkið og SÍB og bankarnir með sér hliðstæða kjarasamninga. Samningur ASÍ og VSÍ gildi til loka ársins. Við undirritun samningsins hækkðu laun þeirra, sem voru á lágmarkstekjutryggingu, um 9%. Þeir, sem voru á tekjum fyrir neðan 25. flokk ASÍ, fengu 7,5% hækkun kauptaxta, en aðrir 5%. Meðallaunahækkun launþega í ASÍ var metin á 7%. Samkvæmt samningum áttu öll laun síðan að hækka um 2,4% 1. ágúst og 4,5% 1. október. Samningurinn var gerður í trausti þess, að framfærsluvísitalan færi ekki upp fyrir 144 stig í ágúst, 149 stig í október og 154 stig í desember. Við samningsgerðina var talið, að 5,7% hækkun á verði erlendra gjaldmiðla frá byrjun júní til loka ársins myndi samrýmast þessum rauðu strikum. Þegar til kom, fór framfærsluvísitalan fram úr þessum rauðu strikum, og varð hún 145 stig í ágúst og 152 stig í október eða um 2% hærri en gert var ráð fyrir í samningunum. Ein meginástæða þessa var, að talið var nauðsynlegt, m.a. vegna lækkunar dollars, að láta gengið síga meira en gert hafði verið ráð fyrir í samningunum. Þegar í lok september hafði meðalverð erlendra gjaldmiðla hækkað af þessum sökum um 7% frá byrjun júní. Launþegar fengu þó þessa umframhækkun að fullu bættu, þar sem samið var við BSRB um 3% launahækkun frá byrjun október og við ASÍ um sömu hækkun frá miðjum október. Alls hækkðu kauptaxtar yfir árið um 29,3%.

## Kaupmáttur og tekjur

Kaupmáttur kauptaxta jókst lítillega eða um 0,2%, en það er fyrsta aukning kaupmáttar síðan á árinu 1978. Samkvæmt upplýsingum Kjararannsóknarnefndar var launaskrið nokkru meira á árinu en undanfarin tvö ár eða 3,7% samborið við 3,2% 1984 og 3,4% 1983. Launaskriðið er öll þessi ár mun meira en á árunum þar á undan. Þannig er talið, að launaskriðið hafi verið 1,2% 1982 og 1,5% 1981. Í heild jókst hreint tímakaup í dagvinnu að meðtöldum bónus um 38% hjá launþegum í ASÍ. Atvinnutekjur jukust lítið meira eða um





41½% í heild og um 40% á vinnandi mann. Rétt er að benda á, að atvinnutekjurnar eru ekki sambærilegar við greitt tímakaup launþega í ASÍ, þar sem þær innifela einnig tekjur sjómanna, bænda og hópa launafólks utan ASÍ. Kaupmáttur atvinnutekna á vinnandi mann hækkaði í fyrsta skipti síðan árið 1981 eins og sjá má á töflu II.3, um rúm 5½%. Heildartekjur, þ.e. atvinnutekjur að meðtöldum eigna- og tilfærslutekjum, eru taldar hafa aukist svipað og atvinnutekjurnar, en kaupmáttur ráðstöfunartekna á vinnandi mann er talinn hafa aukist nokkru meira, þar sem skattbyrðin léttist, eða um rúm 7½%.

Meðfylgjandi línurit og tafla II.3 sýna tekjuþróunina nokkur undanfarin ár. Í töflu II.3 er árið 1979 sett jafnt og 100, en það ár er kaupmáttur tiltölulega hár, þannig að ekki er hægt að gefa vali grunnársins neitt sérstakt gildi. Nokkuð gott samræmi er á milli þróunar kaupmáttar kauptaxta og atvinnutekna á vinnandi mann fram til 1982, en eftir það fellur kaupmáttur kauptaxta mun meira eða um 25% milli 1982 og 1985 samanborið við um 9½% fall kaupmáttar atvinnutekna á sama tíma. Gott samræmi helst hins vegar allan tímann á milli greidds tímakaups og atvinnutekna. Þjóðartekjur á vinnandi mann voru um 6,5% lægri 1985 en 1979, en ráðstöfunartekjur á vinnandi mann um 5,7% lægri, þannig að nokkuð gott samræmi er yfir tímabilið í heild. Hins vegar jukust ráðstöfunartekjur um 5,5% umfram þjóðartekjur á fyrri hluta tímabilsins, þ.e. frá 1979 til 1982. Ef litið er á samband atvinnutekna og þjóðartekna, kemur í ljós, að atvinnutekjurnar í hlutfalli við þjóðartekjur voru 1985 8,6% lægri en 1979.

Tafla II.3. Tekjuþróun.

(1979 = 100)

	1980	1981	1982	1983	1984	1985 <sup>1)</sup>
Kaupmáttur kauptaxta <sup>2)</sup> .....	95,1	93,8	93,3	75,7	70,0	70,1
Kaupmáttur greidds tímakaups .....	98,2	99,6	99,3	83,3	79,8	83,1
Kaupmáttur atvinnutekna á vinnandi mann <sup>4)</sup> .....	95,6	95,9	94,5	81,7	80,9	85,5
Kaupm. heildartekna á v.m. <sup>5)</sup> .....	98,2	100,0	100,0	87,7	87,6	93,0
Kaupm. ráðstöfunartekna á vinnandi mann <sup>6)</sup> .....	98,4	100,7	100,2	88,5	87,6	94,3
Þjóðartekjur á vinnandi mann .....	100,8	98,6	95,0	90,2	91,4	93,5

1) Bráðabirgðatölur.

2) Miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.

3) Hreint tímakaup í dagvinnu hjá landverkafólki í ASÍ skv. gögnum Kjararannsóknarnefndar. Kaupmáttur miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.

4) Miðað við verðvísitölu einkaneyslu. Vinnuafslaukningin 1979–1983 miðast við slysatryggðar vinnuvikur skv. upplýsingum Hagstofunnar. Aukningin 1984 byggist á launamiðaupplýsingum Framkvæmdastofnunar, og 1985 er aukningin áætluð 1%.

5) Heildartekjur heimila af atvinnu og fjármunaeign.

6) Heildartekjur heimila af atvinnu og fjármunaeign að viðbættum lífeyrisgreiðslum og bótum trygginga, en að frádrögnum beinum sköttum.


## Verðþróun

Í upphafi ársins var verðbólguhraðinn um eða yfir 50%, en hann hafði aukist í kjölfar mikilla launahækkana á síðustu mánuðum ársins 1984 og gengisfellingar krónunnar 20. nóvember 1984. Fljótlega dró þó úr verðlagshækkunum, og í byrjun júní var þriggja mánaða hækkun framfærslukostnaðar komin niður í 25% á ársgrundvelli. Verðbólgan jókst síðan á ný í framhaldi af kjarasamningum um miðjan júní, en þó var þá ekki talið útlit fyrir, að framfærslukostnaður hækkaði nema um tæp 30% yfir árið. Vegna meira gengissigs krónunnar á seinni hluta ársins en gert var ráð fyrir um sumarið og 3% viðbótarhækkunar launa varð hækkun framfærslukostnaðar yfir árið 33,7%. Þetta viðbótargengissig stafaði að miklu leyti af falli dollars á alþjóðlegum peningamörkuðum. Meðfylgjandi línurit sýnir þróun verðbólgunnar á árinu, en það sýnir annars vegar tólf mánaða hækkun framfærslukostnaðar og hins vegar miðsetta fjögurra mánaða hækkun hans á ársgrundvelli, þ.e. meðaltal hækkana næstu tvo mánuði á undan og á eftir viðkomandi tímamarki. Þróunin sést einnig á töflu II.4.

Tafla II.4. Verðbólgustig.

(4 mánaða miðsett hækkun framfærslukostnaðar á ársgrundvelli í %)

	1982	1983	1984	1985
Janúar	54,5	105,7	11,6	56,9
Febrúar	50,1	113,2	12,3	43,1
Mars	45,6	116,0	12,8	34,2
Apríl	60,2	147,3	18,6	28,1
Máí	48,9	105,9	18,0	27,0
Júní	42,7	105,0	17,6	32,0
Júlí	78,5	83,2	18,5	34,0
Ágúst	71,6	52,4	13,4	35,4
September	77,4	47,3	14,6	34,6
Október	90,7	26,1	26,1	32,9
Nóvember	68,6	26,0	40,5	34,3
Desember	71,6	17,2	50,5	34,5



Hækkun framfærslukostnaðar á milli ára varð 32,4% samanborið við 29,2% 1984 og 84,3% 1983. Byggingarkostnaður hækkaði um 34,8% yfir árið, en 31,5% á milli ára, samanborið við 22% 1984 og 70,2% 1983. Hækkun lánskjaravísitölu varð 30,6% á milli ára, en 35,6% yfir árið og er þá miðað við þá vísitölu, sem tekur gildi í janúar ár hvert og er mánuði á eftir þróun mælds verðlags. Talið er, að verðvísitala einkaneyslu hafi hækkað mjög svipað og framfærslukostnaður, en verðvísitala þjódarframleiðslu hækkaði um 33%, en hún er einna altækasti mælikvarðinn á innlenda verðlagsþróun. Verðbólgan var á flesta mælikvarða meiri á síðasta ári en árið þar áður, en verðbólguhraðinn var þó minni í lok ársins en í upphafi þess eða rúm 30% samanborið við rúm 50%, og veitti það viðspyrnu til frekari lækkunar verðbólgu á komandi ári.

### III. UTANRÍKISVIÐSKIPTI OG GREIÐSLUJÖFNUÐUR

#### Próun utanríkis- viðskipta og greiðslu- jafnaðar

Próun utanríkisviðskipta og greiðslujafnaðar varð á ytra borði nokkru hagstæðari á árinu 1985 en árið áður. Það á þó eingöngu rætur að rekja til mismunandi breytingar útflutningsvörubirgða á hvoru ári fyrir sig, þar sem verðmæti útflutningsvörubirgða minnkaði um 594 m.kr. á árinu 1985, en jókst um 886 m.kr. 1984 reiknað á gengi ársins 1985. Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings jókst um 11,8% miðað við árið áður, og verðmæti vöruinnflutnings jókst um 10,3%. Þetta hafði þau áhrif, að vöruskiptajöfnuður varð því sem næst sléttur, nánar tiltekið óhagstæður um aðeins 10 m.kr., sem svarar til 0,01% af VLF (vergrí landsframleiðslu) á árinu 1985 á móti 0,4% halla árið áður. Halli á þjónustujöfnuði varð 4,3% af VLF á árinu 1985 samanborið við 4,7% árið áður. Halli á viðskiptajöfnuði reyndist því 4,3% af VLF, en var 5,1% árið áður. Fjármagnsjöfnuður varð mjög hagstæður á árinu vegna mikils fjármagnsinnstreymis bæði í formi langtíma- og skammtímalána, og nægði fjármagnsinnstreymið bæði til þess að jafna viðskiptahallann og bæta gjaldeyrisstöðu Seðlabankans um rúmlega 4,8 milljarða króna. Svarar bati hennar til 4,4% af VLF, en árið áður rýrnaði gjaldeyrisstaðan um 1,1% af VLF. Tafla III.1 sýnir helstu þætti greiðslujafnaðar 1984 og 1985, þar sem tölur hafa verið umreiknaðar til meðalgengis 1985 samkvæmt vísitölu meðalgengis<sup>1)</sup>.


*Tafla III.1. Greiðslujafnaðaryfirlit.  
(Í m.kr. á meðalgengi 1985)*

	1984	1985
Innfluttar vörur, f.o.b. . . . .	-30.602	-33.760
Útfluttar vörur, f.o.b. . . . .	30.177	33.750
Vöruskiptajöfnuður . . . . .	-425	-10
Þjónustujöfnuður . . . . .	-4.865	-4.806
Viðskiptajöfnuður . . . . .	-5.290	-4.816
Framlög án endurgjalds . . . . .	32	8
Fjármagnsjöfnuður . . . . .	4.075	9.646
Heildargreiðslujöfnuður . . . . .	-1.183	4.838

<sup>1)</sup> Allur talnasamanburður árána 1984 og 1985 í þessum kafla er gerður á sambærilegu gengi, annaðhvort á meðalgengi eða árslokagengi 1985, eftir því sem við á, nema annað sé sérstaklega tekið fram.



## Útflutningur



Útflutningsframleiðsla er talin hafa aukist um nálægt 6,1% að raunverulegu verðgildi. Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings jókst allnokkru meira eða um 11,8% eins og áður er sagt, enda minnkuðu útflutningsvörubirgðir á árinu 1985, en jukust árið áður. Mest varð aukningin í útflutningsverðmæti sjávararafurða, 24,4%. Af sjávarafurðum jókst útflutningsverðmæti lýsis hlutfallslega mest, þá skelfisks, saltfisks og frystra botnfiskafurða, en samdráttur varð í útflutningsverðmæti saltsíldar. Verðmæti álútflutnings dróst saman um tæp 24%, og útflutningsverðmæti kísiljárns dróst saman um rúm 6%. Útflutningsverðmæti annarra iðnaðarvara jókst um tæp 9%. Útflutningsverðmæti landbúnaðarafurða dróst saman um 8%.


Tafla III.2. Útflutningur helstu vöruflokka.  
(F.o.b.-verð í m.kr. á meðalgengi ársins 1985)

	Breyting í %					
	1981	1982	1983	1984	1985 1984–85	
Sjávararafurðir . . . . .	23.279	17.982	18.925	20.284	25.226	24,4
Par af: Saltfiskur . . . . .	4.857	4.459	3.295	2.930	3.718	26,9
Skreið . . . . .	3.700	869	1.108	79	179	126,6
Frystur þorskaflí . . . . .	7.814	7.788	9.185	9.014	10.842	20,3
Lýsi . . . . .	992	359	119	874	1.469	68,1
Mjöl . . . . .	1.925	684	579	1.982	2.021	2,0
Humar, rækja og hörpudiskur . . . . .	888	966	1.673	1.917	2.680	39,8
Saltsíld . . . . .	729	627	684	993	881	-11,3
Landbúnaðarafurðir . . . . .	405	302	309	518	476	-8,1
Iðnaðarvörur . . . . .	5.729	5.336	8.155	8.462	7.574	-10,5
Par af: Ál . . . . .	2.887	2.409	4.890	4.389	3.340	-23,9
Kísiljárn . . . . .	565	687	917	1.302	1.220	-6,3
Aðrar iðnaðarvörur . . . . .	2.278	2.241	2.347	2.771	3.014	8,8
Aðrar vörur . . . . .	333	347	434	913	474	-48,1
Útflutningur, alls . . . . .	29.746	23.967	27.823	30.177	33.750	11,8

Tafla III.2 sýnir skiptingu útflutnings á helstu vöruflokka sl. fimm ár, og hafa tölur fyrri ára verið umreiknaðar til gengis 1985 samkvæmt vísitölu meðalgengis. Taflan sýnir einnig hlutfallslega breytingu á útflutningsverðmæti ársins 1985 miðað við árið 1984. Verðmæti sjávararafurða í heildarútflutningi nam 74,7% árið 1985 á móti 67,2% árið áður.

Tafla III.3 sýnir skiptingu inn- og útflutnings eftir löndum. Helstu breytingar á skiptingu innflutnings eftir löndum urðu þær, að innflutningur frá EBE-löndum jókst úr 47,3% af heildarinnflutningi 1984 í 49,5% 1985, en innflutningur frá Austur-Evrópulöndum dróst saman úr 11,0% af heildarinnflutningi 1984 í 8,8% 1985. Á skiptingu útflutnings eftir löndum urðu þær breytingar helstar, að útflutningur til EFTA-landa jókst úr 12,7% af heildarútflutningi 1984 í 14,2% 1985 og hlutdeild EBE-landa í heildarútflutningi jókst úr 38,3% 1984

## Skipting inn- og útflutnings eftir löndum



*Tafla III.3. Skipting inn- og útflutnings eftir löndum.  
(Í prósentum af heildarinn- og útflutningi)*

	1981	1982	1983	1984	1985
<i>Innflutningur:</i>					
EFTA	23,9	22,2	22,8	21,2	22,0
EBE <sup>1)</sup>	44,4	45,9	45,1	47,3	49,5
Austur-Evrópa	9,3	10,3	11,3	11,0	8,8
Norður-Ameríka	8,9	9,0	8,3	7,4	7,2
Önnur lönd	13,5	12,6	12,5	13,1	12,5
<i>Útflutningur:</i>					
EFTA	17,7	19,1	14,9	12,7	14,2
EBE <sup>1)</sup>	31,3	32,7	34,7	38,3	39,3
Austur-Evrópa	7,9	8,4	8,0	9,5	7,8
Norður-Ameríka	21,5	26,3	28,6	28,6	27,3
Önnur lönd	21,6	13,5	13,8	10,9	11,4

<sup>1)</sup> Grikkland meðtalið.

í 39,3% 1985. Hlutdeild Austur-Evrópulanda í heildarútflutningi dróst hins vegar saman úr 9,5% 1984 í 7,8% 1985, og Norður-Ameríku úr 28,6% 1984 í 27,3% 1985. Af einstökum markaðssvæðum er vöruskiptajöfnuðurinn við Norður-Ameríku langhagstæðastur.

Tafla III.4. Útflutningsvörubirgðir.  
(Í m.kr. á gengi SDR í árslok 1985)

	1981	1982	1983	1984	1985
Sjávarafurðir . . . . .	5.017	7.886	5.905	6.257	4.862
Landbúnaðarafurðir . . . . .	312	177	165	159	293
Kísilgúr . . . . .	20	13	15	17	38
Al . . . . .	983	1.503	175	184	395
Kísiljárn . . . . .	146	99	141	90	154
	6.478	9.678	6.401	6.707	5.742


**Birgðir útflutningsvara**

Tafla III.4 sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs, en umreiknað miðað við skráð gengi á SDR í árslok 1985. Verðmæti birgða minnkaði á árinu 1985, en jókst árið áður.

Tafla III.5. Vöruinnflutningur.  
(F.o.b.-verð í m.kr. á meðalgengi 1985)

	1984	1985	Breyting í % 1984-85
Innflutningur alls, f.o.b. . . . .	-30.602	-33.760	10,3
Sérstakar fjárfestingarvörur . . . . .	-911	-1.069	17,3
Skip og flugvélar . . . . .	-838	-959	14,4
Vegna Landsvirkjunar . . . . .	-49	-45	-8,2
Vegna flugstöðvarbyggingar . . . . .	-24	-65	170,8
Rekstrarvörur v/álbræðslu . . . . .	-2.030	-2.084	2,7
Rekstrarvörur v/járnblendiverksmiðju . . . . .	-374	-489	30,7
Almennur innflutningur . . . . .	-27.287	-30.118	10,4
(Par af olía) . . . . .	(-4.718)	(-5.282)	(12,0)

**Þróun innflutnings**



Tafla III.5 sýnir f.o.b.-verðmæti innflutnings 1984 og 1985 skipt á nokkra helstu liði og hlutfallslegar breytingar á árinu 1985 miðað við árið áður. Sést þar, að verðmæti heildarinnflutnings hefur aukist um 10,3% á árinu, en árið áður var aukningin 12,8%. Almennur innflutningur jókst um 10,4%, en innflutningur sérstakra fjárfestingarvara jókst um 17,3%, aðallega vegna flugvélaкупа, sem jukust úr 250 m.kr. í 425 m.kr. eða um 70%. Einnig jókst innflutningur vegna flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli úr 24 m.kr. 1984 í 65 m.kr. 1985. Innflutningur vegna járnblendiverksmiðju jókst um 30,7%, en innflutningur vegna álbræðslu jókst aðeins um 2,7%.

Tafla III.6 sýnir mánaðarlegan almennan innflutning 1984 og 1985 skipt á olíuinnflutning og annan almennan innflutning á mánaðarlegu meðalgengi ársins 1985, þ.e. tölur fyrir hvern mánuð 1984 hafa verið umreiknaðar til sambærilegs meðalgengis viðkomandi mánaðar 1985. Tölur í þessari töflu eru á c.i.f.-verði, en í töflu III.5 eru innflutningstölur á f.o.b.-verði. Verður bæði þetta og munur á gengisumreikningi til þess að valda því misræmi, sem gætir milli talna í töflu III.5 og III.6. Eins og sjá má í töflu III.6 jókst almennur innflutningur



Tafla III.6. Almennur innflutningur.  
(C.i.f.-verð í m.kr. á mánaðarlegu meðalgengi 1985)

	1984			1985			Hlutfallsbreytingar %		
	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls
Janúar	344	1.456	1.799	285	1.958	2.243	-17,2	34,5	24,7
Febrúar	336	1.639	1.975	740	1.946	2.686	120,1	18,8	36,0
Mars	423	1.985	2.408	417	2.080	2.497	-1,4	4,8	3,7
Apríl	254	1.901	2.155	140	2.005	2.145	44,9	5,5	-0,4
Máí	551	2.703	3.254	293	2.514	2.807	46,8	-7,0	-13,8
Júní	398	2.379	2.776	620	2.414	3.034	55,9	1,5	9,3
Júlí	553	2.271	2.825	530	2.493	3.022	-4,3	9,7	7,0
Ágúst	299	2.217	2.516	424	2.206	2.630	42,0	-0,5	4,6
Sept.	393	2.140	2.533	488	2.465	2.953	24,1	15,2	16,6
Okt.	210	436	646	763	2.903	3.666	...	...	...
Nóv.	934	3.560	4.494	372	2.646	3.018	...	...	...
Des.	418	2.757	3.175	481	2.523	3.004	15,2	-8,5	-5,4
	5.113	25.444	30.556	5.553	28.153	33.705	8,6	10,6	10,3
I. ársfj.	1.103	5.080	6.182	1.442	5.984	7.426	30,7	17,8	20,1
II. ársfj.	1.203	6.983	8.185	1.053	6.933	7.986	-12,5	-0,7	-2,4
III. ársfj.	1.245	6.628	7.874	1.442	7.164	8.605	15,8	8,1	9,3
IV. ársfj.	1.562	6.753	8.315	1.616	8.072	9.688	3,5	19,5	16,5

um 10,3% á árinu 1985, en sé innflutningur olíu, sem jókst um 8,6%, undanskilinn, nam aukning annars almenns innflutnings 10,6%. Hlutfallslega jókst innflutningur mest á fyrsta ársfjórðungi og þar næst á fjórða ársfjórðungi, en á öðrum ársfjórðungi dróst innflutningur saman miðað við sama tímabil árið áður. Á árinu 1984 hafði aukning innflutnings hins vegar orðið mest á öðrum ársfjórðungi, en minnst á síðasta ársfjórðungi. Hlutfallsbreytingar fyrir mánuðina október og nóvember eru ekki sýndar sérstaklega, vegna þess hve mikil röskun varð á tollafgreiðslu í þeim mánuðum á árinu 1984 af völdum verkfalls opinberra starfsmanna.

### Vöruskiptajöfnuður

Vöruskiptajöfnuður 1985 varð óhagstæður um aðeins 10 m.kr. sam-  
anborið við 425 m.kr. halla á árinu 1984 umreiknað til meðalgengis  
1985 og batnaði því frá árinu áður um 415 m.kr. Sé vöruskiptajöfn-  
uður árána 1984 og 1985 leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvöru-  
birgða, sem minnkuðu um 594 m.kr. 1985 á móti aukningu um 886  
m.kr. 1984, reyndist vöruskiptajöfnuður ársins 1985 hins vegar 1.064  
m.kr. óhagstæðari en árið áður, og sé þar að auki sveiflum í innflutn-  
ingi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára með meðaltali síðustu  
þriggja ára, reynist vöruskiptajöfnuður 907 m.kr. óhagstæðari 1985  
en 1984.

### Þjónustujöfnuður


Til þjónustujafnaðar teljast tekjur og gjöld af ferðalögum, sam-  
göngum, tryggingum, vaxtagreiðslum, viðskiptum við varnarliðið  
o.fl. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti reyndust þjónustutekjur hafa  
numið 16.740 m.kr., og er það aukning um 16,3% frá fyrra ári. Þjón-

ustugjöld námu 21.546 m.kr., sem er aukning um 11,9% frá árinu áður. Þjónustujöfnuður varð því óhagstæður um 4.806 m.kr., sem svarar til 4,3% af VLF. Þetta er örlitlu betri útkoma en árið áður, en þá reyndist þjónustujöfnuður óhagstæður um 4.865 m.kr., sem svarar til 4,7% af VLF.

Tafla III.7. Þjónustujöfnuður.  
(Í m.kr. á meðalgengi 1985)

	1984	1985	Breyting í % 1984-85
Þjónustujöfnuður . . . . .	-4.865	-4.806	11,9
Innflutt þjónusta, alls . . . . .	-19.257	-21.546	16,3
Útflutt þjónusta, alls . . . . .	14.392	16.740	13,6
Útgjöld af ferða- og dvalarkostnaði . . . . .	-3.446	-3.916	25,0
Tekjur af erlendum ferðamönnum . . . . .	1.409	1.761	37,0
Útgjöld vegna samgangna . . . . .	-6.345	-8.695	(36,0)
(Par af v/flugfélaga) . . . . .	(-3.208)	(-4.364)	(34,6)
Tekjur af samgöngum . . . . .	6.666	8.974	(22,8)
(Par af v/flugfélaga) . . . . .	(3.961)	(4.865)	(-3,3
Vaxtagjöld . . . . .	-6.418	-6.205	2,9
Vaxtatekjur . . . . .	583	600	13,5
Útgjöld vegna trygginga . . . . .	-608	-690	31,7
Tekjur af tryggingum . . . . .	372	490	-11,9
Tekjur af varnarliði, nettó . . . . .	3.543	3.122	-16,4
Ýmis útgjöld . . . . .	-2.440	-2.040	(-1,8)
(Par af v/álbræðslu) . . . . .	(-503)	(-494)	-1,4
Ýmsar tekjur . . . . .	1.819	1.793	


Útgjöld vegna ferða- og dvalarkostnaðar jukust um 11,9% á móti 38,9% aukningu árið áður. Tekjur af erlendum ferðamönnum jukust um 25% á móti 38,4% árið áður. Útgjöld vegna samgangna jukust um 37%, en tekjur um 34,6%. Námu nettótekjur af samgöngum um 279 m.kr., en 321 m.kr. árið áður, þannig að útkoma samgönguliðarins varð heldur lakari á sl. ári en 1984. Í samgönguliðnum vega tekjur og gjöld flugfélaga þyngst. Mun meiri aukning varð á útgjöldum flugfélaga en tekjum þeirra á árinu 1985, þannig að nettótekjur urðu 252 m.kr. lægri en árið áður. Vaxtagjöld lækkuðu um 3,3% fyrir áhrif lækandi vaxta erlendis, en vaxtatekjur hækkðu um 2,9%, enda fór gjaldeyrisforðinn vaxandi á árinu. Á árinu 1985 námu vaxtagreiðslur nettó 5.605 m.kr., sem er 11,1% af útflutningstekjum á móti 13,1% á árinu 1984 og 11,1% á árinu 1983. Þannig má rekja allan viðskiptahallann til vaxtagjalda nettó. Tekjur af varnarliðinu drógust saman um 11,9% á móti 10% aukningu árið áður. Tafla III.7 sýnir samanburð á helstu liðum þjónustujafnaðar árin 1984 og 1985 ásamt hlutfallslegri breytingu.



## Viðskiptajöfnuður

Viðskiptajöfnuður (vöruskipta- og þjónustujöfnuður) reyndist samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum óhagstæður á árinu 1985 um 4.816 m.kr., sem jafngildir 4,3% af VLF. Árið áður var viðskiptajöfnuður á sama hátt óhagstæður um 5.290 m.kr. eða 5,1% af VLF.





Sé viðskiptajöfnuður árunna 1984 og 1985 hins vegar leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða og sveiflum í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára eins og nánar var útskýrt í sambandi við vöruskiptajöfnuð hér að framan, reyndist viðskiptajöfnuður 1985 vera óhagstæður um 5.327 m.kr. eða 4,8% af VLF, en viðskiptajöfnuður 1984, leiðréttur á sama hátt, óhagstæður um 4.479 m.kr. eða 4,4% af VLF.

### Framlög án endurgjalds

Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfírfærslur, rekstrarframlög til alþjóðastofnana og gjafafé, urðu hagstæð um 8 m.kr. á árinu 1985 á móti 32 m.kr. árið áður.

### Fjármagnsjöfnuður


Fjármagnsjöfnuður er yfirlit yfir allar lántökur erlendis og afborganir af þeim, svo og áhættufjármagn til fjárfestingar, sem annaðhvort kemur erlendis frá eða fer til annarra landa, og ýmsar aðrar fjárfestingar. Lánahreyfingum er annars vegar skipt í hreyfingar til lengri tíma en eins árs, og eru þær nefndar lánahreyfingar til langs tíma, og hins vegar skammtímalán. Alls varð fjármagnsjöfnuður hagstæður um 9.646 m.kr. á árinu 1985 á móti 4.075 m.kr. árið áður, og er þá liðurinn skekkjur og vantalið í báðum tilvikum talinn með í fjármagnsjöfnuði. Mikilvægustu liðir fjármagnsjafnaðar eru langar lántökur og afborganir af slíkum lánnum.

Tafla III.8 sýnir bráðabirgðatölur um hreyfingar langra erlendra lána á árinu 1985 skipt á opinbera aðila, lánastofnanir og einkaaðila, eftir því hverjir af þessum aðilum eru frumlántakendur, þ.e. hafa tekið lánin hjá hinum erlendu aðilum. Til samanburðar eru sýndar

Tafla III.8. Hreyfingar langra erlendra lána.  
(Í m.kr. á meðalgengi ársins 1985)

	Innkomið		Afborganir		Nettóaukning	
	1984	1985	1984	1985	1984	1985
Opinberir aðilar . . . .	5.255	5.560	1.781	1.632	3.474	3.928
Lánastofnanir . . . . .	3.545	3.485	1.851	1.798	1.694	1.687
Einkaaðilar . . . . .	942	880	1.920	1.030	-978	-150
Samtals	9.742	9.925	5.552	4.460	4.190	5.465

tölur fyrir árið 1984, umreiknaðar til meðalgengis 1985. Samtals námu innkomin löng lán 9.925 m.kr., en afborganir 4.460 m.kr., þannig að lántökur til langs tíma námu 5.465 m.kr. nettó samanborið við 4.190 m.kr. árið áður. Samkvæmt bráðabirgðatölum var heildarupphæð langra erlendra lána 66.107 m.kr. í árslok 1985 reiknað á gengi í árslok, en 60.853 m.kr. reiknað á meðalgengi ársins, og svarar það til 54,9% af VLF, en það er hæsta hlutfall, sem verið hefur, og hækkaði úr 52,2% 1984 þrátt fyrir aukningu vergrar landsframleiðslu á árinu 1985. Greiðslubyrði af löngum lánnum, það er afborganir og vextir, nam samkvæmt bráðabirgðatölum 19,2% af útflutningstekjum, þar af 10,4% vegna vaxtagreiðslna og 8,8% vegna afborgana. Þetta eru mun lægri hlutföll en árið áður, en þá nam greiðslubyrðin 24,3%, þar af 12,0% vegna vaxta og 12,3% vegna afborgana. Heildargreiðslur vaxta af öllum skuldum við útlönd, þ.e. bæði langtíma- og skammtímaskuldum að frádregnum vaxtatekjum sýna nettókostnað þjófðarbúsins af skuldastöðunni við útlönd. Á árinu 1985 námu nettógreiðslur vaxta 11,1% af útflutningstekjum á móti 13,1% árið áður. Þetta hlutfall hefur farið hækkanði undanfarinn áratug. Á árinu 1974 var það 3,8%, en hækkaði á árinu 1975 í 6,6% og hélst síðan á milli 6% og 7% til ársins 1980, en hækkaði svo í 9% 1981 og varð hæst 13,1% 1984. Línurit hér til hliðar sýnir skuldastöðu langra erlendra lána á meðalgengi hvers árs í hlutfalli af VLF ásamt greiðslubyrði slíkra lána í hlutfalli af útflutningstekjum sl. tíu ár. Tafla III.9 sýnir stöðu langra erlendra lána í árslok 1981–1985 skipt á gjaldmiðla.



Tafla III.9. Löng erlend lán, flokkuð eftir gjaldmiðlum.  
A. Staða í árslok í m.kr. á gengi í hver árslok

	1981	1982	1983	1984	1985
Bandaríkjadollar	5.307	12.084	20.715	28.145	34.533
Sterlingspund . . . .	293	684	1.961	3.177	3.924
Norsk króna . . . . .	246	435	764	741	864
V-þýskt mark . . . . .	908	2.517	3.635	4.744	6.435
Svissn. franki . . . . .	372	1.017	2.222	4.256	5.767
Hollenskt gyllini . . .	94	180	806	1.037	1.740
Japanskt yen . . . . .	338	1.434	4.401	8.052	10.307
Evrópsk reikn.ein. . . .	434	706	794	855	1.106
Aðrir . . . . .	478	810	1.042	1.242	1.433
Erlend lán, alls . . . .	8.470	19.867	36.340	52.249	66.109

B. Hlutfallsleg skipting lána í lok hvers árs

	1981	1982	1983	1984	1985
Bandaríkjadollar	62,7	60,8	57,0	53,9	52,3
Sterlingspund . . .	3,5	3,4	5,4	6,1	5,9
Norsk króna . . .	2,9	2,2	2,1	1,4	1,3
V-þýskt mark . . .	10,7	12,7	10,0	9,1	9,7
Svissn. franki . . .	4,4	5,1	6,1	8,1	8,7
Hollenskt gyllini .	1,1	0,9	2,2	2,0	2,6
Japanskt yen . . .	4,0	7,2	12,1	15,4	15,6
Evrópsk reikn.ein. .	5,1	3,6	2,2	1,6	1,7
Aðrir . . . . .	5,6	4,1	2,9	2,4	2,2
Erlend lán, alls . .	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Endurlánuð skammtímalán innlánsstofnana jukust um 2.635 m.kr. reiknað á meðalgengi 1985, þar af voru 2.074 m.kr. vegna afurðalána, en innlánsstofnanir fengu heimild til erlendrar lántöku til endurlána út á útflutningsafurðir, þegar lán til útflutningsframleiðslu fluttust frá Seðlabankanum til innlánsstofnana í apríl-júní, en hliðstæð tilfærsla viðbótarlána hófst á árinu 1984. Erlend lausafjárstaða innlánsstofnana versnaði um 326 m.kr., þannig að í heild versnaði erlend skammtímaástaða innlánsstofnana um 2.961 m.kr. Stutt vörukaupalán innflytjenda jukust um 742 m.kr. reiknað á meðalgengi 1985, en ógreiddur útflutningur lækkaði um 1.176 m.kr. reiknað á sama hátt. Nettóinnstreymi á þessum mikilvægu liðum fjármagnsjafnaðarins, langtímalánum, erlendri skammtímaástöðu innlánsstofnana, stuttum vörukaupalánum og ógreiddum útflutningi, nam 10.344 m.kr. Á öðrum liðum fjármagnsjafnaðarins, sem eru erlent einkafjármagn til atvinnurekstrar og ýmsar stuttar fjármagnshreyfingar að meðtöldum skekkjum og vantöldu nettó, var nettóútstreymi 698 m.kr. Í heild var nettóinnstreymi á fjármagnsjöfnuði 9.646 m.kr. eins og fyrr segir.


Tafla III.10. Staða þjóðarbúsins út á við í árslok.  
(Í m.kr. á meðalgengi hvers árs)

	Löng erlend lán	Nettóskuld við útlönd	Staða í hlutfalli (%) af vergri landsframl.		Greiddslubyrði (vextir og afb.) í % af útfluningsst.
			Löng lán	Nettóskuld	
1976 . . .	899	940	31,5	32,9	13,8
1977 . . .	1.219	1.219	29,6	29,6	13,7
1978 . . .	1.971	1.873	30,8	29,3	13,2
1979 . . .	2.930	2.721	31,0	28,8	12,9
1980 . . .	4.623	4.233	29,8	27,3	14,1
1981 . . .	7.523	6.551	31,4	27,4	16,4
1982 . . .	14.907	15.025	40,4	40,7	21,2
1983 . . .	32.126	31.140	51,3	49,7	20,6
1984 . . .	42.566	43.477	52,2	53,3	24,3
1985 <sup>1)</sup> . .	60.853	62.253	54,9	56,1	19,2

<sup>1)</sup> Bráðabirgdatölur.



## Nettóstaða þjóðarbúsins út á við




Nettóstaða þjóðarbúsins út á við samanstendur af öllum skuldum Íslands við önnur lönd að frádregnum erlendum eignum og öðrum kröfum á útlönd. Erlendri fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi og íslenski fjárfestingu í atvinnurekstri erlendis er sleppt. Tafla III.10 sýnir, að nettóskuldir við útlönd námu 62.253 m.kr. í árslok 1985 reiknað á meðalgengi ársins, sem jafngildir 56,1% af VLF. Þetta er hæsta nettóskuldastöðuhlutfall, sem verið hefur, og hækkaði úr 53,3% 1984, 49,7% 1983 og 40,7% 1982, en hafði þar áður haldist innan við 30% um fimm ára skeið. Tafla III.10 sýnir einnig stöðu langra erlendra lána í hlutfalli af VLF og má þar sjá, hve hlutfallið fer ört vaxandi á árunum 1982 og 1983 og nær hámarki á árinu 1985, þegar það er 54,9% af VLF. Að lokum sýnir tafla III.10 greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum langtímalánum í hlutfalli af útflutningstekjum. Þetta hlutfall, sem farið hafði hækkað frá árinu 1979 og náði hámarki á árinu 1984, lækkaði nokkuð á árinu 1985 vegna hækkunar útflutningstekna og lækkunar vaxta á alþjóðafjármagnsmarkaði.

Tafla III.11. Gjaldeyrisstaða Seðlabankans.  
(Í m.kr. á gengi í árslok 1985)

	1982	1983	1984	1985
Gjaldeyrisforði . . . . .	6.300	6.785	6.033	8.751
Gull . . . . .	78	78	78	78
Innstæður í SDR . . . . .	91	2	17	18
Gjaldeyrisstaða við IMF . . . . .	0	185	185	185
Bankainnstæður og verðbréf . . . . .	6.131	6.520	5.753	8.470
Gjaldeyris-skuldir . . . . .	2.389	2.565	3.300	1.080
Nettóstaða . . . . .	3.911	4.220	2.734	7.672

## Gjaldeyrisstaða



Tafla III.11 sýnir gjaldeyrisstöðu Seðlabankans sl. fjögur ár, en þar eru tölur umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 1985. Í 9. töflu í töfluviðauka hér aftan við er hins vegar að finna yfirlit yfir gjaldeyrisstöðu sl. tíu ár á því gengi, sem gildi á hverjum tíma. Í töflu III.11 kemur fram, að gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 8.751 m.kr. í árslok 1985, sem svarar til 27,5% af f.o.b.-verði almenns innflutnings og hafði hækkað úr 19,9% í árslok 1984. Á árinu 1985 jókst gjaldeyrisforði Seðlabankans um 2.718 m.kr. reiknað á gengi í árslok, en rýrnaði um 752 m.kr. 1984. Gjaldeyris-skuldir Seðlabankans lækkuðu um 2.220 m.kr. á árinu, þannig að nettóstaða Seðlabankans batnaði um 4.938 m.kr. reiknað á ársloka-gengi 1985.

Tafla III.12. Gjaldeyrisviðskipti bankanna.  
(Í m.kr. á gengi í lok hvers mánaðar 1985)


	Keyptur gjaldeyrir		Seldur gjaldeyrir		Gjaldeyriskaup bankanna nettó	
	1984 <sup>1)</sup>	1985	1984 <sup>1)</sup>	1985	1984 <sup>1)</sup>	1985
Janúar	2.857	3.760	3.570	4.057	-713	-297
Febrúar	2.674	3.767	3.612	3.839	-938	-72
Mars	3.273	3.705	3.147	3.842	126	-137
Apríl	3.590	5.044	3.193	3.778	397	1.266
Mái	2.901	4.813	3.858	3.765	-957	1.048
Júní	4.793	4.894	4.313	4.483	480	411
Júlí	4.467	7.319	4.940	4.307	-473	3.012
Ágúst	3.677	5.080	4.072	5.474	-395	-394
Sept.	3.338	4.748	3.943	5.884	-605	-1.136
Okt.	4.874	4.444	3.087	4.664	1.787	-220
Nóv.	5.455	6.045	4.848	6.407	607	-362
Des.	6.148	9.021	5.710	7.643	438	1.378
Samtals	48.047	62.640	48.293	58.143	-246	4.497

<sup>1)</sup> Umreiknað til gengis viðkomandi mánaðar 1985 samkvæmt vísitölu landavogar.

## Gjaldeyrisviðskipti

Tafla III.12 sýnir gjaldeyrisviðskipti bankanna, það er gjaldeyriskaup þeirra og gjaldeyrissölu í hverjum mánuði 1984 og 1985, og hafa tölur hvers mánaðar 1984 verið færðar til sambærilegs gengis viðkomandi mánaðar 1985. Á árinu í heild jukust gjaldeyriskaup bankanna um 30,4% miðað við árið áður og heildargjaldeyrissala um 20,4%.

#### IV. FJÁRMÁL RÍKISSJÓÐS



Mikill halli varð á ríkissjóði á árinu 1985. Þetta eru mikil umskipti frá árinu áður, þegar allgott jafnvægi ríkti í fjármálum A-hluta ríkissjóðs. Bráðabirgðatölur sýna 2,4 milljarða króna tekjuhalla A-hluta ríkissjóðs samanborið við 783 milljóna króna afgang 1984. Tekjuhallinn nam 2,3% af þjóðarframleiðslu, og fara verður aftur til áronna 1974 og 1975 til að finna meiri tekjuhalla. Tekjuhallinn 1983, sem talinn var mikill, nam 2% af þjóðarframleiðslu. Greiðsluhalli ríkissjóðs, þ.e. tekjuhallinn að viðbættum lánahreyfingum og breytingum lausaskulda utan Seðlabanka, var svipaður og tekjuhallinn eða 2,5 milljarðar króna. Þessi niðurstaða var mun verri en ráðgert var í fjárlögum, en þau voru afgreidd með 743 m.kr. tekjuhalla og 166 m.kr. greiðsluafgangi. Er líða tók á árið, var ljóst, að afkoma ríkissjóðs yrði mun verri en í fjárlögum. Í ágúst voru áætlanir um fjárhag ríkissjóðs á árinu endurskoðaðar og var þá gert ráð fyrir, að tekjuhalli yrði 1,9 og greiðsluhalli 1,7 milljarðar króna. Tekjuhallinn varð hins vegar ½ milljarði meiri og greiðsluhallinn 800 m.kr. meiri. Það eru einkum tvær ástæður fyrir verri útkomu ríkissjóðs á árinu en í fjárlögum. Í fyrsta lagi jukust útgjöld að raungildi langt umfram áætlun fjárlaga eða um 9% í stað 2%. Í öðru lagi reyndist innheimta skatta tregari en undanfarin ár. Þó varð samdráttur tekna að raunverulegu verðgildi minni en áætlað var í fjárlögum.

Tafla IV.1 veitir yfirlit um fjármál ríkissjóðs á árunum 1980 til 1985. Tekjur, gjöld og tekjujöfnuður eru hér mæld á svokölluðum greiðslugrunni, þ.e. mældar eru innheimtar tekjur og greidd gjöld. Taflan sýnir, að tekjuhallinn á árinu nam 2.371 m.kr. Lánveitingar og hlutfjárframlög nettó sýndu 520 m.kr. útstreymi. Þar af varð 1 m.kr. innstreymi vegna hlutfjár- og stofnframlaga, sem stafaði af því, að sala ríkissjóðs á hlutafé hans í Flugleiðum, Eimskip og Iðnaðarbankanum varð meiri en nam nýjum hlutfjár- og stofnframlögum. Alls voru seld hlutabréf fyrir 127 m.kr., þar af í Flugleiðum 66 m.kr., Eimskip 48 m.kr. og Iðnaðarbankanum 13 m.kr. Lánveitingar námu 878 m.kr., en innheimtar afborganir 357 m.kr. Fjármagnshallinn, þ.e. tekjuhallinn að viðbættum lánveitingum og hlutfjárframlögum nettó, nam 2.891 m.kr. Ef lausaskuldum nettó er bætt við fjármagns-

hallann, fæst mælikvarði í hreina lánsfjárbörf ríkissjóðs, sem hann verður að fjármagna með lántökum umfram greiddar afborganir og/ eða yfirdrætti í Seðlabanka. Hrein lánsfjárbörf nam 3,9 milljörðum króna eða 3,7% af vergri þjóðarframleiðslu, sem er mun meira en árið áður, þegar hún varð 0,2%, en minna en 1983, en þá nam hrein lánsfjárbörf 4,5% af þjóðarframleiðslu ársins. Verg lánsfjárbörf, þ.e. hrein lánsfjárbörf að viðbættum greiddum afborgunum utan Seðlabanka, var 5 milljarðar króna eða 4,8% af þjóðarframleiðslu samanborið við 3,5% 1983 og 6,5% 1982. Helmingi af þessari þörf var mætt með lántökum utan Seðlabanka, þar af voru innlendar lántökur 1,1 milljarður króna og erlendar 1,4 milljarðar króna. Hinum helmingi lánsfjárbærfarinnar var mætt með yfirdrætti og lántökum í Seðlabanka.

Tafla IV.1. Yfirlit um fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni.<sup>1)</sup>  
(Í milljónum króna)

	1980	1981	1982	1983	1984	1985 <sup>2)</sup>
1 Tekjur .....	3.681	5.993	9.577	15.100	20.747	26.889
2 Gjöld .....	3.766	6.075	9.379	16.263	19.964	29.260
3 Tekjuafgangur/halli (-) (1-2)	-85	-82	198	-1.163	783	-2.371
4 Lánveitingar, nettó (-41+42)	-8	-56	-532	-376	-598	-520
41 Lánveit. og hlutafjárframlög	10	61	586	758	750	877
42 Innkomnar afborganir .....	2	5	55	382	151	357
5 Fjármagnsafgangur/þörf (-) (3+4) .....	-93	-138	-334	-1.539	185	-2.891

Fjármögnun:

6 Lántökur utan Seðlabanka, nettó (61-62) .....	83	179	652	1.484	809	1.432
61 Lántökur .....	137	334	926	2.659	3.352	2.547
62 Greiddar afborganir .....	54	155	274	1.175	2.543	1.115
7 Lausaskuldir, nettó .....	72	144	-152	-1.135	-353	-1.032
8 Greiðslujöfnuður (5+6+7) ..	62	185	166	-1.190	641	-2.491
81 Gagnvart Seðlabanka .....	45	164	124	-1.258	446	-2.506
82 Bankainnst. og sjóður .....	17	21	42	68	195	15

Hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu hvers árs (%):

1 Tekjur .....	24,4	25,9	27,0	25,3	26,9	25,6
2 Gjöld .....	25,0	26,3	26,5	27,3	25,9	27,8
3 Tekjuafgangur/halli (-) .....	-0,6	-0,4	0,6	-2,0	1,0	-2,3
4 Greiðslujöfnuður .....	0,4	0,8	0,5	-2,0	0,8	-2,4
Hrein lánsfjárbörf (-5-7) .....	0,1	0,0	1,4	4,5	0,2	3,7
Verg lánsfjárbörf (-5-7+62) ..	0,5	0,6	2,1	6,5	3,5	4,8


<sup>1)</sup> Skv. ríkisreikningi 1980-1984.

<sup>2)</sup> Bráðabirgðatölur skv. mánaðaryfirlitum Ríkisbókhalds.

## Þróunin innan ársins



Strax í upphafi ársins myndaðist óvenjumikill halli á ríkissjóði. Þannig nam tekjuhallinn í janúar 21% af gjöldum. Tekjuhallinn jókst jafnt og þétt framan af árinu eins og venja er. Aukning hallans var þó það mikil, að hún var umfram venjubundna árstíðasveiflu. Þannig





var tekjuhallinn í lok júlí orðinn 2,2 milljarðar króna eða 13,3% af gjöldum. Þessi tekjuhalli var svipaður og á öðrum hallaárum ríkissjóðs, en hallinn janúar til júlí nam 11% af gjöldum 1983 og 9,4% og 13,5% hvort áranna 1978 og 1979. Venjulega batnar staða ríkissjóðs á seinni hluta ársins. Það gerðist þó ekki á árinu 1985, heldur hélt hallinn áfram að vaxa, en náði hámarki í nóvember. Tekjuhallinn janúar til nóvember var 2,8 milljarðar króna, en greiðsluhallinn 2,7 milljarðar. Tekjuhallinn janúar–nóvember varð 10,4% af greiddum gjöldum tímabilsins samanborið við 3,1% 1978, 0,9% 1979 og 7,1% 1983. Eins og oft áður batnaði staðan nokkuð í desember, og tekjuhallinn á árinu í heild varð 2,4 milljarðar króna eða 8,1% af gjöldum samanborið við 7,1% 1983. Sú staðreynd, að tekjuhallinn minnkaði ekki á seinni hluta ársins, bendir til þess, að hinn undirliggjandi halli hafi aukist yfir árið í heild.

## Fyrirgreiðsla Seðlabankans



Árstíðabundinn halli ríkissjóðs var að venju fjármagnaður með yfirdrætti á viðskiptareikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum, en auk þess voru viðskiptareikningarnir yfirdregnir vegna hallans, sem varð á árinu í heild. Til loka september versnaði staða ríkissjóðs á viðskiptareikningum í Seðlabankanum um 2,9 milljarða króna, en heildarstaðan gagnvart Seðlabankanum versnaði um 2,7 milljarða króna, þar sem samningsbundnar afborganir af skuldabréfalánum ríkissjóðs í Seðlabankanum námu 220 m.kr. Í október veitti Seðlabankinn ríkissjóði 1,5 milljarða króna skuldabréfalán til ágúst 1986 til að mæta hallanum á árinu. Á sama tíma var samið um 600 m.kr. lánveitingu til að staðgreiða afurðir til bændu í samræmi við ný lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Ríkissjóður dró á lánið í tveim hlutum, 20 m.kr. í október og 578 m.kr. í desember. Nettóskuldabréfalántaka ríkissjóðs í Seðlabankanum nam 1.384 m.kr. á árinu í heild, sem skiptist þannig, að ný lán námu 2.098 m.kr., en afborganir 714. Staðan á viðskiptareikningum versnaði um 1.122 m.kr., þannig að staðan gagnvart Seðlabankanum versnaði í heild um 2.506 m.kr. Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð má mæla með ýmsum hætti, en oftast nær hefur hún verið mæld með því að líta á, hver skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hefur að meðaltali verið á hverju tímabili umfram það, sem hún var í upphafi tímabilsins. Þetta er því mælikvarði á meðalpeningaústreymi frá Seðlabankanum til ríkissjóðs á tímabilinu. Á árinu 1985 nam þessi fyrirgreiðsla 2.780 m.kr. eins og tafla IV.2 sýnir eða 2,64% af þjóðarframleiðslu samanborið við 0,92% 1984 og 2,08% 1983. Fyrirgreiðslan var með mesta móti allt árið, en þó mun meiri á seinni hluta ársins eins og meðfylgjandi línurit sýnir.



Tafla IV.2. Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð.  
(Meðaltal á árinu)

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Í m.kr. ....	109	231	273	1.242	706	2.780
Hlutfall af VPF .....	0,72	1,00	0,77	2,08	0,92	2,64


## Skuldir við Seðlabankann

Kröfur Seðlabankans á A-hluta ríkissjóðs jukust um 2,9 milljarða króna að meðtöldu endurmati, en um 2,5 milljarða króna án þess. Í árslok nam skuld A-hluta ríkissjóðs 4,1 milljarði króna, sem á meðalverðlagi ársins nam 3,4% af vergri þjóðarframleiðslu. Til samanburðar má geta þess, að skuldin var 1,4% af þjóðarframleiðslu 1984 og 2,1% 1983. Meðfylgjandi línurit sýnir, hvernig skuld A-hluta ríkissjóðs þróaðist á árunum 1976 til 1985, en skuldirnar eru mældar á árslokaverðlagi 1985.

## Þróun tekna og gjalda

Tekjur ríkissjóðs á greiðslugrunni voru 25,6% af þjóðarframleiðslu, sem er lægra hlutfall en árið áður og reyndar einnig lægra en árin 1980 og 1981. Á meðfylgjandi línuriti sést, hvernig tekjur ríkissjóðs hafa þróast á undanförunum árum í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu. Í töflu IV.3 sést nánar þróun teknanna á árunum 1984 og 1985. Tekjurnar falla að raungildi á árinu 1985 eftir mikla aukningu árið áður, en þessi lækkun stafar fyrst og fremst af minni innheimtu tekjuskatta og aðflutningsgjalda. Innheimta tekjuskatta lækkaði samtals um fjórðung að raungildi á árunum 1984 og 1985 og nam 9,4% af heildartekjum 1985 samanborið við 13,2% 1983. Samtímis minnkaði hlutdeild beinna skatta úr 16% í 12,4%, en hlutdeild óbeinna skatta jókst úr 80,7% í 84%. Lækkun tekjuskattsins stafaði af því, að á árinu 1985 kom til framkvæmda 1. áfangi af þrem í niðurfellingu tekjuskatts af almennum launatekjum. Aðflutningsgjöld lækkuðu, m.a. vegna samdráttar í bílainnflutningi á árinu og tollabreytinga í október. Veltuskattar, þ.e. söluskattar og orkujöfnunargjald, vörugjald og hagnaður ÁTVR, jukust um 40% eða um 4,7% að raungildi, en þeir vega þyngst einstakra skattaflokka í skattheimtu ríkissjóðs. Þar af jókst innheimta söluskatts og orkujöfnunargjalds um 39,1%, innheimta vörugjalds jókst um 24,5% og hagnaður ÁTVR um 62,8%. Samdráttur tekna ríkissjóðs var nokkru minni en áætlað var í fjárlögum, en tekjutölur og verðlagsforsendur fjárlaganna fólu í sér 4,5% samdrátt að raungildi.

Útgjöld ríkissjóðs voru 27,8% af þjóðarframleiðslu, sem er hæsta gjaldahlutfall, sem um getur hér á landi, en næst því komst hlutfallið í 27,3% árið 1983. Hlutfallið var hins vegar 25,9% 1984. Gjöldin jukust um 9,8% að raungildi m.v. verðvísitölu vergrar þjóðarframleiðslu. Þetta er óvenjumikil aukning og mun meiri en ráðgerð var í fjárlögum, en útgjaldatölur þeirra og verðlagsforsendur fólu í sér 2% raunaukningu. Eins og tafla IV.3 sýnir varð einna mest aukning á



útgjöldum til félagsmála af stærri útgjaldaflokkum eða um 50,3% eða 12,6% að raungildi, en félagsmálin vega þyngst í útgjöldum ríkissjóðs eða nær 60%. Af útgjöldum til félagsmála varð einna mest aukning á framlögum til húsnæðismála, en liðurinn húsnæði og önnur félagsmál sýndi 106% aukningu eða 54% að raungildi. Útgjöld til atvinnumála lækkuðu um nær 2% að raungildi, þar af lækkuðu niðurgreiðslur um 6,7%, framlög til iðnaðar og orkuvinnslu um 18,5% og til samgangna um 10,3%. Framlög til annarra þátta atvinnumála jukust hins vegar að raungildi, og þar af varð mest aukning á framlögum til sjávarútvegs eða 143% á breytilegu verðlagi og 82% að raungildi, en á árinu var endurgreiddur söluskattur til atvinnugreinarinnar að upphæð 521 m.kr. Útgjöld undir liðnum ýmis mál jukust verulega og munar þar mest um aukin vaxtagjöld ríkissjóðs, sem fóru úr 797 m.kr. 1984 í 1.608 m.kr., þ.e. rúmlega tvöfölduðust og jukust um rúm 50% að raungildi. Vaxtagjöldin námu 5,5% af heildarútgjöldum samanborið við 4% árið áður.

Tafla IV.3. Tekjur og gjöld ríkissjóðs á greiðslugrunni.<sup>1)</sup>

Tekjur:	M.kr. 1985	Hlutfalls- leg sam- setning		Breyting frá fyrra ári (%)		Raunaukning frá fyrra ári (%) <sup>2)</sup>	
		1984	1985	1984	1985	1984	1985
Beinir skattar	3.329	14,0	12,4	20,7	14,4	-4,2	-14,3
Tekjuskattar	2.515	11,1	9,4	15,5	9,1	-8,3	-18,3
Eignarskattar	546	2,0	2,0	45,9	34,1	15,8	0,5
Aðrir	268	0,9	1,0	45,3	34,7	15,3	0,9
Óbeinir skattar	22.599	81,5	84,0	38,5	33,8	9,9	0,2
Aðflutningsgjöld	4.260	17,3	15,8	40,2	19,0	11,3	-10,9
Veltuskattar <sup>3)</sup>	14.220	49,0	52,9	34,7	39,8	6,9	4,7
Skattar af launagreiðslum <sup>4)</sup>	1.927	7,4	7,2	52,3	26,1	20,9	-5,5
Aðrir	2.192	7,8	8,1	38,4	35,6	9,8	1,6
Aðrar tekjur	961	4,5	3,6	91,1	2,2	51,7	-23,4
Tekjur alls	26.889	100,0	100,0	37,4	29,6	9,0	-2,9
Gjöld:							
Almenn mál <sup>5)</sup>	2.808	9,6	9,6	12,6	46,9	-10,6	10,0
Félagsmál	17.392	57,9	59,4	21,3	50,3	-3,7	12,6
Mennta-, menningar- og kirkjumál	5.003	15,7	17,1	18,4	59,2	-6,0	19,3
Heilbrigðismál	2.989	10,3	10,2	15,7	44,9	-8,2	8,5
Tryggingamál	7.733	27,8	26,4	25,6	39,3	-0,3	4,3
Húsnæðis- og félagsmál	1.667	4,1	5,7	19,1	105,5	-5,5	53,9
Atvinnumál	6.890	26,3	23,5	18,3	31,1	-6,1	1,8
þ.a. niðurgreiðslur	1.013	4,1	3,5	-21,4	24,6	-37,6	-6,7
Ýmis mál	2.170	6,2	7,5	33,5	76,9	6,0	32,5
Gjöld alls	29.260	100,0	100,0	20,3	46,6	-4,5	9,8

<sup>1)</sup> Skv. mánaðaryfirlitum Ríkisbókhalds.


<sup>2)</sup> M.v. verðvísitölu vergrar þjóðarframléiðslu.

<sup>3)</sup> Söluskattur og orkujöfnunargjald, vörugjald og hagnaður ÁTVR.

<sup>4)</sup> Launaskattur og tryggingagjöld.

<sup>5)</sup> Almenn stjórn, dómgæsla, löggæsla og utanríkisþjónusta.

## Lánsfjáráætlun



Samkvæmt lánsfjáráætlun var áformað, að A- og B-hluti ríkissjóðs tæki 2.668 m.kr. að láni á árinu, ef lántökur Byggðasjóðs og byggingarsjóðanna eru frátaldar. Af þessari upphæð var áformað að afla 780 m.kr. innanlands, en 1.888 m.kr. erlendis. Lántökur ríkissjóðs urðu 1.057 m.kr. umfram upphaflega lánsfjáráætlun, en þá er ekki talin með lántaka ríkissjóðs í Seðlabankanum, sem kom til vegna halla ríkissjóðs á árinu. Í heild námu því lántökur ríkissjóðs utan Seðlabanka 3.725 m.kr. Innlend lánsfjáröflun nam 1.160 m.kr., en erlendar lántökur 2.565 m.kr. Í heild urðu lántökurnar 3,5% af þjóðarframleiðslu, samanborið við 3,8% 1984 og 3,2% 1983. Innlend lánsfjáröflun jókst töluvert frá árinu áður, en þá var hún sérstaklega erfið vegna mikillar innlausnar spariskírteina. Innlenda lánsfjáröflunin varð 1,1% af þjóðarframleiðslu, samanborið við 0,3% 1984 og 1,1% 1983. Á árunum þar á undan var innlenda lánsfjáráætlunin yfirleitt nokkru hærri en þetta. Erlend lántaka varð 2,4% af þjóðarframleiðslu, minni en árið áður, þegar hún var 3,5%, en frá því að farið var að gera lánsfjáráætlun upp með núverandi hætti á árinu 1976, hefur erlenda lántakan aldrei verið meiri en þá. Tafla IV.4, sem sýnir uppgjör lánsfjáráætlunar ríkisins árin 1980–1985, gefur nánara yfirlit um þróun lánsfjáröflunar á undanföllum árum.

Tafla IV.4. Lánsfjármögnun framkvæmda ríkisins.  
(Í milljónum króna)

	1980	1981	1982	1983	1984	1985 <sup>1)</sup>
Ríkissjóður alls .....	396	652	1.259	1.890	2.892	3.725
A-hluti .....	128	239	317	535	1.937	2.547
B-hluti .....	268	413	942	1.355	955	1.178
Byggðalínur .....	52	68	112	–	–	–
Aðrar orkuframkvæmdir ...	100	188	304	233	195	216
Fjármagnskostnaður .....	42	56	277	743	328	454
Lánasj. ísl. námsmanna ....						340
Annað .....	74	101	249	379	432	168
Fjármögnun .....	396	652	1.259	1.890	2.892	3.725
Innlend fjáröflun .....	250	318	459	673	239	1.160
Spariskírteini nettó .....	168	160	246	461	–143	525
Seld spariskírteini .....	70	50	132	101	374	1.485
Innheimta af endurl.sp.fé ...	98	110	114	360	901	729
–Innlausn .....						
Verðbréfa kaup bankakerfis .	37	76	70	19	–	–
Verðbréfa kaup lífeyrissj. ....	12	57	55	87	127	–
Önnur innlend fjáröflun .....	33	26	88	106	255	635
Erlend lán .....	146	334	800	1.217	2.653	2.565
Hlutföll af VPF (%):						
Lánsfjármögnun, samtals .....	2,6	2,8	3,6	3,2	3,8	3,5
Innlend lánsfjáröflun .....	1,6	1,4	1,3	1,1	0,3	1,1
Erlend lán .....	1,0	1,4	2,3	2,1	3,5	2,4

<sup>1)</sup> Bráðabirgðatölur.



Tafla IV.5 sýnir lánsfjáráætlun ríkisins 1985, breytingar hennar og bráðabirgðaniðurstöður. Þar sést, að nær allar viðbótarlántökur áttu sér stað vegna lánsfjáröflunar A-hluta ríkissjóðs, eða 1.021 m.kr. Viðbótarlántökur B-hlutans námu aðeins 36 m.kr. Af 3.725 m.kr. heildarlántökum runnu 2.547 m.kr. til A-hlutans, en 1.178 m.kr. til B-hlutans. Mestar urðu lántökur B-hlutans vegna endurgreiðslna af Kröflulánum, eða 454 m.kr. Lántökur vegna orkuframkvæmda námu 216 m.kr., þar af 206 m.kr. vegna almennra framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins. Lántökur vegna almennra orkuframkvæmda eru nú mun minni hluti af heildarlántökum ríkissjóðs en á árunum 1980–1982, en þá voru þær yfirleitt um fjórðungur af lántökunum. Samhliða minni orkuframkvæmdum voru lántökur vegna þeirra komnar niður í 6,7% af heildarlántökum 1984 og urðu 5,8% 1985.

Tafla IV.5. Lánsfjáráætlun ríkisins 1985.  
(Í milljónum króna)

	Lánsfjár- lög	Breyt- ingar	Bráða- birgða- útkoma
Ríkissjóður alls .....	2.668	1.057	3.725
A-hluti .....	1.526	1.021 <sup>1)</sup>	2.547
B-hluti .....	1.142	36	1.178
Byggingarsjóður rannsóknarstofnana atvinnuveganna .....	5	–	5
Laxeldisstöðin í Kollafirði .....	5	–	5
Lánasjóður ísl. námsmanna .....	340	–	340
RARIK-almennar framkvæmdir .....	169	37	206
Kröfluvirkjun-fjármagnsútgjöld .....	500	–46	454
Orkusjóður-hitaveitulán .....	10	–10	–
Orkusjóður-jarðhitaleit .....	10	–	10
Póstur og sími, sjálfv. sími .....	–	58 <sup>2)</sup>	58
Umferðarmiðstöð .....	3	–3	–
Flugstöð í Keflavík .....	100	–	100
Fjármögnun alls .....	2.668	1.057	3.725
Innlend fjáröflun .....	780	380	1.160
Útgáfa spariskírteina .....	400	1.085	1.485
Innheimtufé spariskírteina .....	650	79	729
– Innlausn spariskírteina .....	–650	–1.039	–1.689
Önnur innlend fjáröflun .....	380 <sup>3)</sup>	255	635 <sup>4)</sup>
Erlend lán .....	1.888	677	2.565

<sup>1)</sup> Viðbótarlántökuheimildir A-hluta ríkissjóðs námu 407 m.kr., þar af 279 m.kr. í tengslum við ýmis eignakaup ríkissjóðs og 128 m.kr. vegna skuldbreytinga. Auk þess nam innstreymi í Endurlán ríkissjóðs 614 m.kr. umfram áætlun og rann það fjármagn til A-hluta ríkissjóðs.

<sup>2)</sup> Þar af 32 m.kr. vegna lántökuheimildar í lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma, og 26 m.kr. vegna skuldbreytinga eldri lána.


<sup>3)</sup> Skuldbreyting lána hjá Endurlánum 180 m.kr. Annað 200 m.kr.

<sup>4)</sup> A-hluti ríkissjóðs fékk 311 m.kr. frá Endurlánum ríkissjóðs, þ.a. 128 m.kr. vegna skuldbreytinga. Beinir innlendir lántökur ríkissjóðs utan Endurlána og Seðlabanka námu 279 m.kr. Byggingarsjóður rannsóknarstofnana atvinnuveganna aflaði sinna 5 m.kr. innanlands. Að lokum námu skuldbreytingar RARIK hjá Endurlánum 40 m.kr.

Þessi þróun hefur farið saman við minni hlut B-hlutans í heild í lántökunum. Hann var rúmlega tveir þriðju á árunum 1980 til 1983, en varð ekki nema um þriðjungur bæði árin 1984 og 1985. Af öðrum stórum lántökum B-hluta aðila má nefna lántökur Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sem urðu 340 m.kr., og vegna flugstöðvar í Keflavík, sem urðu 100 m.kr. Lántökur vegna LÍN hafa verið vaxandi hluti af heildarlántökum ríkissjóðs á undanförunum árum. Árið 1980 voru þær um 3% af lántökunum og um 5% árin 1981 og 1982, en voru um 9% á árunum 1984 og 1985.

Innlend lánsfjáröflun gekk mun betur á árinu en árið áður. Áætlað hafði verið, að spariskírteini myndu nettó gefa 400 m.kr., en útkoman varð 525 m.kr. Alls voru seld ný spariskírteini fyrir 1.485 m.kr., en innlausn varð 1.689 m.kr. Þetta er mun betri útkoma en árið áður, en þá varð innlausnin rúmur milljarður umfram sölu. Til að ná þessari niðurstöðu reyndist nauðsynlegt að halda vöxtum spariskírteina háum á árinu. Voru vextirnir 7% umfram verðtryggingu mestallt árið, en í október og nóvember voru skírteinin seld með afköllum, þannig að ávöxtun varð 9,23% á skírteinum, seldum í október, og 8,1% í nóvember. Lífeyrissjóðirnir keyptu þetta árið engin verðbréf af öðrum hlutum ríkissjóðs en byggingarsjóðunum, en slík verðbréfakaup námu 127 m.kr. árið 1984. Önnur innlend fjáröflun varð 635 m.kr., sem er óvenjuhár hluti innlendu fjáröflunarinnar, eða um 55%. Hér munaði mest um 311 m.kr. lántökur hjá Endurlánunum ríkissjóðs, sem komu til vegna skuldbreytinga og sjóðsmyndunar hjá Endurlánunum, og um 279 m.kr. lántökur í tengslum við ýmis eignakaup ríkissjóðs.

## V. PENINGAMÁL



Árið 1985 var fengist við svipuð vandamál í peningamálum og undan-  
gingin ár svo sem óhóflega aukningu útlána og rýra lausafjárstöðu  
innlánsstofnana. Eins og fram kemur hér á eftir, náðist að ýmsu leyti  
góður árangur. T.d. var betra jafnvægi milli þróunar innlána og út-  
lána innlánsstofnana en verið hefur um árabíl, og staða þeirra og  
gjaldyrisjöfnuður batnaði. Aftur á móti komu fram önnur vanda-  
mál, einkum mikill halli á rekstri ríkissjóðs, eins og greint er í kafla  
um ríkisfjármál hér að framan, sem að verulegu leyti var mætt með  
lánnum frá Seðlabanka. Gjaldþrot hjá stórum viðskiptavini eins ríkis-  
bankanna setti svip sinn á umræðu um uppbyggingu og stöðu banka-  
kerfisins, en vegna lagasetningar um banka og sparisjóði hafa þau  
mál verið ofarlega á baugi að undanfögnu.

Aukning peningamagns, þ.e. seðla og myntar í umferð og veltiinn-  
lána, nam 27% árið 1985, sem er tiltölulega lítið í samanburði við  
35% hækkun verðlags skv. lánskjaravísitölu. Árið áður varð aukning  
peningamagns veruleg eða um 43% samanborið við 19% hækkun  
lánskjaravísitölu. Aftur á móti varð mikil aukning á sparifé í bönkum  
og sparisjóðum. Að meðaltali svaraði peningamagn og sparifé til  
31% af landsframleiðslu árið 1985 og hefur ekki verið hærra síðan  
árið 1973.

Viss nýmæli röskuðu mjög mælikvörðum, sem gjarnan er litið til,  
þegar meta skal framvindu peningamála. Vegna nýrra sparifjárreikn-  
inga varð t.d. lítil aukning á bundnu sparifé, gagnstætt því sem verið  
hefur undanfarin ár, en veruleg aukning á óbundnu sparifé. Í reikn-  
ingum bankakerfisins má sjá, að peningamagn og óbundið sparifé  
(M2) jókst um 61%, en peningamagn og allt sparifé (M3) um 47%.  
Lausafé í eigu fyrirtækja og heimila hefur því aukist verulega.

### Grunnfé

Niðurfelling endurkaupa og lækkun innlánsbindingar, sem lýst er hér  
á eftir, olli verulegri röskun algengra mælikvarða. Lækkun grunnfjár  
á öðrum ársfjórðungi stafaði eingöngu af þessari aðgerð. Breyting  
grunnfjár ræðst af breytingum á gjaldyrisstöðu Seðlabankans og



kröfum á ríkissjóð og aðra innlenda aðila og þykir hún gefa vísbendingu um áhrif af viðskiptum Seðlabankans á peningamyndun. Hóflæg aukning grunnfjár yfir árið 1985 um 25% væri að öðru jöfnu vísbending um aðhaldssöm seðlabankaviðskipti, ef lækkun innlánsbindingar lægi ekki að baki. Sé reynt að leiðrétta fyrir þessum óreglulega þætti, má ætla að 40–50% aukning grunnfjár gæfi réttari heildarmynd af viðskiptum Seðlabankans.

## Útlán

### Útlán innlánsstofnana 12 mán. breytingar

Til loka:	
ágúst '84	50%
des. '84	46%
apríl '85	40%
ágúst '85	35%
des. '85	30%

Stefnt var að því, að útlán bankakerfisins ykjust heldur minna á árinu en sem svaraði verðlagsbreytingum. Í því skyni samdi Seðlabankinn við nokkra banka og sparisjóði um útlánaaðhald í 3–4 mánuði í senn. Við upphaf ársins var miðað við, að útlán ykjust ekki um meira en 20% á árinu, en vegna nýrra verðhækkana var síðar miðað við hærri tölu eða um 28%. Nokkuð dró úr útlánaaukningu innlánsstofnana frá fyrra ári eins og sést á tölum hér á blaðröndinni, sem sýna aukninguna síðustu 12 mánuði hverju sinni. Hér eru meðtalin afurðalán, sem að hluta til eru fjármögnuð með erlendum lánnum, eins og vikið er að síðar, en hjöðnun útlánaaukningarinnar skýrist að hluta til af lítilli aukningu afurðalána þar sem birgðahald útflutningsgreina hefur minnkað. Talið er að í lok ársins hafi verðmæti útflutningsvöru-birgða og ógreidds útflutnings verið um 20% lægra en í ársbyrjun og er þá reiknað á föstu gengi. Samningar um útlánaaðhald eiga hér einnig hlut að máli. Þeir beindust einkum að öðrum lánnum en afurðalánnum og einungis að þeim bönkum og sparisjóðum, sem bjuggu við rýra lausafjárstöðu og þurftu því á sérstakri fyrirgreiðslu Seðlabankans að halda.

Enda þótt útlánaaukning innlánsstofnana hafi hjaðnað, er ljóst, að önnur lán bankakerfisins hafa aukist verulega. Er þá einkum átt við lán Seðlabankans til ríkisins. Lán Seðlabankans til A-hluta ríkissjóðs hækkðu um 2,9 milljarða króna samanbórið við 214 m.kr. lækkun árið 1984. Kröfur Seðlabankans á ríkisstofnanir lækkuðu á árinu um 866 m.kr. og munar þar mest um erlent lánsfé vegna framkvæmdaáætlunar, sem tekið var heim og lagt inn á reikning í Seðlabankanum. Endurlánað erlent lánsfé bankanna jókst verulega fram eftir árinu, en undir lok þess dró úr aukningunni. Yfir árið í heild nam aukningin 26%, en 34% árið áður.


Dregin er upp heildarmynd af lánþróun í bankakerfinu með tölum hér á blaðrönd, sem sýna breytingar á svonefndum innlendum liðum, en með þeim er átt við kröfur bankakerfisins (lán og endurlán) á innlenda aðila að frádregnum skuldum þess við opinbera sjóði o.þ.h., sem ekki eru til almennrar ráðstöfunar og því ekki taldar í peningamagni.

### Innlendir liðir


#### 12 mán. breytingar

Til loka:	
ágúst '84	43,0%
des. '84	41,7%
apríl '85	41,4%
ágúst '85	41,0%
des. '85	33,4%

## Peningamagn og sparifé



Peningamagn og sparifé jókst um 47% árið 1985 samanborið við 33% árið á undan. Meðaltal peningamagns og sparifjár að meðtöldum áföllnum vöxtum árið 1985 svaraði til 30,9% af landsframleiðslu samanborið við 28,4% árið 1984. Hlutfallið var lægst 20,9% árið 1978. Meginhluti peningamagns og sparifjár eru innlán innlánsstofnana, en þau eru sýnd hér á línuriti sem hlutfall af landsframleiðslu fyrir nokkur ár. Sýnd eru tvö hlutföll fyrir árið 1980, hið síðara samkvæmt nýrri uppgjörsaðferð þjóðhagsreikninga (nýtt SNA). Tölurnar bera þess merki, að peningalegur sparnaður sé í örum vexti í kjölfar hækkunar raunvaxta og mikillar kynningar á kjörum innlána. Samsetning peningamagns og sparifjár tók miklum breytingum eftir að fram komu ýmis ný innlánsform hjá bönkum og sparisjóðum með svonefndum skiptikjörum. Ávöxtun slíkra innlána ræðst annaðhvort af nafnvöxtum eða vísitölubreytingu á tilteknu tímabili, eftir því hvort er sparifjáreigendum hagstæðara. Tilboð innlánsstofnana um slík kjör eru afleiðing þeirrar reynslu undangenginna ára, að sparifjáreigendur fluttu fé í stórum stíl milli reikninga með hliðsjón af horfum í vaxta- og verðlagsmálum. Fé á nýju reikningunum er í flestum tilvikum óbundið, en inn á þá hefur m.a. flust fé af bundnum reikningum og almennum sparibókum. Í árslok 1985 námu innstæður á þeim 10,5 milljörðum króna eða 27,6% heildarinnlána. Í hag-




skýrslum eru þessar innstæður taldar með peningamagni og almennum sparifé (M2) og jókst það um 61% árið 1985, á meðan aukning bundins sparifjár var fremur lítil eða um 15%. Innlánskjör þessara reikninga eru því betri sem féð er lengur óhreyft þannig að skyldleiki þeirra við bundnar innstæður er ótvíræður. Séu innstæður á óbundnum skiptikjarareikningum taldar með bundnu sparifé, kemur í ljós, að „bundið“ sparifé hefur aukist um 80% árið 1985, en M2 um 24%.

## Staða inn- lánsstofnana

Hlutdeild innstæðna á almennum sparibókum í heildarinnlánum lækkaði verulega á árinu eða úr 32,2% í upphafi ársins í 25,2% í lok þess, og eru almennu sparibækurnar ekki lengur stærsti innlána-flokkurinn.

Þróun útlána og innlána árið 1985 var innlánsstofnunum hagstæð á heildina litið. Heildarinnlán jukust um 48%, en útlán um 30%. Árið áður nam aukning innlána 34% en útlána 46%. Eins og að líkum lætur var þróun lausafjárstöðu innlánsstofnana ólík þessi ár. Hún batnaði um rúmar 100 millj. króna árið 1985, en versnaði um 1 milljarð króna árið áður. Umskiptin í stöðu innlánsstofnana eru í rauninni mun meiri, ef einnig er tekið tillit til þátta, sem teljast utan lausafjárstöðu, svo sem endurkaupa, innlánsbindingar o.fl. Heildarstaða þeirra gagnvart Seðlabanka ásamt lausafjárstöðu við útlönd og (að frádregnum) erlendum lánnum vegna afurðalána batnaði um 3,8 milljarða króna árið 1985, en versnaði um 2,6 milljarða króna árið áður. Þótt staða innlánsstofnana gagnvart Seðlabanka og útlöndum hafi þannig styrkst verulega, þegar á heildina er litið, er staða einstakra banka þó afar misjöfn að þessu leyti.




Svo sem fram kom í ársskýrslu Seðlabankans 1984 hefur á undanförunum árum oft myndast misvægi í reikningum innlánsstofnana milli verðtryggðra eigna og skulda. Auk þess myndaðist misvægi milli gengisbundinna liða árin 1983 og 1984, en unnið hefur verið að því að eyða slíkri gengisáhættu. Eftirfarandi yfirlit sýnir, að árangur hefur náðst í þeim efnum, en það sýnir einnig, að samræmið milli verðtryggðra eigna og skulda getur raskast á skömmum tíma. Rekstri innlánsstofnana er því mikil hætta búin af mismunandi ávöxtun á þessum tveim sviðum.



Tafla V.1. Hlutföll úr efnahagsreikningum viðskiptabanka í árslok.

	1983	1984	1985
<i>Fjárhagslegar eignir</i>			
Gengisbundnar . . . . .	36,5	39,0	35,5
Verðtryggðar . . . . .	25,8	17,8	21,6
Aðrar . . . . .	37,7	43,2	42,9
	100,0	100,0	100,0
<i>Fjárskuldbindingar</i>			
Gengisbundnar . . . . .	38,0	43,1	34,0
Verðtryggðar . . . . .	14,3	7,3	8,4
Innlán á skiptikjörum . . . . .	–	5,3	14,1
Aðrar . . . . .	40,8	38,0	34,5
Eigið fé o.fl. . . . .	6,9	6,3	9,0
	100,0	100,0	100,0



**Niðurfelling endurkaupa afurðalána**

Í apríl 1985 kom til framkvæmda flutningur afurðalána frá Seðlabanka til innlánsstofnana, svo sem gert var ráð fyrir í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Þá fór fram uppgjör milli Seðlabanka og innlánsstofnana annars vegar vegna lækkunar innlánsbindingar og hins vegar vegna útistandandi lána, sem Seðlabanki hafði endurkeypt til og með 16. apríl, er endurkaupum afurðalána lauk.

Um langt árabíl hefur þátttaka Seðlabankans í fjármögnun lánveitinga til atvinnuveganna falist í endurkaupum á hluta af lánnum, sem viðskiptabankar og sparisjóðir hafa veitt til vissra atvinnuvega. Hefur þessi hluti verið mismunandi mikill frá einum tíma til annars, en hin síðari ár nálægt helmingi af skilaverði afurða.

Til þess að standa undir þessum lánveitingum hafði Seðlabankanum verið heimilað að binda allverulegan hluta af innlánsfé innlánsstofnana eða 28% af heildarinnlánnum. Vegna mikils misvægis innan bankakerfisins í útlánnum einstakra banka og sparisjóða til atvinnuveganna hefur innlánsbindingin einnig þjónað þeim tilgangi að flytja fjármagn frá þeim bönkum og sparisjóðum, sem lána lítið eða ekki til

## Gengisbundin endurkaup

þeirra atvinnuvega, sem njóta endurkaupanna, til hinna, sem lána meginhlutann af því fé, sem atvinnuvegirnir fá frá bankakerfinu.

Pau lán, sem veitt voru, gengu aðeins til ákveðinna atvinnuvega, lengi vel aðeins sjávarútvegs og landbúnaðar, en á seinni árum einnig til framleiðsluáæðnaðar. Lánin hafa nær alltaf borið lægri vexti en önnur lán í bankakerfinu og oftast verulega lægri. Allir, sem stundu framleiðslu í þeim atvinnuvegum, sem endurkaup náðu til, áttu rétt á að fá lán, og lánin urðu því algerlega sjálfvirk. Seðlabankinn var skyldugur að endurkaupa þessi lán. Þetta þrennt gerði þessi lán að forréttindalánum, ekki síst í því ástandi, sem ríkt hefur lengst af á íslenskum fjármagnsmarkaði og einkennst hefur af rótgrónum fjármagnsskorti.

Þessi einkenni endurkaupalánanna og þó aðallega sjálfvirkni þeirra gerðu Seðlabankanum ókleift að hafa þau áhrif á aukningu peningamagns, sem nauðsynlegt var, ef hafa átti stjórn á þróun peningamála. Afleiðing af þessu var svo, að þróun endurkaupanna gekk oft þvert á þá stefnu, sem nauðsynleg var, ef hafa átti hemil á aukningu peningamagns, enda lutu endurkaupin allt öðrum lögmaum.

Innlánsstofnanir, sem skulduðu Seðlabanka gengisbundin afurðalán, endurgreiddu þau í þremur áföngum, í apríl, maí og júní. Samtals var um að ræða 4.182 milljónir króna miðað við gengi í lok apríl. Innlánsstofnunum var gert þetta kleift með tvennum hætti. Annars vegar geta þær fengið nýtt gengisbundið lán í Seðlabanka innan ákveðins kvóta, sem settur var hverjum banka og sparisjóði eins og skýrt er hér á eftir. Hins vegar geta þær tekið lán erlendis að ákveðnu marki, sem miðast við, að þær geti veitt útflutningsatvinnuvegum lán sem svarar til 75% af skilaverði útflutningsvörubirgða. Um þetta voru settar reglur haustið 1984, og höfðu innlánsstofnanir undirbúið breytinguna í apríl í samræmi við þær.

Kvóti SDR-lána í Seðlabankanum verður breytilegur að ákvörðun Seðlabankans, en var nú í fyrstu ákveðinn samtals 50 millj. SDR eða jafnvirði 2.078 milljóna króna á gengi í apríl. Honum er skipt milli banka og sparisjóða í hlutfalli við stærð án tillits til þess, hvort þeir veita gengisbundin afurðalán eða ekki. Kvótinn verður ekki framseljanlegur milli innlánsstofnana, þannig að stofnun, sem ekki veitir gengisbundin afurðalán, getur ekki nýtt sinn kvóta í Seðlabankanum. Mörgum stofnunum nægir kvótinn fyrir þeim afurðalánnum, sem þær kunna að veita, og þurfa þær því ekki að sækja lánsfé á erlenda lána-markaði. Þetta er einmitt einn megintilgangur SDR-kvótans, en jafnframt nýtist hann öllum stofnunum, sem veita afurðalánþjónustu, til að jafna gjaldeyrisskuldbindingar sínar með skömmum fyrirvara. Með því að kvótinn er allstór nú í fyrstu, þurfa innlánsstofnanir minna að sækja á erlenda markaði, en stórfelldar lántökur þar kynnu

að skaða lánstraust og rýra lánskjör. Reynt verður að halda vöxtum af lánum innan kvóta svipuðum þeim vöxtum, sem innlánsstofnanir þyrftu að greiða erlendis, svo að þær séu jafnt settar að þessu leyti. Kvótalán frá Seðlabankanum eru að því leyti frábrugðin endurkaupum bankans, að lánin standa ekki í beinum tengslum við ákveðin útlán innlánsstofnana.

Innlánsstofnanir fjármagna nú lán út á útflutningsvörubirgðir með þrennum hætti, því að auk erlendra lána og kvótalána ber þeim fyrst að veita fé af innlendum gjaldeyrisreikningum, sem ekki er bundið eða ráðstafað á annan leyfðan hátt, í þennan farveg. Notkun erlendra lána og kvótalána takmarkast því af tveimur þáttum, þ.e. af gengisbundnum afurðalánum að 75% markinu annars vegar, og lausu fé innlendra gjaldeyrisreikninga hins vegar. Innstæður innlendra gjaldeyrisreikninga jukust nokkuð eftir að reglur um þá voru rýmkaðar í ágústmánuði (sjá annál). Hlutdeild þeirra í heildarinnlánum nam 7% í árslok.

Framangreindar breytingar varðandi gengisbundin afurðalán gáfu ekki tilefni til að lækka innlánsbindingu, þótt endurkaup Seðlabankans minnkuðu. Breytingarnar hafa það í för með sér að skuldir innlánsstofnana gagnvart útlöndum aukast, en skuldir Seðlabankans lækka. Staða bankakerfisins gagnvart útlöndum ætti að vera óbreytt á heildina litið, en það yrði hún ekki ef innlánsbinding væri lækkuð. Má því segja, að innlánsbinding gegni áfram því hlutverki að safna fé til að miðla í ákveðinn farveg. Í eftirfarandi töflu kemur fram yfirlit yfir áhrif þessara breytinga á efnahag Seðlabanka.

*Tafla V.2. Áhrif á efnahag Seðlabankans af uppgjöri endurkeypra útflutningsafurðalána.*

	<i>Breyting</i>	
	<i>16. apríl–31. júlí 1985</i>	
Endurkaup . . . . .	-4.182	millj. kr.
SDR-lánaheimild í Seðlabanka . . . . .	+670	“
Gjaldeyrisstaða Seðlabanka . . . . .	+3.512	“
Nettóbreyting á eignum Seðlabanka . . . . .	0	“

**Endurkaup lána út á afurðir til sölu innanlands**

Hinn 20. apríl sl. voru gerð upp að fullu þau lán, sem Seðlabanki hafði endurkeypt vegna framleiðslu til sölu innanlands, svonefnd krónuendurkaup, samtals að fjárhæð 1.685 m.kr. Innlánsstofnanir endurgreiddu þau með tvennum hætti: Annars vegar var innlánsbinding lækkuð á móti þessu úr 28% í 18% af innlánum. Nægði sú lækkun ekki fyrir umræddri skuld, fékk viðkomandi stofnun skuldabréfalán hjá Seðlabanka fyrir mismuninum. Þessi lán eru til 10 ára, afborgunarlausa fyrsta árið með vöxtum, sem eru 1,5% lægri en útlánsvextir afurðalána innlánsstofnana á hverjum tíma. Fjárhæð bréfanna, sem hér um ræðir, nam samtals 158 millj. króna.



Fyrir flestar innlánsstofnanir nam lækkun innlánsbindingar hærrí fjárhæð en afurðalánin, sem greiða þurfti Seðlabankanum. Þær fengu mismuninn í sinn hlut, en til að forðast, að það leiddi til skyndilegrar útlánaþenslu, fengu þær fjárhæðina greidda í skuldabréfum, sem Seðlabanki gaf út og greiðir á 6 árum. Þriðjungur bréfanna er óverðtryggður, en tveir þriðju hlutar verðtryggðir. Vextir miðast við vexti þá, sem Seðlabankinn greiðir af innlánsbindingu. Fjárhæð þessara bréfa er samtals um 938 milljónir króna. Yfirlit yfir uppgjör þetta fylgir hér á eftir.

*Tafla V.3. Uppgjör innlánsbindingar og endurkeypra lána út á afurðir til sölu innanlands.*

	<i>Breyting</i>	
	<i>16.-30. apríl 1985</i>	
Endurkaup . . . . .	-1.685	millj.kr.
Verðbréf, keypt af innlánsstofnunum . . . . .	+208	“
Nettóbreyting á eignum Seðlabanka . . . . .	-1.477	millj.kr.
Skyldubundnar innstæður . . . . .	-2.505	millj.kr.
Verðbréf, seld innlánsstofnunum . . . . .	+938	“
Aukning innstæðna innlánsstofnana . . . . .	+90	“
Nettóbreyting á skuldum Seðlabanka . . . . .	-1.477	millj.kr.

Ljóst er, að aðstaða innlánsstofnana til að veita lán út á afurðir til sölu innanlands breyttist verulega við það, að Seðlabanki hætti að endurkaupa þau að hluta. Lækkun innlánsbindingar eykur ráðstöfunarfé þeirra, frá því sem það hefði ella orðið. Áðurnefnd lán Seðlabankans til tíu ára auðvelda þeim og að halda sambærilegri fyrirgreiðslu áfram. Jafnframt er þess vænst að innlánsstofnanir noti þetta tímabil til aðlögunar og afurðalán verði flutt á milli stofnana, þannig að meira jafnvægi náist milli lánveitinga af þessu tagi og ráðstöfunarfjár. Forsenda fyrir því, að svo geti orðið, er, að vextir afurðalána verði sambærilegir við vexti annarra útlána. Að öðrum kosti munu innlánsstofnanir verða ófúsar til að taka að sér þessa lánastarfsemi.


**Vextir**

Fjármögnun afurðalána er nú að öllu leyti í höndum innlánsstofnana, og Seðlabankinn á ekki lengur beina aðild að henni. Fjármagnskostnaður gengisbundinna afurðalána ræðst nú fyrst og fremst af lánskjörum á erlendum lánamörkuðum og eru vextirnir nú endurskoðaðir mánaðarlega með hliðsjón af vöxtum erlendis.

Fjármagnskostnaður innlánsstofnana vegna annarra afurðalána breyttist einnig verulega og mun í vaxandi mæli ráðast af almennu vaxtastigi hér. Á árinu voru tekin tvö skref til aðlögunar þessara vaxta að almennum útlánsvöxtum, nánar til tekið í september og desember. Samtals hækkuðu þeir um 2,25% umfram aðra vexti og má ætla, að munur ávöxtunar þessara lána og almennra útlána hafi verið tæp 4% í árslok.

Auk þess að ákveða vexti afurðalána fór Seðlabankinn einn með ákvörðun vanskilavaxta, vaxta verðtryggðra lána innlánsstofnana og vaxta skuldabréfa, útgefina fyrir 11. ágúst 1984. Á innlánahlið fór Seðlabankinn með ákvörðun vaxta af almennum spariinnlánnum. Ákvörðun um aðra vexti innlánsstofnana var í höndum þeirra sjálfra að fengnu samþykki Seðlabankans.

Í ársskýrslu Seðlabankans 1984 er gerð grein fyrir nokkrum breytingum í vaxtamálum, er gengu í gildi í lok þess árs, er Seðlabankinn tók ákveðnari forustu um útlánsvexti en hann hafði haft frá því í ágúst 1984. Árið 1985 hafnaði bankinn nokkrum sinnum ákvörðunum innlánsstofnana um útlánsvexti, sem gengu fram úr tilteknum mörkum. Í byrjun ársins lækkaði Seðlabankinn vexti verðtryggðra útlána, eins og fram kemur í yfirlitum hér aftar í skýrslunni, og voru þeir óbreyttir allt árið að ákvörðun hans.



Frá ársbyrjun 1985 lét Seðlabankinn vexti almennra skuldabréfa, útgefina fyrir 11. ágúst 1984, fylgja meðalvöxtum sams konar bréfa hjá bönkum og sparisjóðum. Vanskilavexti lét hann einnig ráðast af slíku meðaltali.


Almenn vaxtabreyting var gerð í maí, er útlit var fyrir hjöðnun verðbólgu. Seðlabankinn lækkaði þá vexti almennra sparibóka úr 24% í 22%, en bankar lækkuðu vexti sína mismunandi mikið. Að meðaltali lækkuðu vextir víxla, hlaupareikningslána og óverðtryggðra skuldabréfa um 3 prósentustig. Spár um lækkun verðbólgu rättust ekki að fullu og hækkðu því vextirnir aftur í júlí og samræmdust þeim, sem hæstir voru fyrir. Hækkuðu þá meðalvextir þessara útlána um 1–2

prósentustig. Raunvextir voru nokkru lægri árið 1985 en árið áður eins og fram kemur á meðfylgjandi línuritum.

Á fyrri hluta ársins kom fram nýjung varðandi kjör svonefndra viðskiptavísla og viðskiptaskuldabréfa í innlánsstofnunum, sem nokkrir bankar og sparisjóðir tóku upp. Kaupa þeir slík viðskiptabréf á ákveðnu gengi, þ.e.a.s. með afföllum. Umrædd bréf verða gjarnan til í afborganaviðskiptum í verslunum eða t.d. í viðskiptum milli heildsala og smásala. Fáir seljandi voru andvirðið greitt með víxli, sem hann selur í banka, telur bankinn þetta vera viðskiptavíxil, sem er ólíkur öðrum víxlum bankans, þar sem ekki er um að ræða beint lán til skuldara. Kjör viðskiptavísla við bankann eru skuldaranum óviðkomandi. Ekki er auðvelt að gera samanburð á ávöxtun viðskiptavísla, eftir því hvort notaðir eru forvextir eða gengi, þar sem margir þættir hafa hér áhrif svo sem fjárhæð, lánstími, þóknun og fleira. Þó virðist mega fullyrða, að í flestum tilvikum hafa þeir bankar og sparisjóðir, sem tóku upp gengisáferðina, sett gengið þannig, að það skilar þeim hærri ávöxtun en gildandi kjör viðskiptavísla, þar sem beitt er forvöxtum. Sama á við um viðskiptaskuldabréf.

## Millibankamarkaður

Í tengslum við flutning afurðalána til innlánsstofnana tók Landsbankinn lán erlendis, sem hann endurlánaði að hluta til banka, sem veita gengisbundin afurðalán. Í lok ársins 1985 námu slík lán um 1 milljarði króna. Að öðru leyti urðu litlar breytingar á eðli viðskipta á millibankamarkaði milli árunna 1984 og 1985. Sem fyrr eru farnar tvær leiðir á markaðnum: Í fyrsta lagi er um að ræða bein reikningslán frá einni innlánsstofnun til annarrar, og hafa innlánsstofnanir haft frjálssar hendur um kjör slíkra lána síðan í febrúar 1984. Í öðru lagi getur innlánsstofnun, sem á ónotaðan víxilkvóta í Seðlabanka, framsetelt hann annarri gegn þóknun, sem þær semja um sín á milli. Slæm lausafjárstaða flestra innlánsstofnana hefur komið í veg fyrir, að mikil viðskipti ættu sér stað á millibankamarkaði.





Hér að neðan er sýnt yfirlit yfir framsöl kvótavíxla. Þar sést, að framsöl víxilkvóta sem hlutfall af úthlutun voru hæst 31,6% á öðrum ársfjórðungi, en lægst á fjórða ársfjórðungi, 16,2%. Þetta hlutfall var 1984 2,6–18,6%. Ástæðan fyrir hækkun hlutfalli 1985 er ekki sú, að framsöl hafa aukist í krónum talið, heldur hefur úthlutaður kvóti lækkað vegna mikils yfirdráttar á viðskiptareikningi í Seðlabanka. Framseldur víxilkvóti var að meðaltali 7,3 m.kr. á dag 1985, en 11,7 m.kr. 1984 og hafði því lækkað um 4,4 m.kr. á dag milli ára. Þóknun, sem lántökustofnun greiðir, var í flestum tilfellum 0,0085% af kvóta (dagmilljónum), og var meðalávöxtun framseldra kvótavíxla 41,4%.

*Tafla V.4. Yfirlit yfir framsöl víxilkvóta.  
(% af úthlutun í sviga)*

	<i>Framsöl alls dagm. kr.</i>	<i>Meðaltal á dag í m.kr.</i>	<i>Meðal- ávöxtun í % á ári</i>
1985			
I. ársfj. . . . .	556,6 (20,4)	6,2	43,3
II. ársfj. . . . .	715,3 (31,6)	7,9	42,0
III. ársfj. . . . .	629,1 (26,4)	7,0	39,6
IV. ársfj. . . . .	734,4 (16,2)	8,2	41,1

Einn banki tók á móti vikulegum millibankalánunum, aðallega frá sparisjóðum, og námu þau 2.342 m.kr. 1985 eða að meðaltali 45 m.kr. yfir árið. Nafnvextir þessara lána voru 33%, sem samsvarar 38,95% ávöxtun á ári. Í öðrum millibankaviðskiptum voru forvextir frá 38,5 til 40,5%, sem felur í sér 47,1–52,4% ávöxtun. Ávöxtun í þessum viðskiptum hefur verið töluvert hærri en á almennum útlánunum, en lægri en refsivextir viðskiptareikninga við Seðlabankann.

## VI. LÁNAMARKAÐURINN

Hingað til hefur skort yfirlit yfir lánamarkaðinn í heild, þar sem tekið er tillit til allra viðskipta með peningalega skilgreindar fjáreignir, hvort sem um er að ræða reglubundna starfsemi lánastofnana, fjárstreymi til og frá útlöndum eða viðskipti á verðbréfamarkaði utan hins hefðbundna lánamarkaðar.

Nú liggur fyrir heildstæðara uppgjör hinna einstöku þátta lánamarkaðarins fyrir tímabilið 1970–1985 en til hefur verið til þessa, þar sem verð- og gengistengdar eignir og skuldir eru gerðar upp á ársloka-verði hvers árs. Jafnframt hefur verið unnið að því að koma saman heildaryfirliti, þar sem frá hafa verið dregin innbyrðis viðskipti einstakra aðildarflokka.

Enn sem komið er eru haldbærar upplýsingar um viðskipti á verðbréfamarkaði af skornum skammti og þar af leiðandi ekki unnt að hafa þau viðskipti með í þessu uppgjöri nema að því leyti sem þessi starfsemi varðar hinn hefðbundna lánamarkað.

Allar tölulegar upplýsingar, sem hér er byggt á, eru unnar úr efnahagsreikningum lánastofnana og yfirlitum um erlend lán. Tölur um flokkun lána á lántakendur ber að taka með nokkrum fyrirvara, og um skiptingu sparifjár á eigendur er lítið vitað. Að undanfögnu hefur þó verið unnið að flokkun innstæðna í bönkum og sparisjóðum niður á eigendur, en með því er hægt að skipta stærstum hluta hins frjálsa sparnaðar. Engin gögn liggja hins vegar fyrir um skiptingu tryggingarsjóða tryggingarfélaganna á kröfuhafa né heldur er til flokkun á öðrum frjálsum og kerfisbundnum sparnaði. Þar til að betri upplýsingar fást um það efni, verður ekki farið út í það á þessum vettvangi að skipta sparnaðinum á eigendur. Hins vegar liggja fyrir tölur um heildarstöðu peningalegs sparnaðar og formlega skiptingu hans í frjálstan og kerfisbundinn.

Heildaryfirlit um stöðu peningalegs sparnaðar (fjáreigna) og annan uppruna fjármagns á móti ráðstöfun þess í formi lána til endanlegra notenda kemur fram í heildaruppgjöri á öllum aðilum hins hefðbundna fjármagnsmarkaðar, sem hér verður kallað lánakerfi. Í skýrslum Seðlabankans hafa bankakerfið, fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir kallast einu nafni lánastofnanir. Auk þeirra teljast nú til

lánakerfisins tryggingarfélag, lánasjóðir ríkisins (hér með talin Endurlán ríkissjóðs, Orkusjóður, Hafnabótasjóður, Ríkisábyrgðasjóður, Atvinnuleysistryggingasjóður og Lánasjóður íslenskra námsmanna) og allar fjárkröfur útlanda og á þau.

Peningalegum sparnaði (fjáreignum) er skipt í tvo meginflokkka: Annars vegar frjálsan sparnað, sem verður til af frjálsum vilja hlutaðeigandi aðila, og hins vegar kerfisbundinn sparnað, sem myndast vegna opinberra aðgerða í formi lagalegra og félagslegra kvaða.

Til frjáls sparnaðar teljast innlán í innlánsstofnunum að frádregnum innstæðum og sjóði annarra lánastofnana, seðlar og mynt í umferð, spariskírteini og happdrættisbréf ríkissjóðs og tryggingarsjóðir tryggingarféлага, en tryggingarsjóður jafngildir kröfu tryggingarþega á tryggingarfélag vegna óuppgerðra tjóna.


Til kerfisbundins sparnaðar teljast hins vegar skyldusparnaður í fjárfestingarlánasjóðum, innstæður opinberra sjóða í vörslu Seðlabanka, heildareignir lífeyrissjóða að frádregnum bankainnstæðum og sjóði þeirra, eigið fé annarra innlendra lánastofnana, þar með talið fjárfestingarlánasjóða, bankakerfis og tryggingarféлага og eigið fé lánasjóða ríkisins. Eins og fram kemur hér að framan eru lánasjóðir ríkisins tilteknir sjóðir, sem eru í eigu ríkisins og stunda lánsfjármíðlun, mest til ríkisins. Þess vegna kæmi einnig til álita að lækka bæði eignir og skuldir lánakerfisins um eigið fé þessara sjóða, þannig að það væri ekki talið með kerfisbundnum sparnaði, og útlán til ríkisins lækkuð um sömu fjárhæð á móti.

Segja má, að peningalegur sparnaður eða fjáreignir séu sá hluti innlends sparnaðar, sem ekki er varið beint til fjárfestingar, heldur verður til á og notast fyrir milligöngu hins almenna fjármagnsmarkaðar eins og hann hefur verið skilgreindur hér, einkum til fjárfestingar annarra aðila.

Myndin, sem hér fylgir, sýnir, hvernig staða peningalegs sparnaðar (fjáreigna) hefur þróast frá árinu 1970 til loka ársins 1985. Tölurnar eru allar árslokátölur á föstu meðalverði ársins 1985. Athyglisverð atriði, sem fram koma, eru í fyrsta lagi mikil aukning innlána innlánsstofnana síðustu ár, í öðru lagi samdráttur spariskírteinaeignar á árinu 1984 eftir mikla aukningu á árinu 1983. Mikil innlausn á árinu 1984 réð mestu hér um. Á árinu 1985 hefur sparnaður í formi spariskírteina aukist á ný. Í þriðja lagi hefur orðið mikil aukning á kerfisbundnum sparnaði allt frá árinu 1979. Mikil aukning á eigin fé lánastofnana á heildina litið og á eignum lífeyrissjóða valda mestu hér um. Nærtæk skýring er, að með verðtryggingunni hefur tekist að varðveita spariféð og lífeyrinn og koma í veg fyrir hrun fjármagnsmarkaðarins.


Sem hlutfall af landsframleiðslu er staða peningalegs sparnaðar, þ.e. heildarfjáreigna landsmanna, í árslok 1985 um 77% í samanburði við





um 72% árið 1984 og um 70% á árunum í byrjun áttunda áratugarins. Lægst komst hlutfallið í tæp 50% á árunum 1979–1980, en hefur síðan farið stöðugt hækkandi. Sú breyting hefur orðið á samsetningu peningalegs sparnaðar, að á árunum í kringum 1970 voru um 56% sparnaðarins frjáls og þar af um 90% í formi innstæðna og seðla, en á árinu 1985 var frjálsi hlutinn um 47%. Sem fyrr eru innstæður og seðlar í miklum meirihluta eða um 80%.

Á fjármögnunarhlið lánakerfisins koma auk sparnaðarins erlendir liðir. Að mestu leyti er hér um að ræða erlent lánsfjármagn í formi bæði langra og stuttra lána, en til frádráttar koma stuttar kröfur lánastofnana á útlönd. Allt frá árinu 1973 hafa erlend lán, löng og stutt, farið vaxandi og þá sérstaklega frá árinu 1981 eins og fram hefur komið í skýrslum um erlend lán. Á árunum kringum 1970 námu erlend lán um 30% af öllum útistandandi lánum lánakerfisins, um 40% árið 1981 í samanburði við 48% árið 1984 og 47% í lok ársins 1985. Sé lítið á ráðstöfunarhliðina í reikningum lánakerfisins og lán þess til einstakra flokka lánþega skoðuð, sýnir myndin hér að neðan skiptingu lána til atvinnufyrirtækja, heimila, ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga. Með ríkinu eru hér talin lán til ríkisfyrirtækja, sem ef til vill ættu að teljast með flokknum atvinnufyrirtækja. Ástæðan fyrir þessu er sú, að upplýsingar um lán til ríkisins í heild liggja betur fyrir á því tímabili, sem hér um ræðir. Eins og á fyrri mynd eru allar tölur á meðalverðlagi ársins 1985. Áberandi er stór hlutur atvinnufyrirtækja, en auk þess sést, að lán til ríkisins og heimila hafa farið vaxandi, á meðan lán til bæjar- og sveitarfélaga hafa lítið breyst. Sé hlutfallsleg skipting lánanna skoðuð, kemur í ljós, að hlutur ríkisins hefur aukist úr 20% árið 1970 í 28% árið 1984 og í 27% árið 1985. Hlutur atvinnufyrir-



*Tafla VI.1. Lánakerfið.*  
(Stöðutölur í árslok í milljónum króna)

	1970	1980	1982	1983	1984	1985
<i>Eignir:</i>						
Útlán	443	15.483	48.643	89.596	124.879	171.197
Ríkissj. og ríkisst.	89	4.287	13.283	25.655	35.451	46.725
Bæjar- og sveitarf.	21	1.041	3.666	6.225	7.979	9.833
Atvinnufyrirtæki	230	7.431	22.180	38.655	53.886	71.799
Heimili	103	2.724	9.514	19.061	27.563	42.840
<i>Eignir=skuldir</i>	443	15.483	48.643	89.596	124.879	171.197
<i>Skuldir:</i>						
Peningalegur sparnaður	350	9.677	27.434	51.003	66.515	99.178
Frjáls	197	5.358	14.252	25.073	31.769	46.867
Innlán og seðlar	178	4.097	11.069	19.539	26.052	37.742
Spariskírteini						
og happdrættisbréf	11	905	2.220	3.950	3.700	5.675
Annar	8	356	963	1.584	2.017	3.450
Kerfisbundinn	153	4.319	13.182	25.930	34.746	52.311
Eignir lífeyrissjóða	34	1.922	6.613	12.651	16.987	26.200
Skyldusparnaður í						
fjárfestingarlánasj.	8	251	554	985	1.096	1.470
Eigið fé lánastofnana	78	1.778	4.882	9.540	13.555	19.943
Annar	33	368	1.133	2.754	3.108	4.698
Erlent lánsfjármagn	93	5.806	21.209	38.593	58.364	72.019
Löng erlend lán	111	5.858	19.866	36.335	52.289	66.107
Stutt lán	17	985	3.084	4.756	8.658	13.688
Stuttar kröfur á útlönd	-35	-1.037	-1.741	-2.498	-2.583	-7.776

tækja hefur minnkað úr 52% í 43% árið 1984 og í 42% árið 1985 á sama tíma. Lán til heimila voru í árslok 1985 25% af heildinni, en voru 22% árið 1984 og 23% árið 1970. Lán til bæjar- og sveitarfélaga eru nú 6% í stað 5% áður. Eins og hér kemur fram hafa lán til ríkisins, bæjar- og sveitarfélaga og atvinnufyrirtækja dregist hlutfallslega saman á árinu 1985, á meðan lán til heimila hafa aukist. Á föstu verðlagi hafa lán til heimila aukist um 15% á árinu 1985, en lán til annarra dregist saman.

Hér á eftir verður fjallað nánar um fjárfestingarlánasjóði og lífeyrisjóði.


## Fjárfestingar- lánasjóðir

Innan lánakerfisins starfa 17 fjárfestingarlánasjóðir, sem þjóna flestir skýrt afmörkuðum verkefnum. Þeir lána til lengri tíma en innlánsstofnanir, og byggist útlánageta þeirra á aðfengnum framlögum, oftast frá ríkissjóði, og töku langra lána. Sjóðakerfið er nú í endurskoðun af hálfu stjórnvalda, og hefur fjárfestingarlánasjóðum fækkað um einn í hagskýrslum, þar sem Iðnrekstrarsjóður sameinaðist Iðnlánasjóði á árinu 1985. Auk þess tók Bygðastofnun við fjárreiðum Bygðasjóðs í október 1985. Heildareignir sjóðanna í árslok 1985 eru áætlaðar 43 milljarðar króna og hafa þá hækkað um 52% á

Tafla VI.2. Fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða.

	1984		1985	
	M.kr.	Breyt. frá f. ári %	M.kr.	Breyt. frá f. ári %
<i>Uppruni fjármagns:</i>				
Eigið framlag, nettó . . . . .	278	.	-131	.
Skatttekjur og framlög . . . . .	918	20	2.008	119
Lántökur <sup>1)</sup> . . . . .	4.556	102	5.165	13
Frá ríkissjóði . . . . .	616	305	654	6
Frá bankakerfinu . . . . .	489	276	147	-70
Frá lífeyrissjóðum . . . . .	841	7	1.618	92
Frá Atvinnuleysistryggingasjóði . . . . .	16	.	-	-100
Innkominn skyldusparnaður . . . . .	509	17	614	21
Aðrar innlendir lántökur . . . . .	7	133	156	2.129
Erlendar lántökur . . . . .	2.078	179	1.976	-5
Uppruni = ráðstöfun . . . . .	5.752	85	7.042	22
<i>Ráðstöfun fjármagns:</i>				
Ný útlán . . . . .	4.959	87	6.522	32
Til opinberra aðila og banka . . . . .	422	162	18	-96
Íbúðalán til einstaklinga . . . . .	1.988	74	2.809	41
Til atvinnufyrirtækja . . . . .	2.549	90	3.695	45
Til landbúnaðar . . . . .	347	130	550	59
Til sjávarútvegs . . . . .	1.219	122	1.361	12
Til verslunar . . . . .	165	20	250	52
Til iðnaðar . . . . .	654	67	1.051	61
Til annarra atvinnufyrirtækja . . . . .	164	41	483	194
Framlög og styrkir . . . . .	63	62	117	86
Breytingar á innstæðum og sjóði . . . . .	730	.	403	.

<sup>1)</sup> Bráðabirgðalántökur nettó innifaldar.





árinu samanborið við 45% hækkun á árinu 1984. Fjárstreymi, sem fer um opinbera fjárfestingarlánasjóði, er stýrt með fjárlögum og lánsfjárlögum hvers árs.

Ný útlán sjóðanna á árinu 1985 töldust 6.522 m.kr., sem er um 32% hærri fjárhæð en á árinu 1984, en það ár voru ný lán um 87% umfram lán 1983. Borið saman við fjármunamyndun í þeim greinum, sem fjárfestingarlánasjóðir lána til, nema lánin um 42% fjárfestingarinnar síðastliðið ár, og hefur hlutfallið ekki mælst hærra fyrr.

Tafla VI.3. Fjármögnun útlána fjárfestingarlánasjóða.  
(Hlutföll í %)

	1981	1982	1983	1984	1985
Eigið framlag nettó . . . . .	2	-16	-14	-10	-10
Innstæðu- og sjóðsbreytingar <sup>1)</sup> . . . . .	-6	-10	-16	-14	-6
Jöfnuður afborgana og rekstrar . . . . .	8	-6	2	4	-4
Skatttekjur og framlög . . . . .	29	29	29	18	31
Lántökur . . . . .	69	87	85	92	79
Erlend lán . . . . .	16	40	28	42	30
Innlend lán . . . . .	53	47	57	50	49
Frá ríkissjóði . . . . .	-	-	6	12	10
Frá bankakerfi . . . . .	13	6	5	10	2
Frá lífeyrissjóðum . . . . .	25	25	30	17	25
Innkominn skyldusp., brúttó . . . . .	12	13	16	10	10
Aðrar innlendar lántökur . . . . .	3	3	-	1	2
Ný útlán . . . . .	100	100	100	100	100


<sup>1)</sup> Mínustölur tákna hækkun innstæðu og sjóðs.

Útlán fjárfestingarlánasjóða eru fjármögnuð með líkum hætti frá ári til árs. Vert er þó að benda á þá óhagstæðu breytingu 1985, að framlög af eigin rekstri eru neikvæð, svo sem var á árinu 1982. Skatttekjur og framlög til sjóðanna jukust hins vegar verulega, einkum vegna átaks í fjármögnun íbúðalánasjóða. Þetta ásamt minni aukningu lausafjár hefur orðið til þess, að hlutdeild lántaka í útlánum lækkar verulega frá því, sem verið hefur undanfarin þrjú ár. Munar þar mest um lækkaðan hlut erlendra lána og lána frá opinberum aðilum og bönkum. Mikilvægi lána frá lífeyrissjóðum vex til muna á ný eftir mikinn samdrátt á árinu 1984. Framkvæmdasjóður notaði eftirfarandi erlend lán árið 1985:

Í apríl 8,0 milljónir USD við Scandinavian Bank (frá 1984) . . . . .	329 m.kr.
Í september 7,25 milljónir SFR við Norræna fjárfestingarbankann . . . . .	128 m.kr.
Í desember 35,0 milljónir USD á Evrópumarkaði (floating rate) . . . . .	1.468 m.kr.
Samtals . . . . .	1.926 m.kr.

Iðnþróunarsjóður fékk 1,2 milljóna dollara lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum í nóvember, og jafngilti það um 50 m.kr.

## Lífeyrissjóðir



Ráðstöfunarfé þeirra 90 lífeyrissjóða, sem skýrslur ná yfir, er áætlað um 4.300 m.kr. á árinu 1985 og varð um 42% hærra en 1984. Aukning ráðstöfunarfjár hefur orðið hvað mest árið 1981, en metin sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hefur stærð þessi haldist í jafnvægi á þessum áratug eða um 4%. Upplýsingar um útlán lífeyrissjóðanna á árinu 1985 benda til þess, að þeir hafi aukið lán til ríkissjóðs og fjárfestingarlánasjóða, en útlán til sjóðfélaga hafi dregist að sama skapi verulega saman. Svokölluð skyldukaup sjóðanna á skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða eru talin hafa numið nærri 38% af ráðstöfunarfé árið 1985, en aðeins 32% árið 1984. Enn vantar lítils háttar á, að lögbundið mark náist, þar sem það er ákveðið 40%. Lífeyrissjóðir virðast hafa bætt lausafjárstöðu sína á árinu 1985 um 500 m.kr. og er nú áætlað, að innstæður og sjóðir þeirra séu um 1.000 m.kr. í árslok 1985. Staða útlána er áætluð rúmir 25 milljarðar króna og heildareignir um 27,5 milljarðar og svarar það til um 53% hækkunar á árinu 1985.

Tafla VI.4. Fjárstreymi lífeyrissjóða.


	Bráðabirgðatölur 1984		Áætlun 1985	
	M.kr.	Breyt. frá f. ári %	M.kr.	Breyt. frá f. ári %
Fjármagnshreyfingar og rekstur, nettó ...	1.670	31	2.450	47
Iðgjöld að frádragnum lífeyrisgreiðslum	1.360	18	1.850	36
Ráðstöfunarfé, alls .....	3.030	25	4.300	42
Ný útlán .....	3.200	51	3.800	19
Til Byggingarsjóðs ríkisins .....	350	31	691	97
Til Byggingarsjóðs verkamanna .....	140	20	333	138
Til Framkvæmdasjóðs .....	91	-38	113	24
Til annarra fjárfestingarlánasjóða .....	259	2	481	86
Til ríkissjóðs v/lánsfjáráætlunar .....	127	46	-	-100
Önnur útlán .....	2.233	80	2.182	-2
Innstæðu- og sjóðsbreytingar .....	-170	.	500	.

## Alþjóðleg gengisþróun

## VII. GENGISMÁL

Á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum náði gengi Bandaríkjadollars hámarki 25. febrúar 1985, en fór síðan lækkandi. Frá 25. febrúar þangað til í byrjun ágúst lækkaði gengi dollars um 19% gagnvart þýsku marki og um 25% gagnvart sterlingspundi. Lækkun dollars gagnvart yeni nam á þessu tímabili um 10%. Helstu ástæður fyrir þessari lækkun voru minnkandi hagvöxtur í Bandaríkjunum og lægri vextir. Þrátt fyrir þessa lækkun var gengi Bandaríkjadollars enn hátt. Því var það, að hinn 22. september 1985 héldu fjármálaráðherrar og seðlabankastjórar fimm ríkja, Bandaríkjana, Þýskalands, Bretlands, Japans og Frakklands, fund, þar sem meðal annars var ákveðið að stuðla að því, að gengi Bandaríkjadollars lækkaði. Frá 22. september til 31. desember 1985 lækkaði gengi Bandaríkjadollars gagnvart japönsku yeni um 13,5%, gagnvart þýsku marki um 9,8% og gagnvart pundi um 0,3%. Þannig lækkaði gengi dollars um 28% gagnvart þýsku marki frá 25. febrúar til 31. desember, um 23% gagnvart japönsku yeni og um 25% gagnvart sterlingspundi.

## Gengi íslensku krónunnar




Á árinu 1985 var engin formleg breyting á gengi íslensku krónunnar, hins vegar seig vegið meðalgengi frá upphafi til loka árs um 15,8%, sem þýðir 18,7% meðalhækkun á verði erlendra gjaldmiðla. Gengi krónunnar var frekar stöðugt fyrstu 3 mánuði ársins 1985. Síðustu viku marsmánaðar fór gengi krónunnar að síga með lækkandi gengi Bandaríkjadollars. Frá áramótum til júliflota lækkaði vegið meðalgengi íslensku krónunnar um 9,1%, sem jafngildir 9,7% hækkun á verði erlendra gjaldmiðla. Gengið var síðan stöðugt fram að 22. september, þegar fimm ríkja fundurinn var haldinn í New York. Frá 22. september til ársloka 1985 lækkaði gengi krónunnar um 7,9%, sem þýðir 8,5% hækkun á gengi erlendra gjaldmiðla.

Í árslok 1984 var kaupgengi Bandaríkjadollars kr. 40,49 og sölugengi 40,60, en í árslok 1985 var kaupgengi kr. 42,00 og sölugengi kr. 42,12. Þannig hækkaði gengi dollars gagnvart íslenskri krónu um 3,7% frá ársbyrjun til ársloka 1985. Í ársbyrjun 1985 var kaupgengi á sterlingspundi kr. 47,07 og í árslok kr. 60,449. Þetta þýðir hækkun á gengi sterlingspunds gagnvart íslenskri krónu um 28,4%. Kaupgengi á



Þýsku marki var í ársbyrjun kr. 12,8744 og í árslok kr. 17,0923, sem er hækkun gagnvart íslenskri krónu um 32,8%. Samsvarandi hækkun á japönsku yeni var 30,3% og danskri krónu um 30,0%.




Meðalgengi íslensku krónunnar 1985 var 21,9% lægra en 1984. Þetta samsvarar 28,1% hækkun á gengi erlendra gjaldmiðla. Meðalgengi Bandaríkjadollars 1984 var kaupgengi kr. 40,09, sölugengi kr. 40,20, en 1985 kaupgengi kr. 41,77 og sölugengi kr. 41,89, en þetta samsvarar 3,9% hækkun á meðalgengi Bandaríkjadollars 1985 gagnvart íslenskri krónu frá 1984. Samsvarandi hækkun sterlingspunds var 28,1%, danskrar krónu 29,4%, þýsks marks 28,2% og japansks yens 31,9%. Gengi á SDR hækkaði frá ársbyrjun 1985 til ársloka um 16,2%, og ársmeðalgengi SDR 1985 var 30,3% hærra en ársmeðalgengi 1984.

### Raungengi krónunnar

Raungengi krónunnar er hlutfall verðlags á Íslandi og í umheiminum, mælt í sömu mynt. Þróun raungengisins ræðst því af þróun gengis krónunnar og mun verðbólgu hér á landi og í umheiminum. Stöðugt raungengi felur í sér, að gengið lækkar til að jafna mun innlendrar og erlendar verðbólgu. Ef til dæmis verðbólga hér á landi er 30%, en verðbólga í umheiminum er 5%, verður gengið að lækka um 19% (24% hækkun á verði erlendra gjaldmiðla) til að halda raungenginu stöðugu. Raungengi krónunnar er grófur mælikvarði á samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina hér á landi gagnvart erlendum keppinautum. Því hærra sem raungengið er, því verri er samkeppnisstaðan að öðru jöfnu, og öfugt. Tvenns konar mælikvarðar eru yfirleitt notaðir á raungengið: Annars vegar hlutfall verðlags hér á landi og í samkeppnislöndunum, hvort tveggja mælt í sömu mynt, t.d. dollar, hins vegar hlutfall launakostnaðar á framleiðda einingu (þ.e. launakostnaður, deildur með framleiðni) hér á landi og í samkeppnislöndunum, einnig mælt í sömu mynt. Ef raun-

laun hækka jafnt og framleiðni, sýna þessir tveir mælikvarðar sömu þróun.



Meðfylgjandi tafla sýnir þróun raungengisins frá 1978 til loka ársins 1985. Hlutfallslegt verðlag lækkaði lítillega milli 1984 og 1985, en launakostnaður hækkaði um 1,6%. Í þessu kemur fram 4,1% hækkun kaupmáttar greidds tímakaups, 2% umfram áætlaða framleiðniaukningu. Þessi hækkun launakostnaðar á framleidda einingu var meiri en í viðskipta- og samkeppnislöndunum, eftir að tekið er tillit til gengisbreytinga, og því hækkaði hlutfallslegur launakostnaður. Ársfjórðungslegar mælingar hlutfallslegs verðlags sýna, að raungengið hækkaði yfir árið. Hlutfallslegt verðlag var þó svipað á seinasta fjórðungi ársins og á síðasta ársfjórðungi 1983. Raungengið var því enn tiltölulega lágt á sögulegan mælikvarða. Þannig var hlutfallslegt verðlag 12,4% lægra en 1978 og um 10% lægra en að meðaltali 1978–1981. Hlutfallslegur launakostnaður var 11,9% lægri en 1978, en mjög svipuð niðurstaða fæst, ef miðað er við meðaltal árunna 1978–1981. Reynslan er sú, að raungengið breytist í takt við hagsveifluna, en með tímatöf. Ekkert bendir enn til þess, að reynslan verði önnur nú. Þannig er raungengið lágt á árunum 1983–1985 í framhaldi af samdrættinum 1982–1983, en ætti síðan í samræmi við fyrri reynslu að hækka eitthvað á ný á næstu árum.

Tafla VII.1. Raungengi íslensku krónunnar 1978–1985.  
(1978=100)

	Hlutfallslegt verðlag <sup>1)</sup>				Ár	Hlutfallslegur launakostnaður
	Ársfjórðungar					
	I	II	III	IV		
1978	101,6	103,1	102,7	92,7	100,0	100,0
1979	89,5	96,7	94,5	99,5	95,0	95,7
1980	100,0	97,3	91,9	90,8	95,0	96,1
1981	94,7	99,8	102,7	102,5	99,9	107,3
1982	96,1	97,0	90,7	88,3	93,0	102,4
1983	84,1	83,7	89,2	89,2	85,6	87,0
1984	88,0	89,1	93,3	86,9	87,9	86,7
1985 <sup>2)</sup>	88,6	88,3	89,9	89,4	87,6	88,1

<sup>1)</sup> Ársfjórðungstölur byggjast á hlutfallslegum framfærslukostnaði, en árstölur á hlutfallslegu verðlagi vergrar landsframleiðslu hér á landi og í umheiminum, hvoru tveggja mældu í sameiginlegri mynt. Þar sem um mismunandi mælingar er að ræða, þarf meðaltal ársfjórðunga ekki endilega að stemma við árstölurnar.

<sup>2)</sup> Bráðabirgðatölur.

## VIII. ERLEND MÁL OG SAMNINGAR

### Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn annast fyrir hönd íslenskra stjórnvalda margvísleg samskipti á sviði efnahags- og fjármála við alþjóðastofnanir og erlendar peningastofnanir. Á bankinn samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF), Alþjóðabankann og systurstofnanir hans (World Bank Group), Efnahags- og framfarastofnunina í París (OECD), Fjárhagsnefnd Norðurlanda, norrænu seðlabankana og Alþjóðlega greiðslubankann (BIS) auk margra annarra banka.

### Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Á árinu 1985 var Jóhannes Nordal seðlabankastjóri aðalfulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Jón Sigurðsson forstjóri Þjóðhagsstofnunar varafulltrúi. Aðalfulltrúi í bankaráði Alþjóðabankans var Matthías Á. Mathiesen viðskiptaráðherra og Albert Guðmundsson fjármálaráðherra varafulltrúi hans. Við breytingarnar á ríkisstjórninni í október 1985 tók Matthías Bjarnason við hlutverki aðalfulltrúa, og Þorsteinn Pálsson varð varafulltrúi hans. John Tvedt frá Noregi var aðalfulltrúi Norðurlandanna í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til ársloka 1984, en þá tók Hans Lundström frá Svíþjóð við. Arne Lindå frá Svíþjóð lét af starfi varafulltrúa þann 10. mars 1985, og Henrik Fugmann frá Danmörku tók við starfi hans. Pekka Korpinen frá Finnlandi var aðalfulltrúi Norðurlandanna í bankastjórn Alþjóðabankans til 1. ágúst, en þá tók Ulrik Haxthausen frá Danmörku við. Per Taxell frá Svíþjóð gegndi stöðu varafulltrúa allt árið. Fulltrúar Norðurlandanna hjá þessum stofnunum hafa aðsetur sitt í höfuðstöðvum stofnananna í Washington D.C. Ársfundir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans voru haldnir í Seoul í Suður-Kóreu í lok september, og sóttu hann Matthías Á. Mathiesen, Jóhannes Nordal, Jón Sigurðsson, Sigurgeir Jónsson, Sigurður Þórðarson og Þórhallur Ásgeirsson.

### Starfsemi sjóðsins

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á síðasta starfsári, því sem lauk í apríllok 1985, einkenndist af því, að heldur hafði rofað til í skuldamálum þróunarríkjanna, þótt greiðslujafnaðarerfiðleikar þeirra væru enn alvarlegir og til áframhaldandi meðferðar sjóðsins og allra stærri iðnríkja. Sérstaklega varð hið háa gengi dollars allt fram á fyrri



hluta ársins 1985 til að valda ýmsum þróunarlöndum erfiðleikum. Með lækkandi vöxtum á alþjóðamarkaði var það hins vegar áberandi, að ýmis stærri ríki Suður-Ameríku áttu auðveldara með að semja um skuldir sínar en áður. Betri hagvöxtur í iðnríkjunum og umfram allt minnkandi verðbólga drógu úr alþjóðlegri spennu á sviði efnahagsmála.

Þessi þróun mála varð til þess, að minni þörf reyndist fyrir aðstoð sjóðsins til að leysa greiðslujafnaðarerfiðleika en áður. Heildarútlán sjóðsins námu um 6 milljörðum SDR á starfsárinu borið saman við um 10 milljarða SDR á ári næstu tvö árin á undan. Mest af útlánnum starfsársins var til landa, sem þegar höfðu tekið lán hjá sjóðnum vegna greiðslujafnaðarerfiðleika og þurftu nú aftur að leita á náðir hans. Við slíkar kringumstæður eru viðbótarlán aðeins veitt með skilyrðum af hálfu sjóðsins um aðhald í stefnu efnahagsmála.

### **Skuldir Íslands við sjóðinn**

Ísland tók engin lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á árinu 1985. Í lok þess árs skuldaði Ísland sjóðnum 21,5 milljónir SDR, sem var jöfnunarlán tekið í desember 1982, auk 9,04 milljóna SDR, sem Seðlabankinn hafði tekið í nóvember 1982 af innstæðu sinni hjá sjóðnum. Hvort tveggja lánið stóð óhreyft allt árið 1985.

### **Norrænt samstarf**

Árlegur fundur seðlabanka Norðurlanda var haldinn í Osló dagana 19.–21. ágúst 1985. Fjallað var um samstarf norrænu seðlabankanna á breiðum grundvelli og alþjóðleg gjaldeyris- og efnahagsmál með tilliti til Norðurlandanna. – Fjárhagsnefnd Norðurlanda hélt nokkra fundi á árinu og fjallaði m.a. um verkefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en einnig starfar hún á vegum Norðurlandaráðs með verkefni á sviði gjaldeyris- og fjármála. Þá tók Seðlabankinn einnig þátt í fundum þeirra norrænu aðila, sem annast erlendar lántökur fyrir opinbera aðila á Norðurlöndum.

## Ríkisábyrgðasjóður

### IX. UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

Nýjar ríkisábyrgðir, afgreiddar 1985, voru nokkru færri en árið áður, en fjárhæð þeirra hækkaði hins vegar verulega. Alls voru afgreiddar 11 ábyrgðir, samtals að fjárhæð 569,6 m.kr. Flestar hinna nýju ábyrgða voru vegna skipasmíða.

Tafla IX.1. Ríkisábyrgðir 1984 og 1985.  
(Í millj. króna)

	1984		1985	
	Fjöldi	M.kr.	Fjöldi	M.kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir . . . . .	1	0,7	–	–
Iðnaður . . . . .	23	123,5	9	111,4
Samgöngur . . . . .	–	–	1	40,2
Togarar og önnur fiskiskip . . . . .	1	4,4	–	–
Hítaveitur . . . . .	1	43,2	1	418,0
Annað . . . . .	4	28,5	–	–
	30	200,3	11	569,6

Í árslok 1985 nam heildarfjárhæð ríkisábyrgða 18.127 m.kr. og hækkaði á árinu um 3.464 m.kr., þar af námu nýjar ábyrgðir, veittar á árinu, 569,6 m.kr. eins og að ofan getur. Fjárhæð gengisbundinna lána, sem tryggð eru með ríkisábyrgð, nam 12.873 m.kr. í árslok 1985, en verðtryggð lán með ríkisábyrgð námu þá 4.979 m.kr.

Á árinu dró verulega úr greiðslum Ríkisábyrgðasjóðs miðað við fyrri ár. Innlausn krafna lækkaði nokkuð, en endurgreiðslur frá skuldurum jukust hins vegar mjög. Yfirlit yfir greiðslur úr sjóðnum árin 1980–1985 fer hér á eftir.

Tafla IX.2. Innleystar kröfur og endurgreiðslur til  
Ríkisábyrgðasjóðs 1980–1985.  
(Í millj. króna)

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Innleystar kröfur . . . . .	42,7	60,6	89,1	193,1	248,1	238,2
Endurgreiðslur skuldara . . . . .	36,5	60,6	66,6	91,1	121,5	204,5
	6,2	0,0	22,5	102,0	126,6	33,7

## Lánaumsjá fyrir ríkissjóð

Seðlabankinn hefur með höndum ráðgjöf og ýmsa fyrirgreiðslu í sambandi við lántökur ríkissjóðs utanlands og innan. Bankinn annast innlenda verðbréfaútgáfu ríkissjóðs svo sem útgáfu spariskírteina.

Ríkisábyrgðasjóður sér um afgreiðslu og vörslu lána, sem ríkissjóður hefur veitt af eigin fé eða af andvirði lána, sem hann tekur til endurlána. Á árinu voru veitt ný lán alls að fjárhæð 5.196 m.kr., en höfuðstóll endurlána nam í árslok 1985 33.524 m.kr. og hækkaði á árinu um 8.208 m.kr.

## Spariskírteini

Alls var áætlað að afla 400 m.kr. með sölu spariskírteina á árinu 1985. Spariskírteini voru boðin til sölu í 2 flokkum. Sala skírteina í 1. flokki hófst 10. janúar og lauk 31. ágúst. Nafnverð seldra skírteina nam alls 1.000,9 m.kr. Sala skírteina í 2. flokki hófst 10. september og lauk 31. desember. Nafnverð seldra skírteina nam alls 832,4 m.kr. Alls nam sala spariskírteina á nafnverði því 1.833,3 m.kr. Að meðtöldum vöxtum og verðbótum nam söluandvirði skírteina 1.885,3 m.kr. Kjör skírteina voru talsvert breytt, frá því sem áður hefur verið, en voru hin sömu í báðum flokkum og voru sem hér segir:

1. Skírteini með 7% ársvöxtum, innleysanleg að liðnum 3 árum frá útgáfu, en lengst til 14 ára. Að liðnum 3 ára binditíma getur ríkissjóður sagt upp skuldbindingum sínum með 30 daga fyrirvara miðað við 1. gjalddaga.
2. Skírteini með vaxtamiðum með 6,71% ársvöxtum, lengst til 15 ára. Vextir greiðast misserislega eftirá gegn framvísun vaxtamiða. Að liðnum 5 árum geta eigendur innleyst skírteini sín, en jafnframt getur ríkissjóður þá sagt upp skuldbindingum sínum eða breytt vöxtum.
3. Skírteini með breytilegum vöxtum og vaxtaauka til 18 mánaða, og verða þau innleyst að lánstíma liðnum. Vextir eru meðalvextir af verðtryggðum innlánsreikningum í viðskiptabönkum að viðbættu 50% álagi. Vextir þessir eru ákveðnir á 3 mánaða fresti. Ofangreind spariskírteini eru öll verðtryggð miðað við lánskjara-vísitölu.
4. Skírteini gengistryggð miðað við gengi SDR. Skírteini þessi verða endurgreidd 5 árum eftir útgáfu, og vextir eru 9% p.a., fastir allan lánstímann.

Sala framangreindra tegunda skírteina gekk misvel eins og yfirlitið hér á eftir sýnir:

*Tafla IX.3. Sala spariskírteina 1985.*

*(Nafnverð í millj. króna)*

	<i>1. flokkur</i>	<i>2. flokkur</i>	<i>Alls</i>
A. Hefðbundin skírteini . . . . .	889,1	811,0	1.700,1
B. Skírteini með vaxtamiðum . . . . .	9,8	0,9	10,7
C. Skírteini til 18 mánaða . . . . .	67,6	11,7	79,3
D. SDR-skírteini . . . . .	34,4	8,8	43,2
	<u>1.000,9</u>	<u>832,4</u>	<u>1.833,3</u>



Á tímabilinu 29. okt. til 15. nóv. voru hefðbundin spariskírteini seld á lækkuðu verði, fyrst á genginu 94, en síðan var gengið hækkað í 97. Lægra gengið jafngildir 9,23% ársávöxtun á binditíma skírteinnanna, en herra gengið jafngildir 8,09% ársávöxtun.

Innlausn spariskírteina var mjög mikil á árinu eða 1.688,8 m.kr., þótt aðeins kæmi einn flokkur skírteina til lokainnlausnar. Orsökina er að sjálfsgöðu lélegri ávöxtun eldri skírteina, sem innleysanleg eru, en sú ávöxtun, sem fáanleg er með kaupum nýrra spariskírteina eða öðrum hætti.

Ríkissjóður hefur nú aflað sér fjár með útgáfu spariskírteina í 22 ár. Alls hafa verið gefin út skírteini að nafnverði 2.890,4 m.kr. Nafnverð óinnleysta spariskírteina nam í árslok 2.662,0 m.kr., en verðmæti þeirra með áföllnum vöxtum og verðbótum nam á sama tíma 6.220,5 m.kr. Innlausnarverð þeirra skírteina, sem innleysanleg voru þá, nam 2.022,4 m.kr.

### **Happdrættis- skuldabréf**

Á árinu kom til innlausnar einn flokkur verðtryggðra happdrættis-skuldabréfa, sem út var gefinn árið 1975. Þá eru enn ekki fallnir til innlausnar 4 þeirra 11 flokka happdrættis-skuldabréfa, sem út voru gefin á árunum 1972–1981. Nafnverð óinnleysta happdrættis-skuldabréfa nam við árslok 1985 13,8 m.kr., en að meðtöldum áföllnum verðbótum nam verðmæti þeirra 335,2 m.kr.

### **Erlend lán**

Hinn 20. júní var undirritaður samningur um lán ríkissjóðs að fjárhæð USD 125 millj. Lán þetta er skuldabréfalán, tekið fyrir milli-göngu Bank of America International í London. Lánið er til 15 ára og endurgreiðist í einu lagi við lok lánstímans. Lánveitendur geta þó innleyst bréf sín við lok 10. og 12. árs lánstímans. Ríkissjóður getur hins vegar sagt láninu upp að 3 árum liðnum. Vextir eru 1/8% yfir millibankavöxtum í London. Lánsfjárhæðin jafngildi 5.112,5 m.kr. á útborgunardegi lánsins, 11. júlí. Lánsandvirði var að hluta varið til greiðslu veltiláns, en að öðru leyti til lánveitinga samkvæmt lánsfjár-áætlun 1985. Í nóvember var undirritaður samningur um útgáfu skammtímaláns (Euro Commercial Paper). Útgáfuheimild er allt að USD 100 millj. Samningurinn er gerður við Citicorp Investment Bank og Enskilda Securities í London, sem sjá um sölu skuldabréfa. Lánstími einstakra skuldabréfa getur verið frá 7 til 365 dagar. Vextir eru mismunandi, ráðast af markaðsvöxtum hverju sinni. Við árslok nam notkun þessa láns samnings USD 55 millj. eða 2.316,6 m.kr. Vextir bréfa, sem seld voru, voru mismunandi, en að jafnaði lítið eitt neðan við millibankavexti í London. Lánsandvirði var varið til greiðslu veltilána. Þótt þarna sé um skammtímalán að ræða, má líta á lántökuna sem lið í langtímalántökum. Gert er ráð fyrir, að jafnan

séu seld ný bréf, þegar önnur eldri falla í gjalddaga. Breytist það, er hægt að nýta ódregin veltílán, sem þá standa sem eins konar trygging.

## Orkusjóður

Á fjárlögum 1985 voru Orkusjóði ætluð framlög samtals að fjárhæð 192,1 m.kr., en urðu 161,2 m.kr. Lántökur urðu 268,4 m.kr., en lánveitingar 306,9 m.kr. og skiptust þannig:

### Tafla IX.4. Lánveitingar Orkusjóðs 1985.

(Í millj. króna)

Lán til raforkuframkvæmda . . . . .	258,4
Lán til hitaveitna . . . . .	24,5
Lán til jarðhitaleitar . . . . .	5,9
Lán til einkarafstöðva . . . . .	1,5
Önnur lán . . . . .	16,6
Samtals . . . . .	306,9

Samkvæmt bráðabirgðatölum námu vaxtatekjur Orkusjóðs 352,2 m.kr., en vaxtagjöld 500,7 m.kr. Styrkveitingar urðu alls 27,8 m.kr. og skiptust þannig:

### Tafla IX.5. Styrkveitingar Orkusjóðs 1985.

(Í millj. króna)

<i>Samkv. 71. gr. orkulaga:</i>		
Til sveitarafvæðingar . . . . .	5,0	
Til styrkingar rafdreifikerfa í sveitum . . . . .	20,0	25,0
Hólsfjallaáætlun . . . . .		2,8
Samtals . . . . .		27,8

## Hafnabótasjóður

Á árinu veitti Hafnabótasjóður lán til 11 hafnarsjóða, samtals að fjárhæð 15,5 m.kr. Að auki námu bráðabirgðalán til 6 hafnarsjóða samtals 10,2 m.kr. Styrkveitingar námu alls 8,4 m.kr. Árið áður námu lánveitingar 18,7 m.kr., en styrkveitingar 22,7 m.kr. Á árinu var tekið lán að fjárhæð 8,0 m.kr. hjá Framkvæmdasjóði Íslands og bráðabirgðalán að fjárhæð 5,5 m.kr. hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Framlag til sjóðsins á fjárlögum var 10,0 m.kr., en því til viðbótar var aukafjárveiting 2,0 m.kr. Vaxtatekjur sjóðsins urðu 17,8 m.kr. á árinu, en vaxtagjöld 6,8 m.kr.

## Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

Árið 1985 fækkaði enn þeim afurðum, sem verðjöfnun tók til. Af 17 afurðum, sem verið hafa í verðjöfnun á 16 ára starfstíma sjóðsins, sýndi sig aðeins verðjöfnun hjá tveimur. Voru þetta óverkaður saltfiskur og frystur hörpudiskur. Aðrar afurðir voru eins og mörg undanfarin ár hlutlausar, ýmist vegna lækkandi verðs ásamt greiðsluþroti, sem þær höfðu lent í, eða tiltölulega stöðugs verðlags, sem ekki gaf tilefni til verðjöfnunar.

Gert er ráð fyrir, að greiðslur verðbóta á framleiðslu ársins 1985 geti numið um 47 m.kr., en hins vegar verði greiðslur í sjóðinn engar.

Endanlegt uppgjör liggur nú fyrir um greiðslur (verðhækkanatekjur og verðbætur) að því er snertir allar afurðir, framleiddar á árinu 1984, en aftur á móti er uppgjóri fyrir framleiðslu ársins 1985 ekki að fullu lokið, og eru því tölur fyrir það ár í eftirfarandi yfirliti að nokkru byggðar á ætun:

*Tafla IX.6. Greiðslur Verðjöfnunarsjóðs eftir framleiðsluárum.  
(Í millj. króna)*

	Framleiðsla 1984		Framleiðsla 1985	
	Innh.	Útgr.	Innh.	Útgr.
Frystar fiskafurðir . . . . .		74,9		23,0
Rækja . . . . .		43,5	0	0
Hörpudiskur . . . . .		31,4		23,0
Saltfiskafurðir . . . . .		71,0		24,0
Saltfiskur, óverkaður . . . . .		62,2		24,0
Söltuð ufsaflök . . . . .		8,8	0	0
Samtölur afurða . . . . .	0	145,9	0	47,0
Samtölur deilda . . . . .	0	145,9	0	47,0
Samtölur Verðjöfnunarsjóðs, nettó . . . . .		145,9		47,0

Heildarinnstæða Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum nam 177,9 m.kr. í árslok 1984, en 156,6 m.kr. í árslok 1985. Átti frystiafurða-deildin mest bæði árin. Eftirfarandi yfirlit sýnir innstæður í árslok 1984 og 1985 ásamt breytingum á árinu 1985 skipt eftir deildum:

*Tafla IX.7. Innstæður Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum.  
(Í þús. kr.)*

	Stofn- fjárd.	Frysti- afurðad.	Salt- síldard.	Salt- fiskd.	Skreið- ard.	Mjöl- og lýsisd.	Alls
Innst. 31/12'84	1.002	136.992	611	7.087	21.891	10.360	177.943
Inngr./útgr.	-8	-37.058	-70	-6.361	-15.329	-84	-58.910
Gengisuppf.	157	18.932	91	225	1.320	1.624	22.349
Vextir <sup>1)</sup>	103	12.746	61	246	1.031	1.075	15.262
Innst. 31/12'85	1.254	131.612	693	1.197 <sup>2)</sup>	8.913	12.975 <sup>3)</sup>	156.644

<sup>1)</sup> Vextir voru 9,72%, þ.e. meðalvextir ríkisvixla í Bandaríkjunum og Bretlandi.

<sup>2)</sup> Með ákvörðun um skiptingu gengismunar, sem myndaðist skv. ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 55 frá 27. maí 1983, um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, var ákveðið að verja 60 m.kr. til saltfiskdeildar Verðjöfnunarsjóðs. Um áramótin 1985/1986 höfðu verið staðin skil á 34,6 m.kr.

<sup>3)</sup> Lán að upphæð 42 m.kr., sem tekið var á árinu 1981 í þeim tilgangi að gera sjóðnum kleift að standa undir greiðslum verðbóta á loðnumjöli og -lýsi, framleiddu á tímabilinu frá 1. október 1981 til loka vetrarloðnuvertíðar 1982, stóð framreiknað ásamt vöxtum í 261 m.kr. um áramótin 1985/1986.



## X. ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI BANKANS OG LAGABREYTINGAR

### Helstu lagabreytingar, er snerta bankana

Með lögum nr. 59 frá 19. júní 1985, um breyting á lögum nr. 59 frá 13. febrúar 1970, um Iðnþróunarsjóð, sbr. lög nr. 43/1980, var ríkisstjórninni veitt heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningi, dags. 12. desember 1969, um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland, sbr. viðbótarsamning, dags. 29. apríl 1980. Breytingar þessar fela í sér, að verksvið sjóðsins er víkkað, möguleikar á lánskjörum eru sveigjanlegri og möguleikar sjóðsins til þátttöku í áhættufjármögnun eru auknir.

Með lögum um húsnæðissparnaðarreikninga nr. 49 frá 26. júní 1985 var heimilað að stofna húsnæðissparnaðarreikninga við innlenda viðskiptabanka og sparisjóði, sem veita rétt til skattafsláttar, er nemur fjórðungi árlegs innleggs, innan þeirra marka og með þeim skilyrðum, er í lögum þessum greinir.

Hinn 4. júlí 1985 voru gefin út ný lög, annars vegar um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og hins vegar um sparisjóði, nr. 87/1985, sem taka skulu gildi 1. janúar 1986. Er nánar vikið að lagasetningu þessari hér á eftir.

Hinn 24. desember 1985 voru gefin út lög um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. Bankaefirlit Seðlabanka Íslands skal veita nefndinni aðstoð við upplýsingaöflun, eftir því sem þörf er á.

### Löggjöf um viðskiptabanka og sparisjóði

Lögin um viðskiptabankana er fyrsta heildstæða löggjöfin um starfsemi þeirra, sem sett er hér á landi, en áður starfaði hver hinna sjö viðskiptabanka samkvæmt sérstökum lögum. Lögin um sparisjóðina leysa af hólmi eldri heildarlöggjöf um þær stofnanir frá árinu 1941 með síðari breytingum. Hin nýja löggjöf hafði verið til ítarlegrar umfjöllunar hjá stjórnvöldum um langt árabíll. Ýmsum ákvæðum gildandi laga var breytt eða þau felld brott. Jafnframt var mörgum nýjum ákvæðum bætt við, sem ætlað er að færa löggjöfina í nútímalegra horf. Meginstefna laganna er að reyna að tryggja betur hagsmuni eigenda innlánsfjár og atvinnulífinu betri þjónustu. Samhliða

er ætlunin að stuðla að aukinni hagkvæmni í rekstri banka og sparisjóða.

Í hinni nýju löggjöf um viðskiptabanka er þeirri megin stefnu fylgt, að viðskiptabankar verði reknir annars vegar sem ríkisstofnanir (ríkisviðskiptabankar) og hins vegar sem hlutafélög. Í lögunum eru ítarleg ákvæði um skilyrði fyrir stofnun hlutafélagsbanka. Í lögunum er gert ráð fyrir, að erlendum bönkum verði heimilt að setja á stofn umboðs-skrifstofur hér á landi samkvæmt nánari reglum, sem settar verða af ráðherra. Ákvæðin um stjórn viðskiptabanka og sparisjóða eru ítarlegri en voru samkvæmt eldri lögum. Heimild bankastjóra og sparisjóðsstjóra til að sitja í stjórn annarra stofnana eða atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti er þröngd verulega. Bankastjórar ríkisviðskiptabanka eru ekki ráðnir til lengri tíma en til sex ára í senn.

Ákvæði hinna nýju laga um starfsheimildir og starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða eru nánast samhljóða. Heimild þeirra til sjálfs-ákvörðunar í vaxtamálum og gjaldskrármálum hefur verið rýmkuð verulega, sömuleiðis heimildir til verslunar með erlendan gjaldeyri og stofnun nýrra afgreiðslustaða með vissum nánari takmörkunum. Þá er það nýmæli í lögunum, að þessar stofnanir hafa heimild til að eiga hlut í almenningshlutafélögum innan þröngra marka miðað við eigið fé bankans/sparisjóðsins.

Mikilvægt ákvæði er um lágmark eigin fjár viðskiptabanka og sparisjóða, 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings og veittum ábyrgðum að frádregnum nánar tilgreindum efnahagsliðum.

Kveðið er á um stofnun Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og ákvæði um Tryggingarsjóð sparisjóða endurbætt frá eldri lögum. Megintilgangur tryggingarsjóðanna er að tryggja innstæðueigendum skil á innlánsfé í þeim tilvikum, að bú viðskiptabanka eða sparisjóðs er tekið til gjaldþrotaskipta. Ákvæði eru um slit viðskiptabanka og sparisjóða og endurskoðun og gerð ársreiknings auk fjölmargra annarra nýmæla.

Að meginhluta til tóku hin nýju lög gildi hinn 1. janúar 1986.

## Vaxtabreytingar

Hinn 1. janúar 1985 tóku gildi verulegar vaxtabreytingar vegna mögnunar verðbólgu í kjölfar kauphækkana og gengisfellingar. Ákvarðanir þessar voru teknar eftir víðtækt samráð bankans og ríkisstjórnar. Helstu breytingar voru:

- 1) Vextir verðtryggðra útlána lækkuðu um 3% og urðu 4% af lánum allt að 2½ ári, en 5% af lengri lánum. Skemmsti lánstími verðtryggðra lána var ákveðinn 6 mánuðir. Hugmyndin var, að þessir útlánavextir yrðu bundnir af ákvörðun Seðlabankans til loka mars 1985, en reyndin varð sú, að bankinn ákvað þá allt árið 1985 óbreytt, og eru þeir það enn, er þetta er skrifað í apríl 1986.

- 2) Vextir af almennu sparifé hækkuðu um 7% og urðu 24% á ári.
- 3) Vextir af ógengistryggðum afurðalánnum hækkuðu úr 18% í 24% á ári.
- 4) Um breytingu vaxta af almennum skuldabréfum (með ákvæðum um breytanlega vexti), sem gefin voru út fyrir 11. ágúst 1984, var tekin upp sú regla, að þeir fylgdu meðalvöxtum af nýjum, almennum skuldabréfum á hverjum tíma, eins og Seðlabankinn auglýsir slíkt meðaltal mánaðarlega.
- 5) Taka skyldi upp nýtt fyrirkomulag dráttarvaxta og var m.a. ætlunin, að þeir skyldu ákveðnir 5% hærri en meðalvextir af nýjum almennum skuldabréfum, og yrði heimilt að færa þá (vaxta-vaxta) mánaðarlega. Þessu nýja fyrirkomulagi var mótmælt af mörgum hagsmunaaðilum (ríkissjóði, dómurum, lögmönnum o.fl.) sem allt of dýru, erfiðu í framkvæmd og ekki eins skilvirku og eldra fyrirkomulag, sem í gildi hafði verið frá árinu 1965. Seðlabankinn tók tillit til þessara mótmæla og leyfði áfram beitingu dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð. Jafnframt var beiting hæstu leyfilegu dráttarvaxta einfölduð og leyfð í öllum tilvikum vanskila, hvort sem um var að ræða tilvik, þar sem hefðbundin skuldaskjöl voru andlag dráttarvaxtatöku eða ekki.
- 6) Innlánsstofnunum var áfram heimilt að ákveða aðra vexti, enda kæmi samþykki Seðlabankans til. Seðlabankinn stuðlaði að því, að vaxtabreytingum innlánsstofnana var stillt í hof, þannig að þær urðu ekki umfram þær hækkanir, sem að framan greinir, og úmtalsverð lækkun varð því á raunvöxtum, á meðan verðbólguhraðinn var mestur á fyrstu þremur mánuðum ársins 1985.

Meginatriði þeirrar stefnu, sem mótuð var með þessum lánskjara-breytingum, byggðist á tvennu. Annars vegar var nauðsynlegt að fara varfærnislega í breytingar og óhjákvæmilegt, að raunvextir lækkuðu um tíma, á meðan krappasta verðhækkanabylgjan gekk yfir. Hins vegar varð að draga úr því mikla misræmi, sem hin öra verðbólga skapaði á milli kjara á einstökum flokkum út- og innlána.

Hinn 1. mars voru gerðar breytingar varðandi dráttarvexti með það fyrir augum annars vegar, að þeir fylgdu almennum vöxtum með reglubundnum hætti, og hins vegar að þeir væru slíkir, að þeir drægju úr vanskilum. Var ákveðið, að vanskilavextir yrðu tengdir vöxtum skuldabréfalána, sem endurskoðast mánaðarlega. Kynnu þeir að breytast 1. dag hvers mánaðar, hafi breyting orðið á skuldabréfavöxtum. Þá var ákveðið, að ekki yrðu breytingar á meðferð dráttarvaxta, frá því sem verið hefur, sbr. það, sem að framan er sagt. Seðlabankinn hefur auglýst dráttarvextina mánaðarlega, um leið og auglýstir hafa verið meðalvextir skuldabréfa banka og sparisjóða. Frá 1. mars 1985 voru dráttarvextir ákveðnir 4% á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð, enda vaxtavextir ekki reiknaðir oftar en á 12 mánaða



fresti. Samkvæmt auglýsingu Seðlabankans var sem fyrr leyfilegt að beita dagvöxtum, sem frá og með 1. mars voru hæstir 48% á ári miðað við vaxtavöxtun á 12 mánaða fresti.

Hinn 21. apríl voru auglýstir einir vextir fyrir afurða- og rekstrarlán vegna framleiðslu fyrir innlendan markað, 26,25%, sem var vegið meðaltal endurkaupavaxta eins og þeir voru, 24%, og vaxta af viðbótarlánum, sem yfirleitt báru hlaupareikningsvexti og voru 32%. Breyting þessi átti rætur að rekja til uppgjörs þess, sem varð, er afurðalán voru að öllu leyti flutt frá Seðlabankanum til innlánsstofnana og Seðlabankinn hætti að eiga beina aðild að fjármögnun slíkra lána.

Með hliðsjón af minnkandi verðbólgu á vordögum ákváðu tveir bankar breytingar á vöxtum 1. maí, sem fólu í sér almenna lækkun á útlánsvöxtum óverðtryggðra lána um 3% og lækkun á vöxtum flestra innlánsflokka. Bankastjórn Seðlabankans hvatti aðra banka og innlánsstofnanir til að fara að dæmi þessara banka. Í framhaldi af þessu ákvað Seðlabankinn lækkun á vöxtum almennra sparisjóðsbóka úr 24% í 22%, en aðrir vextir, sem bankinn ákvað sjálfur, voru óbreyttir að sinni.

Inn- og útlánsvextir banka og sparisjóða fóru heldur lækkandi, og leiddi það til lækkunar á dráttarvöxtum úr 4% á mánuði í 3,5% á mánuði frá og með 1. júní. Fram til 1. september hækkðu vextir lítillega, almennir skuldabréfavextir höfðu hækkað í 32% á ári, sem leiddi af sér hækkun dráttarvaxta í 3,75% á mánuði. Forvextir víxla, 30,0%, hlaupareikningsvextir, 31,5%, og vextir almennra skuldabréfa, 32,0%, héldust óbreyttir frá haustdögum til áramóta.

Í árslok 1985 námu seðlar og mynt í umferð 1.351,2 m.kr. og höfðu aukist um 25,8% á árinu. Árið áður var aukningin 30,3% og árið 1983 42,3%.

## **Seðlar og mynt**

## **Starfsemi bankaeftirlitsins**

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, hefur bankinn með höndum eftirlit með starfsemi innlánsstofnana. Á árinu 1985 fóru starfsmenn bankaeftirlitsins í reglubundið eftirlit í allmargar innlánsstofnanir auk þess sem gerðar voru kannanir á einstökum afmörkuðum þáttum í starfsemi nokkurra innlánsstofnana sérstaklega.

Á opinberum vettvangi voru málefni viðskiptabanka og sparisjóða til ítarlegrar umfjöllunar á árinu 1985. Hinn 21. júní var samþykkt á Alþingi ný löggröf um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og um sparisjóði, nr. 87/1985, eins og áður greinir. Að meginhluta tóku hin nýju lög gildi hinn 1. janúar 1986. Sá kafli laganna, sem fjallar um ársreikninga þessara stofnana, tók hins vegar gildi fyrir það reikningsár, sem

hófst á árinu 1985. Á grundvelli þeirra ákvæða hefur viðskiptaráðherra sett reglur um gerð ársreiknings fyrir viðskiptabanka og sparisjóði, sem að meginhluta eru byggðar á tillögum bankaeftirlitsins. Frá og með reikningsárinu 1985 eru því ársreikningar þessara stofnana að fullu samanburðarhæfir. Bankaeftirlitið gefur árlega út efnahags- og rekstrarreikninga viðskiptabanka og sparisjóða.

Ýmis önnur ákvæði hinnar nýju löggjafar um viðskiptabanka og sparisjóði kveða nánar á um tiltekin afskipti bankaeftirlitsins af mál-efnum þeirra. Á árinu hefur verið unnið að undirbúningi vegna gildistöku þeirra ákvæða í ársbyrjun 1986.

Samkvæmt reglum um Verðbréfaþing Íslands nr. 268/1985 er banka- eftirlitið stjórn þingsins til ráðuneytis og aðstoðar við gerð tillagna um nauðsynlegt eftirlit með verðbréfamarkaðnum. Á árinu voru gerðar athuganir á starfsemi nokkurra aðila, sem versla með verðbréf, á grundvelli framangreindra reglna.

Færst hefur í vöxt, að einstaklingar og fyrirtæki leiti upplýsinga hjá bankaeftirlitinu um viðskipti sín við innlánsstofnanir. Í allmörgum tilvikum hefur verið um kvartanir að ræða. Afgreiðsla slíkra mála er því vaxandi þáttur í starfsemi bankaeftirlitsins.

Á árinu 1985 varð engin fjölgun á afgreiðslustöðum innlánsstofnana. Landsbanki Íslands stofnaði afgreiðslu í Tollvörugeymslunni hf. í Reykjavík, en á móti var innlánsdeild Kf. Hvammsfjarðar í Búðardal lögð niður.

#### *Afgreiðslustaðir innlánsstofnana.*

	<i>Árslok 1984</i>	<i>Árslok 1985</i>
Viðskiptabankar .....	127	128
Sparisjóðir .....	44	44
Innlánsdeildir samvinnufélaga ...	28	27
Póstgíróstofan .....	1	1
Söfnunarsjóður Íslands .....	1	1
Afgreiðslustaðir alls .....	201	201

#### **Vandamál Útvegsbankans**

Athugun bankaeftirlitsins á fjárhagsstöðu Útvegsbanka Íslands, sem gerð var miðað við 30. júní 1985, leiddi í ljós, að bankinn var í verulegri tapshættu vegna útlána til eins af stærstu lánþegum bankans, Hafskips hf. Tapshætta bankans var af þeirri stærð, að veruleg hætta var á, að meginhluti eigin fjár hans tapaðist, ef ekki reyndist unnt að tryggja hagsmunum hans eftir öðrum leiðum. Þær tilraunir stóðu fram eftir árinu án árangurs. Í lok ársins var Hafskip hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Ljóst var, að tap Útvegsbankans yrði verulegt og að eiginfjárstaða hans yrði mjög veik, eftir að lögð hafði verið í sérstakan afskriftareikning útlána fjárhæð til þess að mæta áætluðu tapi bankans.

Af þessum ástæðum taldi Seðlabankinn óhjákvæmilegt að grípa til

ráðstafana, er sannfærðu innstæðueigendur og erlenda viðsemjendur bankans um öryggi innstæðna þeirra og annarra krafna á hendur bankanum og tryggðu jafnframt, að bankinn gæti haldið áfram eðlilegum lánsviðskiptum við þau fyrirtæki og einstaklinga, sem við bankann skipta. Hinn 6. desember gaf Seðlabankinn út yfirlýsingu, að höfðu samráði við viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra, með hliðsjón af ákvæðum laga um ábyrgð ríkisins á skuldbindingum Útvegsbankans, þess efnis, að Seðlabankinn muni sjá til þess, að Útvegsbankinn geti staðið við skuldbindingar sínar innanlands og utan, á meðan verið sé að leita varanlegra lausna á fjárhagsvandamálum bankans.

Í þessu skyni var m.a. gerður sérstakur samningur við Útvegsbankann um fjárhagslega fyrirgreiðslu, er tryggði greiðslustöðu bankans gagnvart viðsemjendum hans innanlands og utan. Slíkur samningur var gerður hinn 20. desember 1985 og gildir til eins mánaðar í senn. Meðan samningurinn er í gildi, fylgist Seðlabankinn reglulega með rekstri bankans og fjárráðstöfunum hans.

Af hálfu Seðlabankans var það yfirlýst stefna, að unnið yrði að varanlegri lausn á fjárhagsvanda Útvegsbankans í samvinnu við ríkisstjórnina. Var megináhersla lögð á það, að slík endurskipulagning yrði þáttur í nauðsynlegum skipulagsbreytingum viðskiptabankakerfisins í heild í þá átt, að viðskiptabönkum fækki og rekstrareiningar stækki að sama skapi. Á undanförunum árum hefur Seðlabankinn margsinnis gert tillögur um breytingar í þá átt.

## Starfsemi lánadeildar

Verulegar breytingar urðu á starfsemi deildarinnar á árinu. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar frá 26. maí 1983 segir, „að núverandi afurða- og rekstrarlánakerfi skuli endurskoðað m.a. með það í huga, að þau verði á vegum viðskiptabanka“. Fyrstu skrefin í þessa átt voru stigin á árinu 1984 með lækkun endurkaupahlutfalla, og undirbúningsvinna vegna kerfisbreytingar afurða- og rekstrarlána var hafin. Henni var haldið áfram á fyrstu mánuðum ársins 1985. Þann 21. mars 1985 samþykkti ríkisstjórnin tillögur Seðlabankans um framkvæmd kerfisbreytingar á afurða- og rekstrarlánnum með ákveðnum skilyrðum. Í kjölfar samþykktarinnar var undirbúningi lokið og sjálf breytingin gerð í aprílmánuði. Með því hætti Seðlabankinn endurkaupum á afurðalánnum, sem staðið höfðu allt frá árinu 1945.

Lánadeild sér um afgreiðslu á hinum nýja SDR-lánakvóta, sem ákveðinn var við kerfisbreytingu afurðalána vorið 1985. Upphæð þessa kvóta var ákveðin 50 millj. SDR, og var hann óbreyttur út árið.



Staða SDR-lánakvóta innlánsstofnana.

Þús. SDR.	Bankar		Sparisjóðir		Lán umfr. kvóta
	Kvóti	Notað	Kvóti	Notað	
Í lok II. ársfj. <sup>1)</sup> . . . . .	43.927,4	9.721,5	6.072,6	1.195,2	240,0
Í lok III. ársfj. . . . .	43.927,4	6.179,1	6.072,6	2.064,0	936,9
Í lok IV. ársfj. . . . .	44.630,8	11.191,4	5.369,3	1.932,1	415,8

<sup>1)</sup> m.v. seinustu viku hvers tímabils.

Rétt er að benda á, að notkun á SDR-lánakvótanum var mjög sveiflukennd innan ofangreindra tímabila. Hjá nokkrum innlánsstofnunum nægði úthlutaður kvóti ekki. Var úr vanda þessara stofnana leyst með sérstöku láni umfram kvóta. Eftir yfirtöku allra afurðalánaviðskipta bar innlánsstofnunum að greiða endurkeypt lán í SDR, sem þær höfðu frá Seðlabankanum, fyrir lok júnímánaðar 1985. Heildarupphæð þessara lána við kerfisbreytinguna var SDR 88.165.000.00.

Uppgjörsdagur endurkeyptra lána í ísl. kr. var ákveðinn þann 20. apríl 1985. Þann dag voru öll afurðalán frá Seðlabankanum vegna framleiðslu á innanlandsmarkaði gerð upp.

Í áður nefndri samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 21. mars 1985 um kerfisbreytingu afurðalána er einnig kveðið svo á, að vextir af afurðalánum hækki ekki frá því, sem þeir voru í desembermánuði 1984, og að viðskiptabankarnir haldi áfram að veita afurðalán með sama hætti og verið hafði. Til að auðvelda innlánsstofnunum að verða við þessari samþykkt ríkisstjórnarinnar um óbreytta afurðalánafyrirgreiðslu, keypti Seðlabankinn skammtímaskuldabréf af nokkrum innlánsstofnunum að upphæð 430 millj. kr. Þessi aðstoð við innlánsstofnanir var nauðsynleg vegna mikillar árstíðabundinnar sveiflu í afurðalánum, sérstaklega vegna landbúnaðarafurða.

Til að samræma útlánaverð og annast um sérstakt tölvukerfi afurðalánanna, svokallað ES-kerfi, var komið á fót samráðshóp um afurðalán innan bankakerfisins. Nefnd þessi var stofnuð í júnímánuði sl. og hefur aðstoðu í lánadeild Seðlabankans. Jafnframt var komið til móts við óskir útflutningsaðila um breytingar á ES-kerfinu. Frá og með 1. nóvember var gefinn kostur á afurðalánum í Bandaríkjadollurum, þýskum mörkum og sterlingspundum auk lána í sérstöku dráttaréttindum (SDR), og heimilað var að breyta gengisviðmiðun áður veittra afurðalána. Í lok ársins var einnig lokið við endurskipulagningu þess hluta ES-kerfisins, sem nær til sjávarafurða. Mikil aukning í fjölbreytni tegunda og pakkninga hafði skapað tafir og erfiðleika við veðsetningu, en með breytingunni var tegundanúmerum fjölgað mjög, og ættu slíkir erfiðleikar þar með vera úr sögunni.

Samkvæmt ákvörðun bankastjórnar Seðlabanka Íslands frá 29. nóv. 1984 ákvað bankinn að endurgreiða útflutningsaðilum, sem tekið

höfðu gengistryggð endurkeypt lán, gengistap að upphæð 438,7 millj. kr. Ákveðið var að skipta endurgreiðslunum niður í þrjá hluta. Fyrsti hluti endurgreiðslunnar fór fram í lok desembermánaðar 1984, en tveir síðari hlutarnir komu til greiðslu í lok febrúar og í lok apríl 1985. Alls komu til greiðslu 307 millj. kr. með reiknuðum verðbótum á árinu 1985.

Alkunnugt er, að skreiðarverkendur hafa orðið fyrir miklum bú-sifjum vegna markaðsbrests fyrir afurðir sínar. Mjög veruleg endurkeypt afurðalán í SDR hvíldu á skreiðarbirgðum og ógreiddum útflutningi í ársbyrjun 1984 eða um 760 millj. kr. Að athuguðu máli taldi bankastjórn Seðlabanka Íslands rétt að leysa úr vanda skreiðarverkenda eins og frekast væri kostur á. Bankastjórn tók þá ákvörðun í marsmánuði að fella niður allan áfallinn gengismun frá árinu 1984 á þá skreið, sem framleidd hefði verið á árunum 1981–1983 og enn var til í landinu eða ógreidd. Jafnframt var ákveðið að breyta endurkeyptum lánnum vegna þessarar skreiðar í sérstök biðreikningslán við viðkomandi viðskiptabanka og sparisjóði í ísl. krónum, sem bera skyldu almenna sparisjóðsvexti. Var því lokið í júnímánuði, og voru lán alls að upphæð 465 millj. kr. færð á þessa biðreikninga. Lán þessi skulu greiðast upp að fullu fyrir árslok 1988.

Upphæð skreiðarlánanna á nefndum biðreikningum var 447 millj. kr. í árslok og hafði þá lækkað um 18 millj. kr. frá júnímánuði. Biðreikningarnir hafa ekki verið vaxtafærðir fyrir árið 1985, en áætla má, að áfallnir vextir nemi um 90 millj. kr. Um seinustu áramót var óráðið, hvað yrði um ofangreinda biðreikninga vegna gamallar skreiðar.

*Yfirlit um aðgerðir Seðlabankans vegna  
skreiðarbirgða frá árunum 1981–1983.*

	<i>Millj. kr.</i>
Niðurfelling á gengisuppfærslu í mars 1985 .....	95.300
Mismunur sparisjóðsvaxta og SDR-vaxta 1984 .....	(24.300)
Áður endurgreiddur gengismunur á skreiðarlán frá árunum 1981–1983 .....	69.500
Samtals eftirgefinn og/eða endurgreiddur gengis- munur vegna skreiðarendurkaupa 1981–1983 .....	140.500

Þess skal getið, að hluti af þeirri endurgreiðslu, sem ákveðin var í nóv. 1984, var vegna skreiðar frá árinu 1984 eða tæpar 28 millj. kr. Var því heildarfyrirgreiðsla Seðlabankans vegna skreiðarmálsins alls 168,5 millj. kr.

Samkvæmt venju keypti Seðlabankinn á síðasta ári ýmis skuldabréf, alls að fjárhæð 2.391,5 millj. kr., en sambærileg upphæð árið áður var 1.137,0 millj. kr. Upphæðin skiptist þannig: Ríkissjóður 2.140,8 millj. kr., þar af 600 millj. kr. vegna breytinga á uppgjöri til bænda (staðgreiðsla), Framkvæmdasjóður 70,7 millj. kr. og Húsnæðismála-stjórn 180,0 millj. kr.

Jafnframt keypti Seðlabankinn bankavaxtabréf Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands, svokölluð bændabréf, af nokkrum innlánsstofnunum, alls að upphæð 141,4 millj.kr. Þessi bréf eru hluti af skuldbreytingarfyrirgreiðslu þeirri, sem ákveðin var við bændur á árinu 1984. Samkvæmt þeim reglum, sem Seðlabankinn setti þann 29. október 1982 um lausaskuldir banka og sparisjóða, voru á árinu keyptir sérstakir víxlar af innlánsstofnunum að fjárhæð 5.445,5 millj.kr. Um seinustu áramót nam upphæð slíkra víxla alls 2.026,0 millj.kr., en um 2.164,0 millj.kr. í ársbyrjun.

Eins og áður keypti Seðlabankinn kvótavíxla af bönkum og sparisjóðum á árinu 1985.

*Kvótavíxlar 1985.*

<i>Tímabil</i>	<i>Bankar</i>			<i>Sparisjóðir</i>		
	<i>Kvóti</i>	<i>Notað</i>	<i>%</i>	<i>Kvóti</i>	<i>Notað</i>	<i>%</i>
11.12.84–10.03.85	217.232	86.436	39,8	1.747.887	863.700	49,4
11.03.85–10.06.85	427.383	426.900	99,9	1.836.098	990.300	53,9
11.06.85–10.09.85	6.410	–	–	2.379.994	1.463.293	61,5
11.09.85–10.12.85	1.923.795	1.900.000	98,8	2.542.356	1.755.779	69,0

Reglur um úthlutun kvóta voru óbreyttar frá því, sem ákveðið var þann 11. september 1984, þ.e. mánaðarleg kvótaúthlutun. Lengst af árinu var kvóti viðskiptabankanna lítill og á tíðum enginn. Orsök þessa var óumsaminn yfirdráttur á viðskiptareikningum viðkomandi banka við Seðlabankann og vanefndir á samkomulagi um bráðabirgðalán og útlánamörk. Varð ekki breyting á þessu fyrr en undir áramót.

Hinn 1. ágúst gaf Seðlabankinn út nýjar heildarreglur um innlenda gjaldeyrisreikninga. Voru þá teknir upp útflutningsreikningar með andvirði seldrar vöru og þjónustu, þannig að óbundinn hluta gjaldeyrisandvirðis er heimilt að leggja inn á slíka reikninga við héraðs banka með heimild innan 180 daga til ráðstöfunar til að mæta erlendum kostnaði.

**Innlendir gjald-eyrisreikningar**

Með heimild í 18. gr. reglugerðar nr. 519/1979 gat gjaldeyriseftirlitið leyft héraðs bankum að afla sér kreditkorta hjá erlendum korta-fyrirtækjum. Í fyrstu var þetta mjög lítið notað nema helst af kaup-sýslumönnum og öðrum aðilum, sem vinnu sinnar vegna þurftu að ferðast mikið erlendis.

**Kreditkort**

Útgáfa kreditkorta hófst hér á landi árið 1980 á vegum einkaaðila, en á árinu 1982 hófst samvinna milli hans, Útvegsbankans og Verzlunarbankans með Sparisjóði vélstjóra, allt byggt á Eurocard-kortum, til notkunar erlendis. Landsbankinn, einn til að byrja með, hóf útgáfu Visa-korta í nóvember 1981, en í apríl 1983 undirrituðu Landsbankinn, aðrir viðskiptabankar en áður eru nefndir og 13 sparisjóðir sam-



## Verðbréfaþing Íslands

eignarsamning um útgáfu og afgreiðslu Visa-greiðslukorta til notkunar erlendis, og var byrjað að gefa út slík kort í ágúst sama ár. Á eftir fylgdi almenn notkun hvorra tveggja greiðslukortanna innanlands.

Pann 23. nóvember 1983 gaf Seðlabankinn út fyrstu opinberu reglurnar um kortanotkun einstaklinga á ferðalögum erlendis, en löggjöf hefur ekki verið sett um þetta svið. Notkun kortanna bæði í innlendum og erlendum greiðsluskiptum hefur aukist mjög hratt. Á árinu 1985 var fjöldi korta í notkun kominn vel á sjötta tug þúsunda.

Að tillögu Seðlabanka Íslands staðfesti viðskiptaráðherra hinn 28. júní 1985 reglur um Verðbréfaþing Íslands. Reglurnar eru nr. 268/1985 og í þeim er lögð áhersla á, að markaður með verðbréf verði sveigjanlegur og aðilar þingsins ráði sjálfir meötu um skipulag og þróun markaðarins. Jafnframt er tryggt, að settar verði starfsreglur og komið á eftirliti, þannig að traustar upplýsingar liggi fyrir um viðskipti og starfshætti á þinginu.

Fyrsta stjórn þingsins var skipuð tveim fulltrúum Seðlabanka Íslands og fulltrúum Landsbanka Íslands, Fjárfestingarfélags Íslands hf. og Kaupþings hf., einum frá hverjum. Stjórnin kom saman til fyrsta fundar 19. júlí 1985, og 1. ágúst var auglýst eftir aðild að þinginu, og bárust 15 umsóknir. Eftir að stjórnin hafði leitað ítarlegra upplýsinga um umsækjendur, átt við þá viðtöl og látið bankaeftirlit kanna mál þeirra, sem komu til lokaafgreiðslu, voru valdir fjórir stofnaðilar, en þeir eru auk Seðlabanka Íslands, Fjárfestingarfélag Íslands hf., Iðnaðarbanki Íslands hf., Kaupþing hf. og Landsbanki Íslands.

Þingaðilar sækja um skráningu skuldabréfa á þingið, og hafa nú verið samþykktir flestir flokkar spariskírteina ríkissjóðs, svo og bréf, útgefin af Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands hf., Sambandi íslenskra samvinnufélaga og Fjárfestingarsjóði Sláturfélags Suðurlands.

Upplýsingar um, hvað er til kaups og sölu hjá þingaðilum, eru skráðar í Reiknistofnun Háskólans, en allir þingaðilar hafa aðgang að tölvuskram þar. Einnig er ætlunin að skrá viðskipti með verðbréf, sem samþykkt hafa verið inn á þingið.

## Þjóðhátíðarsjóður

Árið 1985 var áttunda starfsár Þjóðhátíðarsjóðs, en hann starfar samkvæmt skipulagsskrá nr. 361 frá 30. september 1977. Stjórn sjóðsins ákvað, að úthluta skyldi allt að 2,6 m.kr. á árinu í styrki. Samkvæmt skipulagsskrá rennur fjórðungur úthlutunarfrjár til friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs og fjórðungur til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns. Úthlutað var 21 styrk samkvæmt umsóknum, samtals að fjárhæð 1,3 m.kr. Höfuðstóll sjóðsins í árslok var 29,2 m.kr.

## Nýbygging Seðlabankans

Framkvæmdir við nýbyggingu bankans við Kalkofnsveg gengu í stórum dráttum samkvæmt áætlun á árinu. – Innanhúss var lokið við allt múrverk og þök lágbygginga einangruð. Lagna- og loftræstikerfi eru vel á veg komin, og byrjað var á uppsetningu milliveggja á jarðhæð og 1. hæð hússins svo og gabbróklæðningu veggja í afgreiðslusal. Komið var fyrir varaafsstöð og settar upp fólks- og vörulyftur. – Utanhúss var gengið frá þökum, útveggir jarðhæðar málaðir og norðurplan malbikað. Unnið var við þak bílageymslu Reykjavíkurborgar (Kolaport) skv. samningi og lóðarframkvæmdir hafnar eftir hugmyndum Birnu Björnsdóttur, arkitekts, en hún vann hugmynda-samkeppni um hlutverk og mótun Arnarhóls og umhverfis hans.

Heildarfjárfesting bankans vegna nýbyggingar, að frátöldu kaupverði lóðar, nam í árslok 321,2 m.kr. Þar af nemur fjárframlag bankans á árinu 103,6 m.kr. Áætlað er að ljúka byggingunni að mestu leyti á árinu 1986 og að framkvæmdakostnaður verði svipaður og árið á undan, en þar til viðbótar koma kaup á öryggisbúnaði, símakerfi og ýmsum sérbúnaði.

Dagana 24. til 30. október var hluti 1. hæðar byggingarinnar lánaður til sýningarhalds á vegum samstarfsnefndar um lok kvennaáratugar. Í „Kvennasmiðjunni“ voru sýnd helstu störf og starfsgreinar kvenna og hin víðtæka þátttaka þeirra í atvinnulífnum. Tókst sýningin með ágætum, og sóttu hana um 14.000 gestir.

Í samræmi við þingsályktunartillögu, sem samþykkt var á 107. lög-gjafarþingi, áttu fulltrúar viðskiptaráðuneytis og forsætisráðuneytis viðræður á árinu við bankastjórn Seðlabankans um nýtingu Seðlabankahússins og að hve miklu leyti bygging þess gæti orðið til þess að greiða úr húsnæðisþörfum stjórnarráðsins. Í framhaldi af þessum viðræðum sendi bankastjórnin viðskiptaráðuneytinu greinargerð með niðurstöðum viðræðanna og tillögum um nýtingu hússins. Viðskiptaráðherra samþykkti tillögurnar með bréfi, dagsettu 8. október 1985, og eru niðurstöðurnar í meginráttum eftirfarandi:

1. Bygging Seðlabankans hefur verið hönnuð með það fyrir augum, að hún fullnægi sem best sérþörfum Seðlabankans, einkum að því er varðar aðstöðu til geymslu og meðferðar á verðmætum og fyrir þá þjónustu, sem Seðlabankinn veitir öðrum peningastofnunum og opinberum aðilum. Þessi hluti hússins verður ekki með neinu skynsamlegu móti nýttur af öðrum aðilum og því ekki um annað að ræða en að Seðlabankinn flytji alla starfsemi sína í húsið. Lögð verður áhersla á sem besta nýtingu á því skrifstofurými, sem bankinn hefur í byggingunni, og með því að gera ráð fyrir nánast engri fjölgun á starfslíði frá því sem nú er, verður mögulegt að koma allri skrifstofu- og stjórnunarstarfsemi bankans fyrir á þremur skrifstofuhæðum af fjórum auk skrifstofurýmum á 1. hæð fyrir innan afgreiðslusal.

2. Eins og gert hefur verið ráð fyrir frá upphafi mun Reiknistofa bankanna fá húsnæði á jarðhæð og 1. hæð hússins auk aðildar að sameiginlegu húsnæði. Tekið hefur verið fullt tillit til þess við hönnun hússins, en Reiknistofan þarf á sérhönnuðu húsnæði að halda bæði fyrir þá tölvuvinnslu, sem þar fer fram, og einnig vegna þess öryggis, sem nauðsynlegt er fyrir slíka starfsemi. Má segja, að öryggiskröfur bankans og Reiknistofunnar séu mjög sambærilegar, og fylgir því margvísleg hagkvæmni, að starfsemi þessara stofnana sé undir sama þaki.
3. Eftir rækilega könnun á því, hvaða kostir væru bestir varðandi nýtingu þeirrar skrifstofuhæðar, sem aflögu verður, varð niðurstaðan sú, að Þjóðhagsstofnun flytji í þetta húsnæði, en starfsemi hennar er að mörgu leyti svipuð ýmsum þáttum í störfum Seðlabankans. Getur sambýli þessara stofnana fylgt margvíslegt hagræði, t.d. varðandi sameiginlega notkun á tölvubúnaði og annarri þjónustu við skýrslugerð svo og betri verkaskiptingu milli þessara tveggja aðila. Auk þess greiðir Seðlabankinn að hálfu kostnað af Þjóðhagsstofnun og þykir heppilegt, að hluti þess kostnaðar sé greiddur með þessum hætti.

Með flutningi Seðlabankans losnar um 1.200 m<sup>2</sup> húsnæði við Austurstræti 12 og 14, sem bankinn hefur framleigurétt á, og um 700 m<sup>2</sup> hæð losnar í húsi Framkvæmdastofnunar við flutning Þjóðhagsstofnunar. Alls leiðir því flutningur þessara tveggja stofnana til þess, að um 1.900 m<sup>2</sup> geta orðið til ráðstöfunar fyrir aðra aðila, en þá er ekki tekið tillit til þess húsnæðis, sem Seðlabankinn hefur nú í Hafnarstræti 10–12 og Austurstræti 11, og Landsbanki Íslands mun yfirtaka. Ekki var fjallað um það sérstaklega í fyrrgreindum viðræðum, hvernig nýta megi umrædda 1.900 m<sup>2</sup> fyrir stofnanir ríkisins, og er það mál nú til athugunar hjá stjórnvöldum.

Gert er ráð fyrir, að Seðlabankinn flytji starfsemi sína í húsið um næstu áramót svo og Ríkisábyrgðasjóður og Iðnþróunarsjóður. Þjóðhagsstofnun mun væntanlega flytja um svipað leyti, en Reiknistofa bankanna flytur hins vegar í lok apríl á þessu ári. – Miðað við ofangreinda nýtingu hússins má gera ráð fyrir, að um 250 manns muni starfa í húsinu, þar af er um helmingur í föstu starfi við Seðlabankann.



## ANNÁLL PENINGA- OG GJALDEYRISMÁLA 1985

### Janúar

Samkvæmt nýjum reglum frá 1. janúar 1985 um dráttarvexti og vexti af almennum skuldabréfum, sem gefin voru út fyrir 11. ágúst 1984, voru meðalvextir skuldabréfa fyrir janúar ákveðnir 25,8% á ári og dráttarvextir 30,8% á ári sem dagvextir. Fram til 1. febrúar var þó heimilt að beita fyrri reglu og reikna vanskilavexti fyrir brot úr mánuði, og skulu þeir þá vera 2,75% á mánuði.

Frá og með 1. janúar urðu vextir af almennri innlánsbindingu í Seðlabanka 25% á ári.

Hinn 1. janúar hækkðu bankar og sparisjóðir vexti almennt um 6–8% í kjölfar ákvörðunar Seðlabankans um 7% hækkun vaxta af almennu sparifé.

Hinn 10. janúar voru gefin út ný spariskírteini ríkissjóðs í I.fl. 1985. Í boði voru fjórar tegundir skírteina: a) Verðtryggð skírteini m.v. lánskjaravísitölu (LV) til 3 ára með 7% ársvöxtum allan lánstímann; b) Gengistryggð skírteini til 5 ára m.v. SDR auk 9% ársvaxta; c) Verðtryggð skírteini m.v. LV til 18 mánaða með hreyfanlegum vöxtum verðtryggðra sparireikninga í bönkum auk 50% vaxtaauka; d) Verðtryggð skírteini m.v. LV með áföstum vaxtamíðum til 5 ára. Vextirnir, sem eru 6,71% á ári, greiðast misserislega eftirá. Útboðið er ekki bundið við ákveðna fjárhæð eins og oft áður, heldur opið.

Hinn 21. janúar lækkuðu vextir gengisbundinna afurðalána úr 9,5% í 9% á ári. Vextir af endurseljanlega hlutanum voru lækkaðir í 8,5% á ári.

### Febrúar

Heimild til að reikna vanskilavexti fyrir brot úr mánuði var framlengd, og voru vanskilavextir hækkaðir úr 2,75% í 3,75% á mánuði hinn 1. febrúar.

Sama dag voru vextir af almennum skuldabréfum, útgefnum fyrir 11. ágúst 1984, hækkaðir úr 25,8% í 34% á ári og vanskilavextir, reiknaðir sem dagvextir, hækkaðir í 39% á ári.

Hinn 21. febrúar hækkðu vextir gengisbundinna afurðalána úr 9,0% í 9,5% á ári. Vextir af endurseljanlega hlutanum voru hækkaðir um leið í 9,25% á ári.

Sama dag tók Seðlabankinn þá ákvörðun, að ekki yrði úr áformuðum breytingum á meðferð dráttarvaxta, frá því sem verið hafði til áramóta. Verður því t.d. áfram heimilt að beita vöxtum heils mánaðar, þótt vanskil hafi aðeins staðið í brot úr mánuði.

### **Mars**

Í samræmi við ofangreinda reglu giltu eftirfarandi vanskilavextir frá 1. mars:

- a) Heils mánaðar vextir fyrir brot úr mánuði (vaxtavextir á 12 mánaða fresti) : 4% eða 48% á ári.
- b) Dagvextir á mánuði (vaxtavextir mánaðarlega): 3,25% eða 39% á ári.

Hinn 21. mars hækkuðu vextir gengisbundinna afurðalána í 9,75% á ári. Vextir af endurseljanlega hlutanum voru jafnframt hækkaðir í 9,5% á ári.

### **Apríl**

Hinn 2. apríl hækkaði sú fjárhæð í íslenskum seðlum og mynt, sem heimilt er að fara með úr landi eða koma með til landsins, úr 3.000 krónum í 8.000 krónur.

Hinn 17. apríl hætti Seðlabankinn að endurkaupa afurðalán innlánsstofnana. Á móti fengu innlánsstofnanir heimild til að fjármagna lán út á útflutningsafurðir að hluta með erlendum lánnum og lánnum innan sérstaks kvóta í Seðlabanka. Innlánsbinding var lækkuð úr 28% í 18% af innlánnum. Uppgjöri vegna endurkaupa og bindingar er nánar lýst í kaflanum um peningamál.

Hinn 17. apríl voru vextir af afurða- og rekstrarlánnum fyrir framleiðslu fyrir innlendan markað hækkaðir úr 24% í 26,25% á ári.

Hinn 21. apríl voru vextir gengisbundinna afurðalána hækkaðir í 10% á ári.

Seðlabankinn felldi niður gengismun, sem myndast hafði á árinu 1984 á endurkeyptum lánnum út á skreið, alls að fjárhæð 71 millj. kr. Jafnframt var kjörum á útistandandi skreiðarlánnum breytt.

### **Mái**

Hinn 1. maí lækkuðu vextir hjá bönkum og sparisjóðum á óverðtryggðum inn- og útlánnum um 1–3%. Undanskildir voru vextir almennra sparibóka, en þeir voru bundnir af ákvörðun Seðlabankans. Meiri lækkun varð þó á vöxtum veltiinnlána eða allt að 8%.

Hinn 11. maí lækkaði Seðlabankinn vexti almennra sparibóka úr 24% í 22% á ári. Jafnframt lækkaði hann vexti af almennri innlánsbindingu úr 25% í 22% á ári.

Sama dag lækkuðu bankar og sparisjóðir vexti almennt um 1–2%. Vextir verðtryggðra útlána, sem eru áfram bundnir af ákvörðun

Seðlabankans, hafa ekki breyst frá 1. janúar 1985, er þeir lækkuðu í 4% af skemmri lánnum en til 2½ árs og í 5% af lengri lánnum.

Hinn 21. maí lækkuðu bankar og sparisjóðir vexti á inn- og útlánnum almennt um 1–2%.

### **Júní**

Hinn 1. júní lækkuðu vextir af almennum skuldabréfum, útgefnum fyrir 11. ágúst 1984, úr 34% í 30,9% á ári. Jafnframt lækkaði Seðlabankinn vanskilavexti í 3,5% á mánuði eða í 42% á ári, þegar reiknaðir eru heils mánaðar vextir fyrir brot úr mánuði, og í 2,99% eða 35,9% á ári, ef reiknaðir eru dagvextir.

Hinn 21. júní lækkuðu vextir gengisbundinna afurðalána úr 10% í 9,75% á ári.

Hinn 28. júní voru staðfestar af viðskiptaráðherra tillögur Seðlabankans um reglur fyrir skipulegan verðbréfamarkað, sem hlotið hefur nafnið Verðbréfafélag Íslands.

### **Júlí**

Hinn 2. júlí gerðu fjármálaráðuneytið f.h. ríkissjóðs og Seðlabankinn með sér samning um lánafyrirgreiðslu, viðskiptareikninga og vaxtakjör. Samningurinn kemur í stað hliðstaðs samnings frá 3. júní 1982. Samkvæmt honum skal árstíðabundin rekstrarfyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð, A-hluta, miðast við greiðsluáætlun, byggða á fjárlögum, og skulu slík lán vera til skamms tíma og greiðast upp í lok hvers fjárlagaárs. Reynist rekstrarfjárförf ríkissjóðs meiri, mun Seðlabankinn veita viðbótarfyrirgreiðslu á viðskiptareikningum, allt að 30% umfram greiðsluáætlun. Vextir af skuld á viðskiptareikningi, þegar nettóskuld er innan marka umsaminnar greiðsluáætlunar, skulu vera 1%-stigi lægri en meðalhlaupareikningsvextir hjá innlánsstofnunum. Nettóskuld, sem er umfram greiðsluáætlun, mun þó bera hærri vexti.

### **Ágúst**

Samkvæmt reglugerð viðskiptaráðuneytisins frá 30. apríl sl. var ákveðið, að frá 1. ágúst skyldi stofnað til innlendra gjaldeyrisreikninga fyrir óveðsett og óbundið gjaldeyrisandvirði seldrar vöru og þjónustu.

Hinn 1. ágúst hækkðu vextir af almennum skuldabréfum, sem útgefin voru fyrir 11. ágúst 1984, úr 30,9% í 31,4% á ári. Jafnframt hækkðu bankar og sparisjóðir vexti, sem þeir ákveða. Vaxtabreytingarnar voru nokkuð mismunandi eftir inn- og útlánsflokkum eða allt að 0,5–2%-stig á algengum útlánnum upp í 2–3%-stig á bundnum innlánsreikningum. Þær stofnanir, sem mest lækkuðu vexti í maí-mánuði sl., hækkðu þá að nýju til samræmis við aðrar.



### September

Hinn 1. september hækkaði Seðlabankinn vexti af almennum skuldabréfum, gefnum út fyrir 11. ágúst 1984, úr 31,4% í 32% á ári. Jafnframt voru vanskilavextir hækkaðir úr 3,5% í 3,75% á mánuði.

Hinn 10. september voru gefin út ný spariskírteini ríkissjóðs í II.fl. 1985. Eins og í I.fl. 1985 voru fjórar tegundir skírteina í boði, og voru kjörin þau hin sömu.

Hinn 21. september lækkaði Seðlabankinn vexti af gengisbundnum afurðalánnum úr 9,75% í 9,5% á ári. Hins vegar voru vextir á öðrum afurðalánnum hækkaðir úr 26,25% í 27,5% á ári.

Sama dag var reglum um víxilkvóta banka og sparisjóða við Seðlabankann breytt. Eftirleiðis verður þeim bönkum og sparisjóðum, sem eytt hafa kvóta sínum fyrirfram með yfirdrætti á viðskiptareikningi, gert kleift að endurheimta kvóta sinn fyrir en ella. Tekið verður tillit til þess, hver innstæða síðasta vaxtamánaðar hefur verið á viðskiptareikningi í Seðlabankanum, og hún látin mæta lækkun kvóta, ef einhver er.

### Október

Ákveðið hefur verið, að framleiðendum útflutningsafurða, sem nú taka afurðalán í SDR, verði boðin afurðalán fyrst um sinn í þrem helstu útflutningsmyntunum auk SDR, þ.e. Bandaríkjadollar, sterlingspundi og þýskum mörkum. Skilyrði er þó, að hin veðsetta afurð sé seld til viðkomandi myntsvæðis.

Seðlabankinn hefur ákveðið að bjóða innlánsstofnunum til kaups 3 mánaða skuldabréf með sambærilegum kjörum og best eru á innlánsreikningum í bönkum og sparisjóðum. Bréfin eru einungis framseljanleg milli innlánsstofnana, en ekki á almennum markaði.

Hinn 29. október ákvað Seðlabankinn, að vextir af almennri innlánsbindingu í bankanum, sem ákveðnir höfðu verið 25% frá og með 1. janúar 1985 og til 11. maí sama ár, er þeir lækkuðu í 22% á ári, skyldu gilda frá 21. desember 1984.

### Nóvember

Frá og með 1. nóvember eru vextir gengisbundinna afurðalána sem hér segir:

Í Bandaríkjadollurum	9,75%
Í sterlingspundum	12,75%
Í vestur-þýskum mörkum	6,25%
Í SDR	9,50%

Á móti er viðskiptabönkum og sparisjóðum heimilt frá og með 1. nóvember að taka lán í Seðlabanka í þessum sömu myntum í stað

einnar áður (SDR), að vali viðkomandi stofnunar, til að fjármagna gengisbundin afurðalán.

Hinn 21. nóvember lækkuðu vextir af gengisbundnum afurðalánnum í Bandaríkjadollurum úr 9,75% í 9,5% á ári.

### **Desember**

Hinn 1. desember hækkuðu vextir af afurðalánnum vegna framleiðslu fyrir innlendan markað úr 27% í 28,5% á ári.

Hinn 12. desember ákvað Seðlabankinn að bæta þau kjör, sem voru á almennri innlánsbindingu á árinu 1985, með því að færa inn á bundna reikninga innlánsstofnana í Seðlabanka samtals 89 m.kr. til viðbótar auglýstum vöxtum.

Hinn 21. desember hækkuðu vextir af gengisbundnum afurðalánnum í SDR úr 9,5% í 9,75% á ári og í sterlingspundum úr 12,75% í 13% á ári.

# TÖFLUR



1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætarádstöfun.

Á verðlagi hvers árs í m.kr.	Einkaneysla	Samneysla	Fjármunamyndun	Birgðabreytingar	Verðmæta ráðstöfun	Útfl. vörur og þjón.	Innfl. vörur og þjón.	Verg landsframl.	Viðskipta jöfnuð <sup>1)</sup>	Verg þjóðarframl.	Vergar þjóðar-tekjur <sup>2)</sup>
1974	910	157	454	26	1.547	475	611	1.411	-155	1.392	1.392
1975	1.284	220	637	37	2.178	718	883	2.013	-214	1.964	1.964
1976	1.765	300	779	-17	2.827	1.048	1.019	2.856	-44	2.783	2.783
1977	2.540	432	1.086	70	4.128	1.443	1.452	4.119	-97	4.031	4.031
1978	3.989	698	1.508	-39	6.156	2.482	2.242	6.396	79	6.235	6.235
1979	6.012	1.062	2.173	13	9.260	3.810	3.631	9.439	-65	9.195	9.195
1980	9.658	1.682	3.639	103	15.082	5.746	5.648	15.180	-313	14.769	14.769
1980 <sup>3)</sup>	8.858	2.542	3.927	80	15.407	5.746	5.648	15.505	-313	15.094	15.094
1981	13.957	4.026	5.929	253	24.165	8.724	8.936	23.953	-1.023	23.142	23.142
1982	21.789	6.586	9.251	913	38.539	12.714	14.329	36.924	-3.110	35.429	35.429
1983	36.260	11.536	14.127	-1.070	60.853	27.078	25.275	62.656	-1.263	59.590	59.590
1984	48.185	14.015	18.122	786	81.108	34.295	33.871	81.532	-4.130	76.978	76.978
1985 <sup>4)</sup>	67.000	19.900	23.730	-595	110.035	49.819	49.051	110.803	-4.816	105.219	105.219
Á verðlagi ársins											
1969											
1974	374	47	175	10	605	215	315	505	-114	492	530
1975	346	50	160	12	568	220	276	512	76	492	509
1976	361	53	154	-8	561	246	267	540	-46	515	550
1977	405	54	173	6	637	271	321	587	-76	561	616
Á verðlagi ársins											
1980											
1977	8.305	1.460	3.529	215	13.509	4.572	5.164	12.917	-909	12.600	13.212
1978	9.067	1.537	3.346	-131	13.819	5.265	5.352	13.732	-473	13.346	13.992
1979	9.333	1.617	3.322	2	14.274	5.595	5.484	14.385	-257	14.017	14.174
1980	9.658	1.682	3.639	103	15.082	5.746	5.648	15.180	-313	14.769	14.769
1980 <sup>3)</sup>	8.858	2.542	3.927	80	15.407	5.746	5.648	15.505	-313	15.094	15.094
1981	9.274	2.725	3.965	170	16.134	5.825	6.056	15.903	-726	15.408	15.456
1982	9.404	2.876	3.945	357	16.582	5.261	5.988	15.855	-1.307	15.275	15.286
1983	8.623	3.033	3.461	-207	14.910	5.802	5.648	15.064	-503	14.407	14.644
1984	8.882	3.036	3.731	122	15.771	5.976	6.174	15.573	-964	14.807	15.054
1985 <sup>4)</sup>	9.326	3.173	3.730	-32	16.197	6.631	6.775	16.053	-980	15.217	15.550
Magnaukning frá fyrra ári í %											
1974	9,7	6,3	10,3	.	12,0	-0,8	12,9	5,7	.	5,2	2,8
1975	-7,3	4,9	-8,7	.	-6,2	2,6	-12,3	1,4	.	0,0	-3,8
1976	4,3	6,8	-3,2	.	-1,2	11,6	-3,5	5,5	.	4,7	8,0
1977	12,1	1,1	11,7	.	13,5	10,2	20,2	8,7	.	9,0	11,9
1978	9,2	5,3	-5,2	.	2,3	15,2	3,6	6,3	.	5,9	5,9
1979	2,9	5,2	-0,7	.	3,3	6,3	2,5	4,8	.	5,0	1,3
1980	3,5	4,0	9,5	.	5,7	2,7	3,0	5,5	.	5,4	4,2
1981	4,7	7,2	1,0	.	4,7	1,4	7,2	2,6	.	2,1	2,4
1982	1,4	5,5	-0,5	.	2,8	-9,7	-1,1	-0,6	.	-0,9	-1,1
1983	-8,3	5,5	-12,3	.	-10,1	10,3	-5,7	-5,0	.	-5,7	-4,2
1984	3,0	0,1	7,8	.	5,8	3,0	9,3	3,4	.	2,8	2,8
1985 <sup>4)</sup>	5,0	4,5	0,0	.	2,7	11,0	9,7	3,1	.	2,8	3,3

<sup>1)</sup> Útflutningur vöru og þjónustu mínus innflutningur vöru og þjónustu að viðbættum þáttatekjum frá útlöndum nettó (aðallega nettó vaxtagreiddslur af erlendum lánum).

<sup>2)</sup> Sama og verg þjóðarframleiðsla á verðlagi hvers árs, en á föstu verðlagi munar áhrifum viðskiptakjarabreytinga.

<sup>3)</sup> Frá og með 1980 eru þjóðhagsreikningar gerðir upp samkvæmt þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna frá 1968 (SNA), en fyrir þann tíma er notað eldra kerfi, þannig að talmárin eru rofnar.

<sup>4)</sup> Bráðabirgðatölur.

1. tafla, frh. Þjóðarframleiðsla og verðmætarádstöfun.

Verðhækkanir frá fyrra ári í %	Einka- neysla	Sam- neysla	Fjármuna- myndun	Verðmæta- rádstöfun alls	Útflutn. vöru og þjónusta	Innflutn. vöru og þjónusta	Verg þjóðar- framleiðsla
1972 . . . . .	14,3	21,7	20,2	17,2	6,4	5,4	17,8
1973 . . . . .	25,4	25,6	24,7	25,3	31,3	20,9	31,1
1974 . . . . .	43,0	48,8	42,4	42,9	29,8	41,3	41,1
1975 . . . . .	49,0	33,8	53,7	48,3	47,3	55,5	39,5
1976 . . . . .	30,0	27,4	26,0	30,3	30,8	26,7	34,4
1977 . . . . .	31,1	42,4	25,0	30,5	24,9	18,6	35,3
1978 . . . . .	43,9	53,2	46,0	46,0	49,4	48,9	46,3
1979 . . . . .	47,0	44,4	45,1	45,9	44,5	58,1	40,3
1980 . . . . .	56,1	52,3	52,9	54,6	46,9	51,0	52,8
1981 . . . . .	50,5	47,7	49,4	49,9	49,8	47,6	50,2
1982 . . . . .	54,0	55,0	56,8	55,2	61,4	62,2	54,4
1983 . . . . .	81,5	66,1	74,1	75,6	93,1	90,3	78,4
1984 . . . . .	29,0	22,4	19,0	26,0	23,0	20,5	25,7
1985 <sup>1)</sup> . . . . .	32,4	35,9	31,0	32,1	30,9	32,0	33,0

<sup>1)</sup> Bráðabirgdatölur.  
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

2. tafla. Framlag atvinnugreina til landsframleiðslunnar.  
(Hlutfallstölur)

	Bráðab.- tölur								
	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984
Landbúnaður og vinnsla landbúnaðarvara . . . . .	6,2	6,9	7,6	6,9	7,0	7,1	7,3	7,4	7,3
Fiskveiðar . . . . .	7,4	8,8	8,9	9,5	8,5	7,9	6,0	5,8	6,2
Fiskvinnsla . . . . .	8,2	8,6	9,0	10,6	11,0	10,8	10,0	9,5	10,2
Iðnaður . . . . .	13,4	13,6	13,4	14,9	14,4	13,2	14,4	15,1	15,5
Rekstur rafmagns-, hita- og vatnsveitna . . . . .	3,8	3,5	3,5	3,9	4,5	4,1	4,7	5,0	5,0
Byggingarstarfsemi . . . . .	11,8	11,0	10,3	9,0	9,1	9,4	10,7	9,8	9,8
Verslun, veitinga- og hótélrekstur . . . . .	11,3	10,7	11,1	12,3	12,7	12,9	13,1	12,5	12,4
Samgöngur . . . . .	10,5	9,4	9,5	7,9	8,2	9,1	9,2	8,9	8,9
Opinber umsýsla og ýmis þjónustustarfsemi . . . . .	33,2	33,8	35,3	36,6	35,2	34,6	38,4	39,7	38,5
Annað nettó <sup>1)</sup> . . . . .	-5,8	-6,3	-8,6	-11,6	-10,6	-9,1	-13,8	-13,7	-13,8
Samtals . . . . .	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

<sup>1)</sup> Þar með talin reiknuð bankþjónusta og endurmat birgða.  
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

3. tafla. Þjóðarauðurinn.

Árslök	Verðlag hvers árs í milljónum króna				Verðlag ársins 1969 í milljónum króna				Þjóðarauður alls magnvísitala 1945 = 100
	Þjóðar- auður alls	Atvinnu- vegirnir	Byggingar og mannvirki hins opinb.	Einkafjár- munir	Þjóðar- auður alls	Atvinnu- vegirnir	Byggingar og mannvirki hins opinb.	Einkafjár- munir	
1972	2.238	732	710	796	1.481	522	456	504	377
1973	2.973	997	934	1.042	1.577	562	478	537	402
1974	4.675	1.525	1.486	1.663	1.701	614	511	576	433
1975	7.410	2.433	2.433	2.545	1.783	644	550	589	454
1976	9.660	3.139	3.260	3.261	1.858	658	595	605	473
1977	13.066	4.132	4.556	4.378	1.961	696	630	634	499
1978	19.931	6.300	6.967	6.664	2.037	728	655	654	519
1979	30.039	9.382	10.569	10.088	2.120	758	681	682	540
1980	48.125	14.795	17.218	16.112	2.214	793	716	705	564
1981	75.447	23.045	27.164	25.238	2.317	831	754	732	590
1982	122.367	37.459	44.493	40.415	2.408	866	784	758	613
1983	219.506	67.800	80.483	71.223	2.456	884	805	767	625
1984	272.569	84.994	97.406	90.169	2.531	912	824	795	644

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

4. tafla. Fjármunamyndun.

Í millj. kr.	Á verðlagi hvers árs							
	1978	1979	1980 <sup>2)</sup>	1981	1982	1983	1984	1985 <sup>1)</sup>
1 Fjármunamyndun alls . . . . .	1.508	2.173	3.927	5.929	9.251	14.127	18.122	23.730
2 Atvinnuvegir . . . . .	665	946	1.567	2.396	3.775	5.888	7.911	11.900
21 Landbúnaður . . . . .	92	117	183	212	409	621	978	1.550
22 Fiskveiðar . . . . .	107	167	217	376	518	781	839	910
23 Vinnsla sjávarafurða . . . . .	64	104	148	222	360	521	785	1.135
24 Álverksmiðjan . . . . .	8	50	77	155	37	22	27	75
25 Járblendiverksmiðjan . . . . .	79	78	70	20	6	9	23	43
26 Annar iðn. (en 24, 25) . . . . .	102	161	260	393	755	1.233	1.970	2.765
27 Flutningatæki . . . . .	77	99	283	470	593	832	790	1.734
28 Verslun, skrifst., veitinga- hús o.fl. . . . .	82	99	176	308	613	1.084	1.219	1.803
29 Ýmsar vélar og tæki . . . . .	54	71	153	240	484	785	1.280	1.885
3 Íbúðarhús . . . . .	342	494	964	1.317	2.251	3.495	4.714	5.276
4 Byggingar og mannvirki hins opinbera . . . . .	501	733	1.396	2.216	3.225	4.744	5.497	6.554
41 Rafvirkjanir og rafveitur . . . . .	153	236	507	797	1.159	1.510	1.550	1.200
42 Híta- og vatnsveitur . . . . .	91	140	267	370	330	375	570	800
43 Samgöngumannvirki . . . . .	159	227	403	649	1.061	1.764	2.229	3.004
44 Byggingar hins opinbera . . . . .	98	130	219	400	675	1.095	1.148	1.550
Fjármunamyndun, % af VÞF . . . . .	24,2	23,6	26,0	25,6	26,1	23,7	23,5	22,6
Innl. sparnaður, % af VÞF . . . . .	25,0	23,1	24,5	22,3	19,9	19,8	19,2	17,4
Fjármögnun af erl. uppruna, % af VÞF . . . . .	-1,3	-0,7	-2,1	-4,4	-8,8	-2,1	-5,4	-4,6

Í millj. kr.	Á verðlagi ársins 1980							
	1978	1979	1980 <sup>2)</sup>	1981	1982	1983	1984	1985 <sup>1)</sup>
1 Fjármunamyndun alls . . . . .	3.346	3.322	3.927	3.965	3.945	3.461	3.731	3.730
2 Atvinnuvegir . . . . .	1.427	1.419	1.567	1.617	1.627	1.443	1.643	1.907
21 Landbúnaður . . . . .	197	174	183	142	174	149	207	257
22 Fiskveiðar . . . . .	228	246	217	256	226	196	173	147
23 Vinnsla sjávarafurða . . . . .	135	155	148	152	157	131	161	177
24 Álverksmiðjan . . . . .	17	74	77	105	16	5	5	11
25 Járblendiverksmiðjan . . . . .	170	118	70	14	3	2	5	7
26 Annar iðnaður (en 24, 25) . . . . .	220	244	260	267	325	301	392	417
27 Flutningatæki . . . . .	155	148	283	312	254	191	150	246
28 Verslun, skrifst., veitinga- hús o.fl. . . . .	187	154	176	204	260	269	247	276
29 Ýmsar vélar og tæki . . . . .	118	106	153	165	212	199	303	369
3 Íbúðarhús . . . . .	784	768	964	870	952	865	955	809
4 Byggingar og mannvirki hins opinbera . . . . .	1.135	1.135	1.396	1.478	1.366	1.153	1.133	1.014
41 Rafvirkjanir og rafveitur . . . . .	341	361	507	537	497	366	311	183
42 Híta- og vatnsveitur . . . . .	208	218	267	245	140	93	115	123
43 Samgöngumannvirki . . . . .	362	354	403	432	444	423	474	470
44 Byggingar hins opinbera . . . . .	224	202	219	264	285	271	233	238

<sup>1)</sup> Bráðabirgðatölur. <sup>2)</sup> Tölur frá og með 1980 eru byggðar á nýju uppgjöri þjóðhagsreikninga og ekki fyllilega sambærilegar við fyrri tölur. Fjármunamyndunin 1980 skv. eldra uppgjöri mælist 7,9% lægri. Heimild: Þjóðhagsstofnun.



5. tafla. Vísitölur verðlags.

	Vísitala framfærslukostnaðar 1. janúar 1968 = 100					Vísitala vöru og þjónustu 1. janúar 1968 = 100				
	1. febr.	1. maí	1. ágúst	1. nóv.	Meðaltal	1. febr.	1. maí	1. ágúst	1. nóv.	Meðaltal
1974 . . . . .	242	289	297	342	298,3	268	320	321	378	328,8
1975 . . . . .	372	426	459	491	444,4	411	468	512	552	494,0
1976 . . . . .	507	566	605	645	587,3	567	631	679	727	659,7
1977 . . . . .	682	731	766	840	766,2	771	816	859	945	860,7
1978 . . . . .	936	1.044	1.162	1.234	1.103,9	1.060	1.167	1.307	1.392	1.241,7
1979 . . . . .	1.292	1.452	1.649	1.911	1.605,7	1.459	1.618	1.855	2.167	1.809,4
1980 . . . . .	2.085	2.361	2.600	2.883	2.545,8	2.373	2.643	2.927	3.265	2.876,2
1981 . . . . .	3.295	3.559	3.879	4.264	3.840,7	3.761	3.972	4.355	4.815	4.330,3
1982 . . . . .	4.678	5.186	5.798	6.813	5.800,2	5.306	5.778	6.509	7.721	6.544,5
1983 . . . . .	7.845	9.679	11.755	12.544	10.688,3	8.966	10.876	13.382	14.327	12.155,5
1984 . . . . .	12.873	13.315	13.967	14.391	13.806,1	14.715	15.248	16.017	16.513	15.842,8
1985 . . . . .	16.282	17.362	18.653	19.994	18.275,8	18.740	19.955	21.423	22.997	21.015,9
1986 . . . . .	21.596					24.809				
1984 <sup>1)</sup> . . . . .	100	103	108	112	107,2	100	104	109	112	107,7
1985 . . . . .	126	135	145	155	142,0	127	136	146	156	142,8
1986 . . . . .	168					169				

Vísitala byggingarkostnaðar

1. október 1975 = 100 <sup>2)</sup>					1. janúar 1983 = 100 <sup>3)</sup>				
					1. jan.	1. apríl	1. júlí	1. okt.	Meðaltal
1970 . . . . .	23,4	1978 . . . . .	217	1979 . . . . .	17,4	18,9	20,9	24,0	21,5
1971 . . . . .	26,9	1979 . . . . .	318	1980 . . . . .	26,9	29,4	33,1	36,4	33,3
1972 . . . . .	31,9	1980 . . . . .	494	1981 . . . . .	42,2	46,0	49,9	54,7	50,6
1973 . . . . .	39,7	1981 . . . . .	750	1982 . . . . .	61,3	68,5	76,9	89,8	79,0
1974 . . . . .	58,3	1982 . . . . .	1.170	1983 . . . . .	100	120	140	149	134
1975 . . . . .	86,7	1983 . . . . .	1.991	1984 . . . . .	155	158	164	168	164
1976 . . . . .	112	1984 . . . . .	2.430	1985 . . . . .	185	200	216	229	216
1977 . . . . .	146	1985 . . . . .	3.195	1986 . . . . .	250	265			

Lánskjarvísitala. 1. júní 1979 = 100<sup>4)</sup>

